
Kári Steinn
**HLEYPUR MARAÞON FYRIR FRÆNKUR SÍNAR**
▶54


Gylfi Þór Sigurðsson
**STÆRRA HLUTVERK Á NÝRRI LEIKTÍÐ**
▶28

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
17. ágúst 2013
192. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



# Svo gerðist eitthvað og ég gekk út úr hringnum

**Pálmi Gunnarsson, einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar, sendir frá sér bók og safnplötu í haust, auk þess að koma fram á stórtónleikum í Hörpu. Hann barðist lengi við Bakkus en hefur verið edrú í næstum tvo áratugi.** ▶ 24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HETJA MINNIST PABBA**
Selma Lind Árnadóttir missti pabba sinn úr krabbameini í nóvember. ▶ 36


Ragnheiður Harpa Leifsdóttir
**DRÍFUR FJÖLSKYLDUNA Á LEIKSVIÐ** ▶ 20

**AÐSTOÐARRITSTJÓRI COSTUME**
Þóra Valdimarsdóttir starfar sem aðstoðar-tískuritstjóri hjá danska tískuritinu Costume.
▶ 66






ÚTSALA!
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
AÐEINS ÓDÝRARI

LYFJA
- Lifið heil
Ný og glæsileg Lyfja við Nýbýlaveg
Opnunartilboð 14.-19. ágúst
25-50% afsláttur af völdum vörum.
www.lyfja.is



Vertu klár í skólann
Opið til 18
Smáralind



**ÚTLÁN ÍLS DRAGAST ÁFRAM SAMAN 6**
Almenn útlán Íbúðalánasjóðs á fyrstu sjö mánuðum ársins eru fjórðungi minni en á sama tíma í fyrra.

**ÍTREKAÐIR LÖGBRJÓTAR 8**
Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna njósnaði ólöglega um almenning ítrekað um fimm ára skeið.

**DEILT UM SKAÐLEG ÁHRIF LAXELDIS 12**
Sérfræðingur í laxeldi dregur niðurstöður nýrrar rannsóknar í efa. Hættan sem villtum laxi stafi af eldislaxi sé hverfandi.



„Sumir nefndarmanna virðast þó sérvaldir í hópinn vegna skoðana sinna.“ 4

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir skipun sérfræðingahópa um skuldavandann.

## SKOÐUN 16→18

**IPA-STYRKIR OG ÓSTYRK UTANRÍKISPÓLITÍK 16**
Þorsteinn Pálsson segir forsætisáðherra minnka sjálfan sig og rýra orðspor landsins þegar hann líkir IPA-styrkjum við mútur.

**PÓLITÍSK AÐFÖR 18**
Rammaáætlun er ónýt gangi áform iðnaðar- og umhverfisráðherra eftir, skrifar Svandís Svavarsdóttir.



## HELGIN 20→38

**MARGT BÝR Í TÓMINU 20**
Verkið Tómið – fjölskyldusýning er meðal atriða á leiklistarhátíðinni Lókal í lok þessa mánaðar. Ragnheiður Harpa Leifsdóttir stendur fyrir henni í Iðnó 28. ágúst og fær með sér foreldra og systkini.

**HJÁLPAR MÉR AÐ KÍKJA TIL BAKA 24**
Pálmi Gunnarsson sendir frá sér bók og safnplötu í haust auk þess að koma fram á stórtónleikum í Hörpu. Hann barðist lengi við Bakkus en hefur verið edrú í næstum tvo áratugi.

**KENNIR Á ÍSLANDI 26**
Hinn heimsfrægi ljósmyndari Mary Ellen Mark er stödd á landinu.

**STÆRRA HLUTVERK Á NÝRRI LEIKTÍÐ 28**
Gylfi Þór Sigurðsson verður í stærra hlutverki hjá stórliði Tottenham í enska boltanum í vetur. Fréttablaðið ræðir við hann um enska boltann og væntingar hans fyrir tímabilið sem er í þann mund að hefjast.





**ER TÍSKAN PÓLITÍSK? 32**
Nú til dags blandar millistéttin gjarnan saman hátískuvöru og notuðum fötum til að aðgreina sig með sýnilegum hætti.

**SVONA ER SUMARIÐ 34**
Sumarið í Reykjavík hefur verið votviðrasamt en sólin gægist þó út úr skýjunum við og við.

## MENNING 48→66

**UNDIRBÚA BEIKONHÁTÍÐ 52**
Undirbúningur er í fullum gangi fyrir Reykjavík Bacon Festival sem verður haldin á Skólavörðustíg 7. september í þriðja sinn.

**Á LJÓÐAHÁTÍÐ Í BOÐI NUBOS 66**
Skáldin Gerður Kristný og Kristín Eiríksdóttir fara fyrir hönd Íslands á ljóðahátíð í Finnmörku í boði Huangs Nubo.



## SPORT 58→60

**ENSKI BOLTINN AÐ BYRJA 58**
Það er mikil pressa á arftaka Sir Alex Ferguson, David Moyes, áður en tímabilið hefst.

**BIKARINN ER BLÁR Í ÁR 60**
Úrslitaleikur karla í bikarkeppni KSÍ fer fram í dag. Fram og Stjarnan mætast.



Upledger á Íslandi

Hlíðarási 5, 270 Mofellsbær - s. 8630610
erla@upledger.is - www.upledger.is

**Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 07. september 2013**

**Kennt er um helgi og eftirmiðdaga**

**Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari. Önnin kostar 120.000kr, hægt er að skipta greiðslunni**

Á fyrstu önninni eru kennd grunnatriði meðferðarinnar. Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem ersérstaklega hannað og hugsað til að þjálfa færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.

Kennari er Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.

**Orkuvinnunámskeið** verður haldið 08. til 10. nóvember. Verð 45.000kr.

Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma **8630610** eða **erla@upledger.is. www.upledger.is**

Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari

# FIMM Í FRÉTTUM UMDEILD UMMÆLI OG FLUGELDASÝNING



**Gylfi Ægisson** bakaði sér óvinsældir með því að frábiðja sér að þurfa að horfa upp á ástaratlot samkynhneigðra á almannafæri.



**Vigdís Hauksdóttir** þótti hafa farið heldur geyst í ummælum sínum um Ríkisútvarpið, þegar hún minnti á setu sína í hagræðingarhópi stjórnvalda samhliða gagnrýni á fréttaflutning.



**Jón Arnór Stefánsson** fór hamförum með landsliði Íslands í körfubolta sem tapaði naumlega fyrir Búlgörum. Hann skoraði 32 stig, tók sjö fráköst og stal fjórum boltum.



Jarðfræðingurinn **Sveinn Jakobsson** hefur rannsakað Surtsey í hálfa öld. Hann hélt í vikunni fyrirlestur um rannsóknir sínar á alþjóðlegri vísindaráðstefnu.



➜ Danshöfundurinn **Sigríður Soffía Níelsdóttir** er listrænn stjórnandi flugeldasýningarinnar á menningarnótt þetta árið. Dansverk fyrir þrjú tonn af flugeldum, er sýningin kölluð.



**GÁLGAHRAUN** Framkvæmdir eru hafnar á Álftanesi, við mismikla ánægju fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# „Það var ekki lengur hægt að tefja verkið.“

Framkvæmdir eru hafnar vegna vegagerðar í gegnum Gálgahraun á Álftanesi. Vegamálastjóri segir ekki vera eftir neinu að bíða, en náttúruverndarsamtökin Hraunavinir telja að rétt hefði verið að bíða eftir niðurstöðu í dómsmáli fyrst.

**SKIPULAGSMÁL** Íslenskir aðalverktakar hafa nú að undirlagi Vegagerðarinnar hafið framkvæmdir við Gálgahraun á Álftanesi í því skyni að byggja veg í gegnum hraunið.

„Það var löngu búið að ganga frá þessu verki, bæði útboði og skipulagi, og fara í gegnum kæruferli hvað eftir annað. Það er ekki lengur hægt að tefja verkið,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri í samtali við Fréttablaðið.

Náttúruverndarsamtökin Hraunavinir segjast undrandi á því að framkvæmdir séu hafnar, enda hafi dómsmál vegna ágreinings um vegaframkvæmdirnar ekki verið leitt til lykta.

„Við höfum verið að ráða ráðum okkar um næstu skref,“ segir Gunnsteinn Ólafsson, einn forsvarsmanna Hraunavina.

„Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það er búið að stefna vegamálastjóra og við erum hissa á því að það skuli ekki vera beðið eftir því að dómur falli í því máli,“ bætir hann við.

Gunnsteinn telur Vegagerðina fara of geyst í framkvæmdirnar. „Menn hljóta að spyrja sig að því af hverju þeir vilja ekki bíða,“ segir hann.



**Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti.**

*Gunnsteinn Ólafsson, einn forsvarsmanna Hraunavina*

johanness@frettabladid.is

Blaðamaður Reykjavík Grapevine fór í kampavínsklúbb:

# Segist hafa fengið einkadans

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta hljómar eins og einkadans og það eru skýrar reglur um það. Slíkt er bannað og flokkast undir vændi,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og formaður velferðarráðs, um grein sem birtist í Reykjavík Grapevine í gær. Þar skrifaði blaðamaðurinn Tómas Gabríel Benjamin um reynslu sína þegar hann fór á kampavínsklúbbinn VIP Club í Austurstræti í miðborg Reykjavíkur.

Í greininni kemur fram að blaðamaðurinn hafi greitt starfskonu á staðnum tuttugu þúsund krónur fyrir einkadans. Málið vakti mikla athygli þegar Fréttablaðið greindi fyrst frá því í sumar. Meðal annars stefndu eigendur staðanna Björk fyrir ummæli sín.

„Maður hefði haldið að þeir hefðu hægt um sig, allavega á meðan verið væri að undirbúa málsókn,“ segir Björk.

Í samtali við blaðamanninn á Grapevine kom fram að hann hefði gert lögreglu viðvart um málið og haft samband við borgarfulltrúa.

- vg




**VIP CLUB Í AUSTURSTRÆTI** Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar segir lýsingu blaðamannsins benda til þess að á staðnum sé stundað vændi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


NÝTT KORTATÍMABIL
SKÓLADAGAR
OPIÐ 10-18 Í DAG
Nú er skólastemning í Kringlunni. Allt sem þarf fyrir skólann á einum stað.
Munið Afsláttar-heftið sem er stútfullt af flottum skólatilboðum.
Afsláttarheftið má nálgast á þjónustuborði Kringlunnar.
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
Opið sunnudag 13–18

## 11.08.2013 → 16.08.2013

**83%**

Hlutabréf í Icelandair hafa hækkað um 83 prósent frá áramótum.



**20.000 kr**

Stígamót opnuðu í vikunni Kampavínsklúbb á Hverfisgötunni þar sem boðið var upp á að kaupa tíu mínútna einkaskemmtiatriði fyrir tuttugu þúsund krónur og fá frítt kampavín á meðan á atriðum stóð.

**26 ÞÚSUND MANNS** heimsóttu Dalvík á Fiskidaginn mikla sem haldinn var í bæjarfélaginu um síðustu helgi.



**70 ÞÚSUND MANNS**

komu saman til þess að berjast fyrir auknum réttindum samkynhneigðra í hinni árlegu gleðigöngu á laugardaginn fyrir viku.



**1.000.000**

Yfir milljón tonn af makríl mælast í íslenskri lögsögu þriðja árið í röð.






**12**

Ný fatalína söngdívunnar Rihönnu kemur í búðir 12. september næstkomandi.



**SJALDGÆFUR GESTUR** Rostungurinn gladdi ferðafólk á sandinum. MYND/JÓN PÁLL VILHELMSSON

Rostungur við Jökulsárlón:

## Kærði sig kollóttan um fólkið

**NÁTTÚRA** Ferðafólki við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi til ómældrar gleði skreið þar á land stór rostungur í gær. Hann lét sér í léttu rúmi liggja þótt að honum hópaðist stór hópur fólks.

Jón Páll Vilhelmsson ljósmyndari var við lónið og segir að nokkuð hafi verið af dýrinu dregið. Það hafi hins vegar verið gríðarstórt, og án ábyrgðar giskaði á að það hafi verið nálægt þrír metrar á lengd. Ef reynist rétt er um brimil að ræða sem getur vegið allt að því tonn.

Rostungar eru sjaldgæfir flækingar við Íslandsstrendur. Jón Páll sagði dýrið hafa glatt erlenda ferðamenn við lónið sem hafi þó ekki gert sér grein fyrir því að Íslendingarnir á sandinum voru líklega allir að sjá þetta tigna dýr í fyrsta sinn – rétt eins og þeir. - shá

**SJÁVARÚTVEGSMÁL**

### Nýjar reglur sagðar lögbrot

Hafin er vinna í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu við gerð frumvarps um stjórnun veiða á úthafsrækju. Þar verður kveðið á um nýjar reglur um úthlutun aflahlutdeilda. Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, segir á heimasíðu LÍÚ að samkvæmt lögum beri ráðherra að úthluta aflamarki samkvæmt núgildandi aflahlutdeildum. Annað sé skýrt lögbrot.

# Segir pólitískar skoðanir ráða för við skipun sérfræðihópa

**Formenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gagnrýna að ekki hafi verið haft samráð við stjórnarandstöðuna við skipun sérfræðihópa um skuldavandann. Forsætisráðherra vongóður um raunhæfar tillögur fáist.**

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, er harðorður í garð nýrra sérfræðingahópa sem skipaðir voru af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra í gær.

Á Facebook-síðu sinni, segir Árni Páll meðal annars, að sumir nefndarmannanna virðist sérvaldir í hópinn vegna skoðana sinna frekar en sérfræðiþekkingar. „Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra, ef ætlunin er að skoða mál með opnum huga.“

Árni Páll vekur athygli á því að ríkisstjórnarflokkarnir hafi skipað sérfræðihópa án aðkomu háskólasamfélagsins, vinnumarkaðar og stjórnarandstöðuflokka, en hafi þó sjálfir gagnrýnt fyrri stjórnarflokka fyrir skort á samráði og virðingu fyrir háskólasamfélaginu.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra skipaði í gær fjórtán sérfræðinga í tvo hópa sem eiga að takast á við skuldavanda heimilanna. Annar hópurinn fær það verkefni að skila tillögum um mögulega höfuðstólsleiðréttingu á húsnæðislánum og fara yfir kosti og galla við að stofna svokallaðan leiðréttingarsjóð sem á að nýta í niðurfellingu lána. Hinn hópurinn á að fara yfir hvernig megi afnema verðtryggingu á neytendalánum.

Hóparnir eiga að skila af sér tillögum í nóvember og er forsætisráðherra vongóður um að raunhæfar tillögur fáist innan tólf vikna. „Undanfarnar vikur og mánuðir hafa verið nýttir til undirbúnings. Það liggja fyrir tugir blaðsíðna af útreikningum, gögnum og hugmyndum sem munu nýtast þessum hópum vel,“ segir Sigmundur, en



> **Sumir nefndarmanna virðast þó sérvaldir í hópinn vegna skoðana sinna – sumsé að ein niðurstaða sé betri en önnur – frekar en vegna sérfræðiþekkingar.**
>
> *Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar*

þar er hann meðal annars að vitna í útreikninga Sigurðar Hannessonar, sem er formaður hóps um skuldaleiðréttingu.

Ingibjörg Ingvadóttir, formaður hóps um afnám verðtryggingar, er spennt fyrir að takast á við nýtt verkefni og segir jafnframt að viðfangsefnið sé stórt og flókið. „Hópurinn ætlar nú að einhenda sér í að vinna verkefnið rösklega og hella sér í það að afla sér frekari upplýsinga en einnig að fara yfir efni sem nú þegar er tilbúið.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, tekur undir með Árna Páli og þykir miður að ekki hafi verið haft samráð við stjórnarandstöðuflokkana við skipan í hópana. „Ég hefði viljað að það hefði verið haft samráð við alla flokka á þingi um val á einstaklingum, sem var búið að boða, til að mynda í stjórnarsáttmálanum.“

lovisa@frettabladid.is
thorbjorn@stod2.is

## Sérfræðingahópar



**UM AFNÁM VERÐTRYGGINGAR**

**Ingibjörg Ingvadóttir**
*héraðsdómslögmaður*

***Hún er lektor við Háskólann á Bifröst og situr í bankaráði Seðlabanka Íslands sem fulltrúi Framsóknarflokksins. Ingibjörg er formaður hópsins.***

**AÐRIR HÓPNUM**

**Hafdís Ólafsdóttir**
*lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti*
**Iða Brá Benediktsdóttir**
*viðskiptafræðingur*
**Sigrún Ólafsdóttir**
*alþjóðaviðskiptafræðingur í forsætisráðuneyti*
**Tómas Brynjólfsson**
*hagfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti*
**Valdimar Ármann**
*hagfræðingur/fjármálaverkfræðingur*
**Vilhjálmur Birgisson**
*formaður Verkalýðsfélags Akraness*



**SKULDALEIÐRÉTTING HEIMILANNA**

**Dr. Sigurður Hannesson**
*doktor í stærðfræði frá Oxford-háskóla*

***Hann er jafnframt vinur og ráðgjafi Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra og hefur komið að útreikningum um skuldaleiðréttingu heimilanna. Sigurður er formaður hópsins.***

**AÐRIR Í HÓPNUM**

**Dr. Arnar Bjarnason**
*hagfræðingur*
**Einar Hugi Bjarnason**
*hæstaréttarlögmaður*
**Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir**
*héraðsdómslögmaður*
**Lilja Alfreðsdóttir**
*alþjóðahagfræðingur*
**Sigrún Ólafsdóttir**
*alþjóðaviðskiptafræðingur í forsætisráðuneytinu*
**Sigurður Guðmundsson**
*skipulagsfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu*



**GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR**
**SKÓLASETNING HAUSTIÐ 2013**

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir fimmtudaginn 22. ágúst.
Nánari upplýsingar um hvenær nemendur í 2. – 10. bekk eiga að mæta svo og 1. bekkingar eru á heimasíðum skólanna. Þar eru einnig frekari upplýsingar um upphaf almennrar kennslu og innkaupalistar.
Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111, 411 7007 og á www.skolarogfristund.is

Reykjavíkurborg
Skóla - og frístundasvið

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Yfirleitt fremur hægur vindur.




**Mánudagur**
Víða 5-10 m/s, hvassara SA-til.

**KÓLNAR** Í dag léttir til suðvestantil en þykknar upp með smá vætu NA-lands. Á morgun snýst vindur á ný í suðvestlæga átt og á mánudaginn eru horfur á rigningu eða skúrum sunnan- og vestanlands en þá léttir til norðan- og austantil.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 28° | Friedrichshafen | 26° | Las Palmas | 29° | New York | 26° | París | 27° |
| Aþena | 31° | Billund | 22° | Gautaborg | 21° | London | 21° | Orlando | 32° | San Francisco | 20° |
| Basel | 30° | Frankfurt | 28° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 31° | Ósló | 22° | Stokkhólmur | 21° |

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*






**Hlaupastyrkur.is**

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali eða heitið á aðra.

Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

**Við kynnum Maraþonmanninn**

Fylgstu með Pétri Jóhanni Sigfússyni búa sig undir að hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.

Vertu vinur:
Facebook.com/marathonmadurinn

REYKJAVÍKUR MARAÞON 30ÁRA ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 16 ár

Íslandsbanki

Ók undir áhrifum fíkniefna:

# Tíu mánuðir fyrir dópakstur

**DÓMSMÁL** Karlmaður var dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna í mars síðastliðnum. Maðurinn hefur tíu sinnum hlotið dóma fyrir ýmis hegningarlaga-, fíkniefnalaga- og umferðarlagabrot frá árinu 2004. Maðurinn var á skilorði eftir að hafa brotið af sér árið 2012 en með þessu broti var maðurinn dæmdur til þess að afplána eftirstöðvar refsingar og sviptur ökuréttindum ævilangt. - vg

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra telur faglegum sjónarmiðum hafa verið ýtt til hliðar í Norðlingaöldu:

# Segir pólitísk afskipti lita rammaáætlun

**VIRKJANAMÁL** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær að pólitísk afskipti hefðu ráðið því að Norðlingaölduveita væri nú í verndarflokki.

„Norðlingaölduveitan er í verndarflokki í rammaáætlun. Það var hins vegar ekki endilega á grundvelli þeirrar vinnu sem sérfræðingar og verkefnisstjórn rammaáætlunar vann heldur var það pólitísk ákvörðun tekin af Alþingi í krafti síðasta meirihluta,“ segir Ragnheiður Elín.

Þetta kemur einnig fram í yfirlýsingu sem Samorka sendi frá sér á miðvikudaginn, en þar segir meðal annars að Norðlingaölduveitu hafi verið raðað fyrir ofan miðju frá sjónarhorni nýtingar, eða númer þrjátíu af 69 kostum.

Í yfirlýsingunni segir einnig: „Fyrrgreind niðurstaða Alþingis varðandi þennan orkukost varð því ekki á grundvelli vinnu sérfræðinga rammaáætlunar, ekki fremur en gildir raunar um marga aðra kosti. Ætla mætti að honum hefði verið raðað í nýtingarflokk, e.t.v. í biðflokk, ef Alþingi hefði fylgt niðurstöðum verkefnisstjórnar.“

Ragnheiður Elín segir að það standi ekki til að færa eldri tillögu um virkjun í Norðlingaölduveitu á milli flokka heldur verði þá lögð fram ný tillaga, í samræmi við nýjar hugmyndir Landsvirkjunar.

Hún segir að ný tillaga muni þurfa að fara í gegnum nýtt umhverfismat og þurfa að uppfylla önnur skilyrði sem gerð eru til hugsanlegra virkjanakosta.

johanness@frettabladid.is



**NORÐLINGAALDA** Eldri tillaga Landsvirkjunar er í verndunarflokki í rammaáætlun. MYND/LANDSVIRKJUN.


Allir iðkendur sem æfðu hjá Gerplu í fyrra þurfa að staðfesta áframhaldandi æfingar fyrir 19. ágúst.

Skráningin fer fram á skráningarsíðu félagsins gerpla.felog.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.gerpla.is

Vetrarstarfsemi félagsins hefst skv stundaskrá 25. ágúst

*Stjórn Gerplu*



ALÞJÓÐA SKÓLINN á Íslandi

Global Citizens Made at ISI

Allar upplýsingar varðandi skólabyrjun er að finna á heimasíðu skólans: **www.internationalschool.is**

Information regarding the start of the school year can be found on our website: **www.internationalschool.is**

Alþjóðaskólinn á Íslandi / Lönguhlíð 8 / 210 Garðabæ
Sími 590-3106 / admin@internationalschool.is / www.internationalschool.is



NÁMSSTYRKIR

**fyrir þá sem átt hafa við geðræn veikindi að stríða og eru í eflingu eða endurhæfingu.**

Forvarna- og fræðslusjóðurinn ÞÚ GETUR! auglýsir eftir styrkþegum. Upplýsingar um gerð umsóknar eru á www.thugetur.is

Markmið ÞÚ GETUR! eru að efla geðheilsu með því að:

1) Styrkja þá til náms sem orðið hafa fyrir áföllum eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða.

2) Hvetja til eflingar þjónustu við geðsjúka á sviði fræðslu og forvarna.

3) Draga úr fordómum gegn geðsjúkdómum með umræðu og fræðslu.

Fjármögnun sjóðsins hefur verið með framlögum íslenskra tónlistarmanna sem hafa af örlæti gefið vinnu sína á árlegum styrktartónleikum.

Þeim sem vilja styrkja starf ÞÚ GETUR er bent á reikningsnúmerið 0336-26-1300 og kennitöluna 621008-0990.

Þú getur! Forvarna- og fræðslusjóður





# Útlán Íbúðalánasjóðs dragast áfram saman

Eignum Íbúðalánasjóðs hefur fjölgað um 16% frá áramótum. 2.109 af 2.578 eignum hefur verið ráðstafað. Almenn útlán sjóðsins fyrstu sjö mánuði ársins eru fjórðungi minni en á sama tíma í fyrra og helmingur útlána tímabilsins árið 2011.

**EFNAHAGSMÁL** Almenn útlán Íbúðalánasjóðs í júlí voru fimmtungi lægri en á sama tíma í fyrra, að því er lesa má úr nýrri mánaðarskýrslu sjóðsins. Þá kemur fram hjá Greiningu Íslandsbanka að útlánin séu fjórðungi minni fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tíma 2012 og innan við helmingur tímabilsins 2011.

Í mánaðarskýrslunni kemur fram að heildarútlán sjóðsins í síðasta mánuði hafi numið 1,1 milljarði króna. Þar af hafi 800 milljónir verið vegna almennra lána. Þá kemur fram að meðalfjárhæð almennra lána hafi í mánuðinum verið 10,2 milljónir króna.

Vanskil hjá sjóðnum lækka lítillega milli mánaða samkvæmt skýrslunni. Alls voru 8,95 prósent heimila sem eru með fasteignalán sín hjá Íbúðalánasjóði með lánin í vanskilum í lok júlí 2013. Þá kemur fram að vanskil eða frystingar nái samtals til 14,37 prósenta lánasafns sjóðsins. Hlutfallið var 15,97 prósent í fyrra.

Sömuleiðis kemur fram að í lok júlí hafi Íbúðalánasjóður átt að fullu 2.578 eignir um land allt og hafi þeim fjölgað um 35 frá fyrri mánuði. „Rétt rúmlega helmingur fasteigna sjóðsins var áður í eigu byggingaraðila, fyrirtækja í leiguíbúðarekstri eða annarra lögaðila, en tæpur helmingur eignanna var áður í eigu einstaklinga.“

Í umfjöllun Greiningar er bent á að í landinu öllu hafi í árslok 2011 verið ríflega 131 þúsund íbúðir. Því láti nærri að tvö prósent íbúða landsins séu nú komin í eigu Íbúðalánasjóðs. „Íbúðum í eigu sjóðsins fjölgaði um 350 frá áramótum til júlíloka, eða um tæplega 16 prósent.



**HJALLUR** Óíbúðarhæfum eignum Íbúðalánasjóðs hefur fækkað um eina milli mánaða, voru 284 í júlí. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Raunar er athyglisvert að vanskilahlutfallið hafi ekki lækkað meira í ljósi þessa,“ segir í þar.

Af þeim 2.578 eignum sem Íbúðalánasjóður átti í lok júlí hafi 2.109 eignum verið ráðstafað í útleigu, sölumeðferð eða annað. „Þá biðu 469 eignir frekari greiningar. Margar þeirra eru á svæðum þar sem nokkurt offramboð er af eignum til sölu og/eða leigu,“ segir í skýrslu sjóðsins. olikr@frettabladid.is

**350**

Frá áramótum til júlíloka fjölgaði íbúðum í eigu Íbúðalánasjóðs um 350, eða um sem nemur nærri 16%. Sjóðurinn er talinn eiga um 2% allra íbúða í landinu.

Raforkukostnaður heimila hefur aukist um allt land samkvæmt samantekt ASÍ:

# Orkubú Vestfjarða hækkar mest

**VIÐSKIPTI** Heildarkostnaður við raforku hjá heimilum landsins hefur hækkað um land allt síðastliðna tólf mánuði.

Fram kemur í samantekt hagdeildar Alþýðusambands Íslands að miðað við 4.000 kílóvattstunda notkun á ári sé hækkunin mest hjá viðskiptavinum Orkubús Vestfjarða í þéttbýli. „Heildarraforkukostnaður þeirra hefur hækkað um 6,6 prósent,“ segir á vef ASÍ. Minnst er hækkunin hjá heimilum á svæði Rarik þéttbýli/Orkusölunnar, 1,2 prósent.

Bent er á að hluta skýringarinnar á hækkuninni sé að finna í því að skattar á raforkusölu hafi hækkað um fimm prósent um síðustu áramót.

Raforkukostnaður heimila skiptist annars vegar í gjald fyrir rafmagnið og hins vegar kostnað við flutning og dreifingu. Sá kostnaður, til almennra heimilisnota, er sagður mestur hjá viðskiptavinum Rarik þéttbýli/Orkusölunnar, 73.069 krónur. Minnsti flutnings- og dreifingarkostnaðurinn er hjá Norðurorku/Fallorku, 62.299 krónur. Þar munar 17 prósentum.

Þegar tekið er saman verð á rafmagni og dreifingu segir ASÍ að ekki muni nema fjórum prósentum á hæsta og lægsta verði. Seðilgjöld gætu því gert að engu ávinninginn af því að kaupa rafmagn á einum stað og dreifingu á öðrum.

- óká



**TENGISTÖÐ** Skattahækkun um áramót skýrir að hluta hærra raforkuverð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÓDÝRT Í SKÓLANN
Hettupeysa 3.999kr
úlpa 7.999kr
skólatöskur verð frá 3.989kr
Mikið úrval af skólavörum!
Blýantar 179kr
Yfirstrikunar-penni 69kr
Plastmillispjöld 99kr
Reiknivél 199kr
Strokleður 49kr
Mappa 399kr
Stílabók gorma 259kr
STÍLABÓK
col
Gildir til 18. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Umboðsmaður skuldara mátti ekki krefjast fjárhagsgagna foreldra konu:

# Þarf að eyða öfluðum gögnum

**PERSÓNUVERND** Umboðsmanni skuldara var óheimilt að kalla eftir fjárhags- og skattupplýsingum foreldra ríflega tvítugrar konu sem sótt hafði um greiðsluaðlögun hjá embættinu, samkvæmt nýföllnum úrskurði Persónuverndar. Konan, sem er einstæð móðir með eitt barn, hafði í greiðsluerfiðleikum flutt tímabundið aftur í foreldrahús.

Í svörum umboðsmanns skuldara til Persónuverndar kemur fram að kallað hafi verið eftir upplýsingunum til þess að meta kostnað við heimilishald.

Kallað var eftir launaseðlum þrjá mánuði aftur í tímann, auk afrita af síðustu fjórum skattframtölum.

Persónuvernd komst meðal annars að þeirri niðurstöðu að tímabundin búseta á einum stað réttlætti ekki jafnviðamikla upplýsingagjöf „jafnvel þótt um sé að ræða foreldra uppkomins skuldara“. Þá verði ekki ráðið af lögunum um skuldaaðlögun að sækja megi upplýsingar um alla sem búa undir sama þaki og skuldari, heldur sé það bundið við þá sem halda með honum heimili. Umboðsmanni skuldara var því gert að eyða skattframtölum og launaseðlum sem aflað hafði verið hjá foreldrum konunnar. - óká



**KÍKT Á SKATTINN** Upplýsingaöflun Umboðsmanns skuldara í máli einstæðrar móður var ekki í samræmi við lög um persónuvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




**BRAUT LÖG** Þjóðaröryggisstofnunin hefur orðið uppvís að því að njósna ólöglega um bandaríska borgara undanfarin fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfir þúsund ólöglegar njósnir á ári hverju í 5 ár:

# NSA braut ítrekað lög um persónuvernd

**BANDARÍKIN** Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) hefur orðið uppvís að því að brjóta ítrekað lög um persónuvernd síðan bandaríska þingið úthlutaði stofnuninni víðtækari eftirlitsheimildum árið 2008.

Samkvæmt upplýsingum sem Edward Snowden sendi frá sér, og Washington Post hefur undir höndum, hefur öryggisstofnunin farið út fyrir lagalegar heimildir sínar mörg þúsund sinnum á ári í fimm ár.

Að sögn blaðsins snúast flest brotin um ólöglegar njósnir um Bandaríkjamenn eða erlenda aðila í Bandaríkjunum, sem voru taldir hryðjuverkamenn.

Í endurskoðendaskýrslu, sem kom út í maí síðastliðnum, kemur fram að 2.776 óheimilar njósnir öryggisstofnunarinnar hafi átt sér stað á einungis tólf mánuðum, en tekið er fram að um mistök hafi verið að ræða í flestum tilvikum.

Sem dæmi gerði forritunarvilla í tölvukerfi NSA það að verkum að stofnunin hleraði, fyrir mistök, innanlandssímtöl í stað símtala sem átti að hlera á milli Bandaríkjanna og Egyptalands.

Mannréttindasamtök í Bandaríkjunum hafa farið fram á að yfirmaður eftirlitstofnunar Bandaríkjanna, James Clapper, segi af sér þar sem brotið hefur verið á yfir þúsund saklausra manna, en eftirlitið ákvað að upplýsa ekki um njósnirnar.

Alvarlegustu brotin snúa að ólögmætri notkun gagna um yfir 3.000 Bandaríkjamenn og erlenda aðila sem búa í Bandaríkjunum og hafa græna kortið. - le

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ
VEGGSAMSTÆÐUR OG SKENKAR






Tilboð 24.900,-
Fullt verð 49.800,-




Tilboð 28.900,-
Fullt verð 57.800,-

Tilboð 46.900,-
Fullt verð 93.800,-




Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Stjórnarformaðurinn keypti hluti fyrir tæpar 80 milljónir:

# Heiðar kaupir meira í Vodafone

**VIÐSKIPTI** Heiðar Már Guðjónsson hefur keypt hlut í Vodafone fyrir rúmlega 78 milljónir króna. Heiðar er stjórnarmaður í fyrirtækinu.

Kaupin voru gerð í gegnum félag Heiðars, Ursus, og keypti félagið hlutinn á genginu 26,05 krónur á hlut að því er kemur fram á vef Kauphallar Íslands.

Með kaupunum er Heiðar að bæta við hlut sinn í fyrirtækinu en fram kemur í fréttum Kauphallar að hann eigi 18.473.015 hluti í Vodafone. Miðað við það nemur verðmæti hlutafjáreignar hans tæplega 500 milljónum króna. - le



**HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON**

www.volkswagen.is




Volkswagen up!
Lítill að utan og stór að innan
Volkswagen up! setur ný viðmið í hönnun smábíla með því að sameina nett ytra rými og rúmgott innra rými. Hvergi er gefið eftir í kröfum um akstursseiginleika, gæðum né öryggi og því til sönnunar eru einróma hrós bílablaðamanna um allan heim og 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófunum EuroNcap. Niðurstaðan er einföld: Volkswagen up! er alvöru smábíll.
Volkswagen up! kostar aðeins
2.050.000 kr.
Eyðsla frá 4,1 l/100 km
Das Auto.
WHAT CAR? CAR OF THE YEAR 2012
Breska bílatímaritið WHAT CAR? valdi Volkswagen up! sem bíl ársins 2012.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Skemmtilegar uppákomur alla helgina!
Skotkeppni, myndataka o.fl.
ARION BANKA MÓTIÐ
©Disney
17.-18. ÁGÚST Í VÍKINNI
Við óskum þátttakendum góðs gengis á mótinu um helgina!
Andrés Önd
Arion banki

## HEIMURINN




### Gæti fengið 90 ára dóm

**1 BRASILÍA** Lögreglan í Sao Paulo í Brasilíu segist hafa í haldi mann sem grunaður er um að hafa í Japan í desember 2006 kyrkt brasilíska unnustu sína og tvo syni hennar.

Maðurinn, sem heitir Edilson Donizete Neves, er eftirlýstur í Japan en verður ekki framseldur frá Brasilíu. Hann flúði þangað daginn eftir morðin af ótta við að hljóta dauðarefsingu í Japan.

Að sögn lögreglu gæti Neves átt yfir höfði sér allt að 90 ára fangelsisdóm. Í Brasilíu má þó enginn sitja lengur en 30 ár í fangelsi.

### Innköllun hjá GM

**2 BANDARÍKIN** Bílaframleiðandinn General Motors í Bandaríkjunum hefur kallað inn nærri 293 þúsund Chevrolet Cruze-fólksbíla í Bandaríkjunum vegna galla í bremsubúnaði.

General Motors segir að kalla þurfi inn til viðgerðar alla bíla af 2011 og 2012 árgerðum sem framleiddir voru í Lordstown í Ohio. Bílarnir eru sjálfskiptir með 1,4 lítra bensínvélar.

Að sögn fyrirtækisins er vitað til þess að bilun í bremsubúnaði hafi verið orsakavaldur í 27 árekstrum á litlum hraða. Engin slys hafi orðið á fólki. Bili bremsurnar þarf fólk að beita mun meira afli en venjulega til að fá þær til að virka.



### Mænusótt herjar á Sómala

**3 SÓMALÍA** Alvarlegur mænusóttarfaraldur hefur skotið sér niður í Sómalíu og eru þar nú fleiri tilfelli en er að finna í heiminum öllum þar fyrir utan. Heilbrigðisstarfsfólki er vegna þessa vandi á höndum því að á ákveðnum landsvæðum sem eru á valdi vígamanna á bandi al-Kaída eru sjö af hverjum tíu börnum án bóluefnis. Mænusótt hefur að mestu verið eytt í heiminum nema í þremur löndum þar sem hún er landlæg, í Afganistan, Nígeríu og Pakistan.

## Víða er brugðist við ástandinu í Egyptalandi



**KRÖFUGÖNGUR Í LÖNDUM MÚSLÍMA** Átök brutust út á ný í Kaíró og víðar í Egyptalandi í gær þegar tugir þúsunda stuðningsmanna Bræðralags múslíma tókust á við hópa vígamanna í götubardögum, auk þess sem her landsins lét til sín taka. Síðdegis var vitað til þess að nærri 40 hefðu látið lífið. Síðasta miðvikudag létu yfir 600 manns lífið í Egyptalandi þegar herinn braut upp mótmæli Bræðralagsins og stuðningsmanna forsetans fyrrverandi, Muhamed Morsi. Víða um heim þar sem íslamstrú er iðkuð hefur fólk tekið þátt í kröfugöngum til stuðnings Morsi og Bræðralagi múslíma, þar sem mótmælt hefur verið framgöngu hers Egyptalands og stuðningi Bandaríkjanna við hann. Hér að ofan má sjá eina slíka göngu sem fram fór í Ankara í Tyrklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP




UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.**

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kauptúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 12.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bilahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080



ÁVÍSUN
LOKAÚTKALL
ÁVÍSUNIN rennur út á sunnudag
HANDBÓK
– heimilið fínt fyrir h
AFI201101
3.000,-
Handhafa
Þrjúþúsund 00/100
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
til 19. ágúst 13
Húsasmiðjan og Blómaval
HANDBÓK HÚSASMIÐJUNNAR
er komin heim til þín
3.000 kr. ávísun fylgir á bakhlið.
Ávísun gildir sem innborgun í Húsasmiðjunni og Blómavali þegar verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira.
Þvottavél 1000 sn 5 ára ábyrgð 63.990kr
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR
LÆGSTA VERÐ
Háþrýstidæla 110 bör 15.995kr 19.995
NILFISK
Borvél 14,4V 2 rafhlöður ljós og taska 24.995kr 29.995
HITACHI Inspire the Next
HarpaSjöfn
ÚTITEX
AKRYL
Útimálning 10 lítrar 9.745kr 12.995
Innimálning 10 lítrar aðeins 3.995kr
SEKO
DEWALT
taylor's eye witness
EGGER
Russell Hobbs
Blöndunartæki eldhús eða bað 5.995kr/stk
Blandari Desire 11.990kr 14.990
Borhamar SDS Dewalt 25.995kr 34.980
Hnífasett í standi 10.990kr
Harðparket Austurískt Eik, 7 mm 1.990kr/m²
POTTAPLÖNTU ÚTSALA
Orkidea 1.590 kr 1.990
Friðarlilja 1.449 kr 1.998
Ástareldur 699 kr 999
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ÁHRIF ELDIS Á VILLTA LAXASTOFNA

# Deilt um áhrif af eldi á villtan lax

Stofngerð villta laxastofnsins í Elliðaánum hefur breyst og eru göngur eldislaxa í árnar ástæðan, er niðurstaða nýrrar rannsóknar. Sérfræðingur í eldi dregur þetta í efa og segir seiðasleppingar í árnar vanmetna stærð, og segir hættuna af göngum eldislaxa í veiðiár hverfandi.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Rannsókn á áhrifum eldislax á stofngerð náttúrulegs lax í árkerfi Elliðaáa sýnir að stofngerð villta laxins hefur tekið breytingum. Þeir sem standa að rannsókninni telja að niðurstöðurnar styðji að varast ber erfðablöndun villts lax og eldislax.

Jón Örn Pálsson, svæðisstjóri hjá laxeldisfyrirtækinu Fjarðalaxi, segir að niðurstöðurnar staðfesti ekkert um áhrif af strokulaxi úr eldiskvíum. Þvert á móti sýni rannsóknin áhrif frá hafbeitarlaxi sem villist upp í ár. Rannsóknin taki ekkert tillit til gríðarlegra seiðasleppinga í Elliðaárnar í gegnum áratugina, sem gjaldfelli rannsóknina.

Fréttablaðið greindi frá rannsókninni í gær. Niðurstaðan í hnotskurn er að erfðablöndun við eldislax hafi raskað stofngerð villta Elliðaárlaxins.



JÓN ÖRN PÁLSSON

**KVÍAELDI** Unnið er að því byggja upp sjókvíaeldi á laxi á Vestfjörðum, og er um nokkuð myndarlegt eldi að ræða. MYND/JÓN ÖRN

### Orðanotkun og seiðasleppingar

Jón Örn gagnrýnir í fyrsta lagi orðanotkun um eldislax harðlega og telur það óþolandi að skilgreina uppruna hans ekki betur. „Ef menn ætla að nota þetta hugtak þá verður að skilgreina upprunann miklu betur. Talað er um áhrif lax sem alinn var í kvíum og hins vegar um hafbeitarlax. Þriðja stærðin í þessu dæmi eru seiðasleppingarnar sem ítrekaðar eru mun skaðlegri en stöku hrygning hjá eldisfiski,“ segir Jón Örn.

Í þessu samhengi bendir Jón Örn á opinberar tölur sem sýna að á árunum 1999 til 2007 var sleppt um 770 þúsund laxaseiðum árlega í veiðiár á Íslandi, eða um 50% meira en heildar náttúruleg seiðaframleiðsla íslenskra áa. „Í Elliðaárnar var sleppt yfir 180 þúsund eldisseiðum vegna fiskræktar á árabilinu 1998 til 2007. Á sama tímabili gengu um 190 þúsund náttúruleg laxaseiði til sjávar. Halda menn svo að þetta hafi ekki áhrif á genamengi laxins. Þessar sleppingar voru framkvæmdar í samræmi við ráðgjöf fiskifræðinga á Veiðimálastofnun sem annaðist einnig rekstur hafbeitarstöðvar í Kollafirði, í næsta nágrenni Elliðaáa. Þar var sleppt milljónum laxaseiða á yfir 30 ára tímabil. Þessi hafbeitarlax leitaði víða upp í ár og nægir þá að nefna Elliðaár og Laxá í Kjós.“

## Seiðasleppingar breyta myndinni ekki



LEÓ ALEXANDER GUÐMUNDSSON

Leó Alexander Guðmundsson, líffræðingur hjá Veiðimálastofnun og aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir gagnrýni hvað varðar seiðasleppingar í Elliðaárnar ekki eiga rétt á sér. Sleppingar í árnar hafi byggt á seiðum úr ánum sjálfum; fyrstu kynslóðar seiðum. „Það sem við erum að skoða eru áhrif eldislaxins sem gekk þarna inn í töluverðu magni. Það er alveg óskylt mál og á ekki að hafa áhrif á niðurstöður eða túlkun okkar.“

Hafbeitarlax gekk í árnar í miklu magni á árunum 1984 til 1999, en á þeim tíma fór veiddur lax úr ánum í 40% af eldislaxi á móti 60% af villtum laxi. Kvíaalinn lax gekk helst í árnar á tímabilinu 1987 til 1992 og allt að 24% veiddra laxa komu úr kvíum. „Hvort tveggja er eldislax; hafbeitarlax og kvíaalinn lax. Það voru kynbætur á hafbeitarfiski, og sannarlega var hafbeitarlaxinn líka eldisfiskur“, segir Leó.

### Norski laxinn

Aðspurður um þá staðreynd að norskur kynbættur eldislax er ræktaður í íslensku vistkerfi, en það hefur verið gagnrýnt af mörgum, segir Jón Örn að vissulega sé erfðamengi norska laxins frábrugðið því íslenska. „Hins vegar hefur eldislaxinn glatað hæfileikum sínum til að þrauka í villtri náttúru. Lífslíkur hans eru hverfandi litlar, enda leitar hann til hafs nema ef hann er kynþroska á þeim tíma sem hann sleppur. Slíkar uppákomur verða alltaf sjaldgæfar, því eftirlit og tækjabúnaður er orðinn það góður. Og takist eldislaxi í eitt skipti að hrygna eru erfðaáhrifin af því engin. Til þess að erfðamengi laxastofns í á breytist þarf endurtekna hrygningu í langan tíma. Því er hættan hverfandi.“

Þessu til viðbótar segir Jón Örn að laxeldi sé aðeins leyft á svæðum þar sem eru sárafáir náttúrulegir laxastofnar. Hér vísar Jón Örn til þess að í gildi er bann við laxeldi í sjókvíum á svæðum þar sem margar stórar laxveiðiár renna til sjávar.

Í Fréttablaðinu í gær varaði Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, við stórtæku eldi á Vestfjörðum og aðspurður um eldið sagði hann greinilega hættu til staðar. Það stjórnist af því hvað mikið af laxi sleppur og hversu lengi blöndunin stendur. Það skipti líka máli hversu fjarskyldur laxinn er, og því sé norski laxinn hættulegur.




BMW X5 M
SPORTLEGUR AÐ INNAN OG UTAN.

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði.
Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

BMW M Sport xDrive – Hlaðinn aukabúnaði
Verð frá: 13.890 þús.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16
30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað
*Eldsneytisnotkun miðast við blandaðan akstur samkvæmt stöðlum.

ENNEMM / SÍA / NM58853

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# OPIÐ ALLA HELGINA !



## TOSHIBA

### VINSÆL MEÐ INTEL

Þessi rýkur út. Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel örgjörva, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum diski.



**69.990**

TOS-C8501GL

### 17,3" SKJÁR OG 1 TB DISKUR



17,3"

Frábær kaup fyrir þá sem vilja samnýta fartölvu og heimilistölvu með því að vera með stóran skjá. Intel örgjörvi og gott geymslupláss með 1TB hörðum diski.

**99.990**

TOS-C870JL

### RAUÐ MEÐ INTEL CORE i3



15,6"

Glæsilega rauð úr nýju L-línunni frá Toshiba. Þynnri, nettari og sterkbyggðari með Intel Core i3 örgjörva, 500GB hörðum diski og Bluetooth 4.

**99.990**

TOS-L8501Z4

### FJÖGURRA KJARNA ÖRGJÖRVI



15,6"

Kraftmikil og glæsileg í senn. Flott hvít umgjörð og fjögurra kjarna AMD A8 örgjörvi. Öflugt 1 GB Radeon HD 7640G skjákort, 8GB vinnsluminni og stór 1TB harður diskur.

**119.990**

TOS-L850D13F

### INTEL i7 OG GT740M SKJÁKORT



VINSÆLASTA i7

15,6"

Glæsileg, þunn og kraftmikil. Fjögurra kjarna Intel i7 örgjörvi fyrir þunga vinnslu eða leiki. Öflugt 1GB nVidia GeForce GT740M leikjaskjákort og stór 750GB diskur. Mikið fyrir peninginn.

**149.990**

TOS-L50A105

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.



| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## BORÐSTOFU- OG BARSTÓLAR



**15.990**
VERÐ: 19.990

**HOT** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.



**15.990**
VERÐ: 19.990

**PLUMP** barstóll, krómlappir. Litur: svart.



**11.990**
VERÐ: 15.990

**DUMPLING** barstóll, krómlappir. Litir. Svart, rautt og hvítt.

# Þú getur STÓLAÐ á Höllina!



BAR-
BORÐSTOFU-
OG ELDHÚSSTÓLAR
Á TILBOÐI UM HELGINA

**15.990**
VERÐ: 19.990

**BOSTON** borðstofustóll. Krómlappir. Dökk-brúnt PU-leður.



**22.990**
VERÐ: 27.990

**MATIZ** borðstofu-stóll, eikargrind. Svart PU-leður.



**12.790**
VERÐ: 15.990

**MANTONI** borðstofu-stóll, eikarfætur. Dökkt áklæði



**17.990**
VERÐ: 21.990

**NAOMI** borðstofustóll, eikarlappir. Grátt áklæði.



**22.990**
VERÐ: 27.990

**XENIA** borðstofu-stóll, stál-lappir. Litur: svart.



AÐEINS 7.926 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

## BOSTON BORÐSTOFUBORÐ

**89.990**

FULLT VERÐ: 119.990

**BOSTON**
Eikarspónlagt borðstofuborð
Stærð: 160x90 cm með
2x50 cm stækkunum.

## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



**CHARLIETOWN** sófasett. Svart PU-leður.
Stærð 3ja sæta sófi: B:219 D:88 H:78 cm.
Stærð 2ja sæta sófi: B:164 D:88 H:78 cm.

AÐEINS 9.652 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

### CHARLIETOWN 2JA SÆTA SÓFI

**109.990**

FULLT VERÐ: 139.990

AÐEINS 13.102 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

### CHARLIETOWN 3JA SÆTA SÓFI

**149.990**

FULLT VERÐ: 179.990



AÐEINS 6.374 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

### ROYAL SÓFABEKKUR

**71.990**

FULLT VERÐ: 89.990

**ROYAL** Sófabekkur.
Svart PU-leður.
Stærð: 290x67 H:85 cm

LÍF OG FJÖR Á husgagnahollin.is

og með vinum okkar á facebook



2 FYRIR 1

CANETT

## PÚÐAR

2 FYRIR 1 AÐEINS KR.

**3.990**



**13.590**

VERÐ: 16.990

**JULIE** borðstofu-
stóll, krómlappir.
Litur: svart.



**13.990**

VERÐ: 17.990

**CECILE**
eldhússtóll.
Svart leður.



**15.990**

VERÐ: 19.990

**ANDREW**
borðstofustóll.
Svart, brúnt og
hvítt leður.

# HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Bjartsýnin dvínar hjá fyrirtækjum og almenningi:

# Hvernig verður hjólunum snúið?

Greint var frá því í fréttum okkar á Stöð 2 í fyrrakvöld að hagvöxtur á Íslandi í ár stefndi í að verða í samræmi við svartsýnustu spár sem settar hafa verið fram, aðeins rúmt prósent. Hagvöxturinn í fyrra var líka undir væntingum, um 1,6 prósent. Íslenzkt efnahagslíf framleiðir ekki nóg og útflutningur hefur dregizt saman.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Ákveðinnar bjartsýni gætti hjá fólki í viðskiptalífinu þegar ný ríkisstjórn tók við völdum, enda lofaði hún ýmsum aðgerðum sem áttu að koma margumræddum hjólum atvinnulífsins í hraðari snúning á ný. Ýmislegt bendir hins vegar til þess að stjórnin sé að missa niður stemninguna.

Eigendur og stjórnendur fyrirtækja telja að þótt ríkisstjórnin hafi nú setið í nærri þrjá mánuði hafi enn sem komið er lítið gerzt til að koma atvinnulífinu í gang. Það sama á við um verkalýðshreyfinguna. Samtök bæði atvinnurekenda og launþega vilja sjá einhverjar handfastar aðgerðir til að örva efnahagslífið áður en gengið verður til kjarasamninga.

Almenningur virðist líka svartsýnni en um það leyti sem stjórnin tók við. Í fréttinni á Stöð 2 var vitnað til þess að væntingavísitala Gallup hefði staðið í 101 stigi í maí 2013, rétt eftir kosningarnar, en verið komin niður í 78,5 stig í júlí. Það er lægra en í febrúar þegar síðasta ríkisstjórn var enn við völd.

Ríkisstjórnin hefur ekki gert sjálfri sér auðveldara fyrir að koma með útspil sem endurvekur bjartsýni í atvinnulífinu.

Hún er búin að útiloka nærtækasta kostinn á að taka upp nýjan gjaldmiðil og komast út úr gjaldeyrishöftunum með því að gera hlé á aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, sem áttu fylgi að fagna víða í atvinnulífinu. Enginn hefur enn sett fram trúverðuga lausn á því hvernig á að fikra sig út úr höftunum.

Staðan í ríkisfjármálum gerir stjórninni heldur ekki auðvelt um vik að standa við stóru orðin um skattalækkanir. Lækkun á tryggingagjaldinu og öðrum sköttum á atvinnulífið er þó ein nærtækasta leiðin til að ýta undir fjárfestingar hjá fyrirtækjum. Af sömu orsökum er snúið að ætla að setja fram stórkostleg áform um opinberar framkvæmdir.

Kosningaloforð Framsóknarmanna um skuldaleiðréttingu sogar síðan að sér tíma, orku og athygli, auk þess að setja þróun efnahagslífsins á öðrum sviðum í óþarfa óvissu. Jafnvel þótt ríkisstjórnin fyndi einhverja töfralausn á því að lækka húsnæðisskuldir fólks án þess að skattgreiðendur eða lífeyrisþegar þyrftu að borga brúsann, dygði sú aðgerð skammt til að hressa við atvinnulífið. Hún myndi hugsanlega búa til hagvöxt en hann væri aðallega byggður á meiri einkaneyzlu, ekki meiri framleiðni eða fjárfestingu.

Ríkisstjórnin þarf bráðnauðsynlega á því að halda að sem fyrst verði gripið til aðgerða sem endurvekja trú fólks á efnahagslífinu og hvetja fyrirtækin til að fjárfesta, ráða fólk og framleiða meira. Það styttist óðum í 100 daga starfsafmæli stjórnarinnar og enn hafa of fáar slíkar ráðstafanir litið dagsins ljós.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## IPA-styrkir og óstyrk utanríkispólitík

Umræður um þá ákvörðun Evrópusambandsins að hætta svokölluðum aðildarumsókninni að IPA-styrkjum hafa varpað ljósi á óstyrka utanríkispólitík Íslands. Viðbrögðin sýna hvernig lögmál hreppapólitíkurinnar verða alls ráðandi jafnvel þegar utanríkisstefnan á í hlut. Rétt er í þessu samhengi að hafa nokkur kjarnaatriði á hreinu:



Í fyrsta lagi eru þessir styrkir veittir gegn mótframlagi frá umsóknarríkinu til að flýta því að það geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru. Það eru sameiginlegir hagsmunir. Ávinningur Íslands er að tengjast bestu og virkustu viðskiptafrelsisreglum sem þekkjast í alþjóðasamstarfi.

Í öðru lagi fólst í aðildarumsókninni að Ísland stefndi að aðild. Ella sækja ríki ekki um. Það var hins vegar veikleiki vinstri stjórnarinnar að geta ekki vegna innbyrðis ágreinings viðurkennt þetta. Umsókn Íslands eins og annarra ríkja var einfaldlega háð þeim fyrirvara að endanlegur samningur fullnægði heildarhagsmunum landsins og þjóðin samþykkti hann. Það liggur í náttúru beggja þessara atriða að fyrir fram er ekki unnt að staðhæfa um niðurstöður.

Í þriðja lagi greiðir Ísland umtalsverða fjármuni í sjóði Evrópusambandsins vegna aðildarinnar að evrópska efnahagssvæðinu og fær á móti verulega styrki á ýmsum sviðum. Verði af aðild mun framlag Íslands hækka til muna og styrkirnir að sama skapi. Þó að IPA-styrkirnir létti undir á erfiðum tímum í ríkisfjármálum mun Ísland í raun og veru endurgreiða þá með aðildargjöldum á löngum tíma. Þeir byggja á gagnkvæmni eins og allt heilbrigt alþjóðlegt samstarf.

Að þessu virtu er deginum ljósara að forsætisráðherra minnkar sjálfan sig þegar hann líkir þessum styrkjum við mútur. Það er ógott. En hitt er verra að um leið rýrir hann orðspor landsins.

## Tvöfeldni eða ráðleysi?

Ríkisstjórnin hefur sýnt tvöfeldni við meðferð aðildarumsóknarinnar. Utanríkisráðherra stöðvaði aðildarviðræðurnar þegar í stað með því að binda endahnút á starf samninganefndarinnar án þess þó að leysa hana formlega frá störfum. Á fundi í Brussel tilkynnti hann að hlé hefði verið gert á viðræðunum.

Þegar heim kom sagði hann þjóðinni hins vegar að ekki yrði staðið við fyrirheit forystu Sjálfstæðisflokksins um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda ætti viðræðunum áfram. Rökin voru þau að slíkt væri út í hött því að ríkisstjórnin ætlaði ekki að leggja það til og myndi aldrei hefja viðræður að nýju.

Nú furðar forsætisráðherra sig á því að Evrópusambandið skuli hafa stöðvað IPA-styrkina því að Ísland hafi enn stöðu umsóknarríkis. Allur þessi málatilbúnaður sýnir að forsætisráðherra og utanríkisráðherra hafi talað tungum tveim á heimavelli og í útlöndum; ef til vill í þeirri von að engin snurða hlypi á styrkjaþráðinn frá Evrópusambandinu.

Það felst í fullveldi Alþingis að þeirri stefnu sem það hefur samþykkt verður ekki breytt nema með nýrri ákvörðun þess. En staðan er sú að einn daginn talar forsætisráðherra um að ákvörðuninni hafi í raun verið breytt í kosningunum og fyrir atbeina utanríkisráðherra. Hinn daginn talar hann um að Ísland eigi að njóta þeirrar stöðu að vera enn umsóknarland.

Einhverjir kunna að líta svo á að þessi málafærsla beri fremur vott um ráðleysi en tvöfeldni. Það er mildari skýring.

## Málamiðlun gefið langt nef

Áköfustu andstæðingar aðildar ganga út frá því að heimabrúksyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar séu stjórnarstefnan. Þeir gagnrýna hana því harkalega fyrir að hafa látið Evrópusambandið skrúfa fyrir IPA-styrkina. Að þeirra áliti hefði ríkisstjórn Íslands átt að taka af skarið í þessu efni. Það er rökrétt og skiljanleg afstaða frá því sjónarhorni.

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins lofuðu aftur á móti þjóðaratkvæði um hvort halda ætti viðræðunum áfram. Í því felst að Ísland raski ekki þeirri stöðu sem viðræðurnar eru í fyrr en þjóðin fær að taka ákvörðun. Ella væri loforðið innihaldslaust. Sú staða sem nú er komin upp sýnir að þetta hefur mistekist. Ríkisstjórnin fær því líka réttmæta og enn þyngri gagnrýni frá þeirri hlið.

Eðlilegt er að hér eins og annars staðar hafi menn ólík viðhorf til Evrópusambandsins. Stundum bregðast stjórnvöld við gagnrýni sem kemur úr gagnstæðum áttum með því að staðhæfa að hún sýni best að menn séu á réttri braut mitt á milli.

Slík röksemd á alls ekki við í þessu tilviki. Ástæðan er sú að hugmyndin um þjóðaratkvæði til að ákveða framhald viðræðnanna var málamiðlun. Þó að ekki eigi að hrapa að ályktunum virðist ríkisstjórnin vera langt komin með að klúðra möguleikanum á henni, annaðhvort af ásetningi eða gáleysi. Með því gefur hún skýrum meirihlutavilja þjóðarinnar sem styður málamiðlunina langt nef.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

## UMMÆLI VIKUNNAR
**10.08.2013 ➔ 16.08.2013**

**„Ég á vini sem eru samkynhneigðir og þykir mjög vænt um þá. En mér finnst þetta verið að ganga of langt.“**

*Tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson varaði við því að samkynhneigðum yrði sýnt of mikið umburðarlyndi en sá ástæðu til að geta þess í framhjáhlaupi að hann hefði sko enga fordóma.*

**„Ég neita því ekki að það hefur verið talað við mig.“**

*Þingmaðurinn Guðlaugur Þór Þórðarson hefur ekki ákveðið hvort hann tekur slaginn um sæti í borgarstjórn á næsta ári. Hins vegar hafi margir komið að máli við sig og hvatt sig til framboðs.*

**„Ég er náttúrulega í þessum hagræðingarhópi.“**

*Vigdís Hauksdóttir segist alls ekki hafa verið að hóta einum eða neinum þegar hún sá ástæðu til að nefna það í viðtali á Bylgjunni að hún sæti í niðurskurðarhópi ríkisstjórnarinnar, strax í kjölfar umræðu um meinta hlutdrægni fréttastofu RÚV.*



**„Mér þykir miður að gjörðir mínar særðu fólk og hafa sært Bandaríkin.“**

*Uppljóstrarinn Bradley Manning sýndi í fyrsta sinn iðrun við réttarhöld yfir honum í byrjun viku.*

**„Ég ætla ekki að drekka aftur í bráð.“**

*Julian Hlynur Parry sér mjög eftir því að hafa valdið skemmdum á borðum og stólum á Ingólfstorgi um liðna helgi. Hann lofar bót og betrun.*

# Pólitísk aðför

STJÓRNMÁL



**Svandís Svavarsdóttir**
fyrrverandi umhverfisráðherra

Rammaáætlun er langt og flókið ferli. Ferli sem hefur staðið árum saman með aðkomu vísindamanna og faghópa þar sem fjölmargir þættir voru skoðaðir og þess var freistað að ná sem bestri yfirsýni áður en svæði yrðu loks flokkuð í vernd, nýtingu og biðflokk til nánari skoðunar. Það hefur verið afar mikilvægt, bæði fyrir verndarsjónarmiðin og nýtingarsjónarmiðin að ná sem mestri sátt um þessi mál. Sérstaklega þó um aðferðina, lagarammann.

Þetta tókst á árinu 2011 þegar allir flokkar á þingi samþykktu lög um rammaáætlun, lög um verkferið, um aðferðina. Faghóparnir skiluðu forgangsröðun til iðnaðarráðherra í samræmi við lögin. Ráðherrann fól síðan formönnum faghópanna að gera tillögu um flokkun virkjanahugmynda þar sem flokkað var í nýtingu, vernd og biðflokk. Norðlingaalda var þá þegar í verndarflokki. Þessi flokkun fór síðan í lögboðið tólf vikna kynningar- og umsagnarferli þar sem yfir 200 umsagnir bárust.

Í samráði við umhverfisráðherra var tillagan því næst lögð fyrir þingið þar sem tekið hafði verið tillit til röksemda sem fram komu. Virkjanahugmyndir í Neðri-Þjórsá og langt inni á hálendinu vestan Vatnajökuls voru fluttar úr nýtingarflokki í biðflokk þannig að unnt væri að skoða nánar tiltekna þætti.

Iðnaðarráðherra, í samráði við umhverfisráðherra, lagði tillöguna loks fyrir þingið sem samþykkti hana óbreytta. Í nefndaráliti meirihlutans eru útlínur lagðar fyrir næstu verkefnisstjórn, varnaðarorð vegna jarðhitanýtingar ítrekuð og fjöldamörg önnur álitamál dregin fram til að hafa í huga við næstu skref.

Ný verkefnisstjórn hefur tekið til starfa og hefur tekið biðflokkinn til skoðunar og mun gera tillögu til ráðherra um flokkun þeirra hugmynda sem hann geymir. Allt þetta ferli var samkvæmt lögum, þótt öðru hafi ítrekað verið haldið fram.

### Verndarflokkurinn

Það er hins vegar ekki samkvæmt lögum að taka svæði úr verndarflokki og hefja á því nýja skoðun í þágu nýtingar. Í 6. grein laga um rammaáætlun segir að stjórnvöldum sé: „... ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.“

Þannig eru svæði í verndarflokki komin í skjól ef svo má segja og ekki í samræmi við lögin að kalla svæðið öðru nafni eða pakka því inn í nýjan búning séu stjórnvöld á hverjum tíma ekki sátt við niðurstöðuna. Þetta er lykilatriði.

### Lög um náttúruvernd

Burtséð frá rammaáætlun hafa verið í gildi náttúruverndarlög í landinu um áratugaskeið. Yfir 100 svæði hafa verið friðlýst á grundvelli þeirra þar sem um hefur verið að ræða ótvírætt verndargildi. Þar er um að ræða búsvæði plantna, dýra, sérstakar jarðmyndanir og fleira og fleira, sem stefnt er að

**➔ Rammaáætlun er ónýt ef áform Ragnheiðar Elínar og Sigurðar Inga ganga eftir.**

að myndi heildstætt net verndarsvæða í samræmi við stefnumörkun Íslands í náttúruvernd og alþjóðlega samninga.

Samkvæmt náttúruverndarlögum hafa náttúruverndaráætlanir verið lagðar fyrir þingið með reglubundnum hætti og sú síðasta (2009-2013) var samþykkt 2010. Á þessari nýjustu áætlun er stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, sem raunar hefur verið á dagskrá náttúruverndarfólks í rúm 40 ár. Friðlýsingarferlið í þágu stækkunar friðlandsins í Þjórsárverum var því löngu hafið áður en rammaáætlun lá fyrir.

Umhverfisstofnun leitaði samráðs við hagsmunaaðila og sveitarfélög sem vildu bíða niðurstöðu rammaáætlunar til að tryggja að ekki yrðu árekstrar milli þessara sjónarmiða. Þegar niðurstaða rammaáætlunar lá svo fyrir var þráðurinn tekinn upp og öll gögn lágu fyrir til undirritunar í samræmi við fyrri áform þegar skyndilega var kippt í spotta eins og fram hefur komið í fréttum.

Þannig er Alþingi tvisvar búið að ákveða að stækka friðlandið í Þjórsárverum og slá áform um Norðlingaölduveitu út af borðinu. Bæði með náttúruverndaráætlun 2009-2013 og rammaáætlun frá í janúar 2013. Viljinn er skýr og þar með umboðið sem ráðherrunum ber að virða.

Náttúruverndaráætlun er í gildi og þar eru skilgreind útmörk stækkunar friðlandsins. Rammaáætlun er líka í gildi, þar sem Norðlingaalda er sérstaklega tiltekin í verndarflokki. Þetta eru staðreyndir málsins.

### Fingraför?

Samþykkt rammaáætlunar á síðasta þingi er án efa stærsta einstaka skrefið sem stigið hefur verið í þágu náttúruverndar á Íslandi. Stóriðjuflokkarnir ömuðust við málinu og gerðu það tortryggilegt með því að tala um pólitísk afskipti og inngrip. Þó var farið að lögum í hverju skrefi og tekið tillit til radda almennings í samræmi við Árósarsamninginn og góða stjórnsýslu.

Nú boða iðnaðar- og umhverfisráðherra pólitíska aðför að rammaáætlun. Rammaáætlun er ónýt ef áform Ragnheiðar Elínar og Sigurðar Inga ganga eftir. Orðið fingraför dugar ekki til að lýsa því sem þar er á ferð.




# Hafðu hjartað heima

## Átta vikna námskeið í gjörhygli

(Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction)

Námskeið í gjörhygli tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar. Gjörhygli er kerfisbundin þjálfun í að vera í núinu og vera meðvitaður um líkama, hugsanir og tilfinningar, augnablik eftir augnablik.

Námskeiðið hefst 5. september á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.
Kennt er á fimmtudögum kl.16:45 – 19:00. Verð 49.000 kr.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Kennari er Bridget „Bee“ Ýr McEvoy RPN en hún hefur kennt gjörhygli á Heilsustofnun NLFÍ frá 2006.

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is**

Berum ábyrgð á eigin heilsu



ÚTHLUTUN ÚR HÖNNUNARSJÓÐI AURORU Í NÓVEMBER 2013

FRESTUR TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM RENNUR ÚT 15. SEPTEMBER

HÖNNUNARSJÓÐUR Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stoðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum og arkitektum fjárhagslega aðstoð. Nánari upplýsingar um úthlutaða styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á www.honnunarsjodur.is. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@honnunarsjodur.is. Hönnunarsjóður Auroru


## Skoðun visir.is

**817**
FIMMTUDAGUR 15. ÁGÚST
**Vigdís á að víkja**
*Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri*

**614**
MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST
**Skemmandi ofbeldi venjulega fólksins**
*Ólafur Þ. Stephensen ritstjóri*

**605**
MÁNUDAGUR 12. ÁGÚST
**Steldu.net**
*Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur*

**564**
MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST
**Í orðastað háttprúðrar konu**
*Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikkona*

**486**
MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST
**„Skoðanir“ á hinsegin fólki**
*Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna 78*

**443**
MIÐVIKUDAGUR 14. ÁGÚST
**Hæfust?**
*Ingibjörg Gréta Gísladóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Reykjavík Runway ehf.*

**437**
MÁNUDAGUR 12. ÁGÚST
**Pottadólgurinn**
*Haukur Viðar Alfreðsson blaðamaður*

**280**
ÞRIÐJUDAGUR 13. ÁGÚST
**Framhaldsskólanám á Íslandi er ekki gjaldfrítt**
*Anna María Gunnarsdóttir framhaldsskólakennari*


**Óska eftir að kaupa**
**enskt english course tungumálnámskeið.**
**Vantar 2 námskeið.**
**Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið**
**Upplýsingar í 865-7013**

# GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!

## Vinsæli CLASSIC sófinn er kominn aftur!



Verð aðeins
kr. 149.900



**CLASSIC**
sófinn fæst nú í mögum litum
Lilla-rauður, appelsínugulur, lime-grænn, turkis-blár og dökkgrár.
Særð: 200x90 Hæð: 100 cm.
Einnig til **CLASSIC** hægindastóll. **Verð kr. 99.900**. Litir: Lilla-rauður og turkis-blár.

## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSÚRÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 |
| 100x200 | 101.900 |
| 120x200 | 115.900 |
| 140x200 | 136.900 |
| 160x200 | 153.900 |
| 180x200 | 171.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## NATURE'S REST heilsurúm

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 68.900 |
| 100x200 | 72.900 |
| 120x200 | 83.900 |
| 140x200 | 92.900 |
| 160x200 | 104.900 |
| 180x200 | 117.900 |

DÝNA BOTN OG LAPPIR

Nature's Bedding



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Frábærar kantstyrkingar
- 320 gormar pr fm²

## SKAGEN VIP-bíósett með fótskemlum

**kr. 149.990**
Fullt verð 175.990



Tveggja sæta Skagen Br: 217 D: 79 H: 106 cm. Grátt áklæði. Fæst einnig í leðri.

## FLORIDA hornsófi 2H2

Verð aðeins
kr. 259.900

Stærð: 252x252 cm

**KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**



Vinsælu **FLORIDA** sófarnir eru til í ótal útfærslum.
Með annars hornsófi 3H2 / 2H3, hornsófi 2H2, tungusófi og Chase long

**Holtagörðum**
**Pöntunarsími 512 6800**

DORMA – býður góða nótt

**DORMA** er einnig í **HÚSGAGNAHÖLLINNI** á Akureyri og í Reykjavík

**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00** (Akureyri lokað á sunnudögum)



**Hörður Sveinsson ljósmyndari**

### Endurheimtir börnin

Í dag ætla ég að sofa út, fara kannski í sund, á útimarkað Íbúasamtaka Laugardalsins og í almennt hangs. Verð rólegur í kvöld því ég þarf að vakna eldsnemma til að endurheimta börnin mín frá Bandaríkjunum, þar sem þau eru búin að vera í góðu yfirlæti hjá ömmu sinni og afa í allt sumar.



**Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona**

### Brúðkaup og afmæli

Í dag hittumst við félagarnir í Aldrei óstelandi, en við erum að fara að setja upp leikritið Lúkas í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Mér er líka boðið í brúðkaup til frænku minnar og enda svo daginn í fertugsafmæli hjá honum Darra vini mínum.



**Ágústa Arnardóttir hönnuður í Arfleifð**

### Sameinar leik og starf

Það er tvennt sem mér þykir skemmtilegast í lífinu, það er að leika við börnin og hanna nýjar töskur. Hvort tveggja ætla ég að gera um helgina.



**Örn Árnason leikari**

### Býst við að gera við kúkarörið

Helgin er nokkuð óskrifað blað nema hvað ég er að leika í Hörpunni á sunnudagskvöld. Ég er líka boðinn í afmæli og svo býst ég við að gera við kúkarörið í bústaðnum á morgun.



**HAFDÍS HULD** Ljúfir tónar Hafdísar Huldar munu óma á Bakkanum.

Notalegt andrúmsloft

## Alþýðuhátíð á Eyrarbakka

**Tónlist** Alþýðu- og tónlistarhátíð á Eyrarbakka stendur yfir og náið og notalegt andrúmsloft er um allan bæ.

Meðal flytjenda tónlistar eru Hafdís Huld, Skúli mennski, Jónína Aradóttir, Ragnheiður Gröndal og Jón Ágúst, Blokkflautukvartett Rangæinga og Karítas og Kallarnir.

Einnig er markaður í Óðinshúsi í boði Kailash og Tehússins.



**STJÓRNANDINN** Guðrún Ásmundsdóttir er sögumaður og heldur um alla þræði.

Sýning á Stokkalæk

## Tal og tónar

**Leiksýning** Ein saga er geymd er heiti leiksýningar í Selinu á Stokkalæk í Rangárvallasýslu nú um helgina undir stjórn Guðrúnar Ásmundsdóttur. Hún fjallar um atvik úr lífi Kristínar J. Oberman sem eitt sinn var húsfreyja á Stokkalæk.

Um nokkurs konar söngleik er að ræða, en sögumenn gegna þó líka stóru hlutverki. Söngvararnir sem koma fram eru Alexandra Chernyshova, Þórhallur Barðason og Egill Árni Pálsson.

Sýningar hefjast klukkan 16 bæði í dag og á morgun.

# Margt býr í tóminu

Verkið Tómið – fjölskyldusýning er meðal atriða á leiklistarhátíðinni Lókal í lok þessa mánaðar. Ragnheiður Harpa Leifsdóttir stendur fyrir henni í Iðnó 28. ágúst og fær með sér foreldra og systkini. Svo koma líka gestir – eins og í kaffiboð.

Tómið – fjölskyldusýning er í líkingu við ljóðakvöld þar sem hver fjölskyldumeðlimur ber fram sína sýn á tómið. Þetta er svona afsökun til að koma saman og búa til smá leikrit. Það er spennandi að taka eitthvað risastórt eins og tómið og fjalla um það á einfaldan og skemmtilegan hátt. Samt ekkert skrifað handrit,“ segir Ragnheiður Harpa Leifsdóttir um atriði sitt í Iðnó á opnunardegi leiklistarhátíðarinnar Lókals, 28. ágúst.

„Við systkinin erum fjögur, fæddumst á sex árum og erum mjög lík,“ segir Ragnheiður og sýnir fjölskyldumynd sem hún segir vera útgangspunkt á sýningunni. Þar sjást faðir hennar, Leifur Björn Björnsson, móðirin Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir og börnin í aldursröð: Ragnheiður Harpa, Rakel, Viktor og Íris.

„Þráðurinn er þessi mynd sem var tekin fyrir fimmtán árum, rétt áður en við fluttum heim frá Bandaríkjunum. Við erum svolítið að endurskapa hana og fylla upp í minningarnar sem tengjast henni þar sem um tóm er að ræða. Leikum okkur að því hvernig fjölskyldan er eins og móðurskip þar sem hver og einn er með sinn karakter og allir svífa saman út í tómið þar sem óvissan bíður, hver með sitt sjálf en samt hluti af heild.“

Ragnheiður er elst systkinanna. Hún hefur samið, sett upp og tekið þátt í fjölda gjörninga, leiksýninga og innsetninga en segir aðra í fjölskyldunni ekki vera í leikhúsi að staðaldri. „Mamma er fjölmiðlafræðingur, kennari og nuddari, pabbi er tölvunarfræðingur og saman reka þau fyrirtæki. Eldri systir mín er söngkona, bróðir minn er dansari og litla systir er rétt að klára menntaskóla og veit ekkert hvað hún vill gera. Það er spennandi og alger óvissa sem hægt er að tengja við tómið,“ bendir Ragnheiður á og segir gesti líka koma við sögu í sýningunni – rétt eins og í kaffiboði. „Við fléttum líka inn í gamaldags söngskemmtun,“ upplýsir hún.

Augun hvarfla að myndinni sem sýningin byggist á. „Allir þessir litlu ljósu kollar ætla að fara að fjalla um tómið sem getur verið svo myrkt og magnað en um leið fallegt og hversdagslegt því það er allt í kringum okkur. Við getum hugsað okkur tómt glas eða tómt hús – já, það á vel við því öll börnin eru flutt að heiman,“ segir Ragnheiður Harpa og bætir við hlæjandi: „En það gæti verið áhugavert að endurtaka myndatökuna núna. Íris er orðin stærst af okkur öllum og ég mundi líklega ekkert sjást á nýju myndinni.“ Alvarleg aftur: „Svona er hægt að tvinna inn í þetta endalausar myndir … það er svo margt sem býr í tóminu.“

Á vefnum www.lokal.is er hægt að fræðast um hátíðina í heild.

➜Þetta er svona afsökun til að koma saman og búa til smá leikrit.



**AÐALSPRAUTAN** „Það er spennandi að taka eitthvað risastórt eins og tómið og fjalla um það á einfaldan og skemmtilegan hátt,“ segir Ragnheiður Harpa.



**AÐALMYNDIN** Þráðurinn er þessi mynd sem tekin var fyrir fimmtán árum að sögn Ragnheiðar sem er elst systkinanna.

# Þrykkti kaffi á gólfinu í Árbæjarsafninu

Myndlistarkonan Halla Þórlaug Óskarsdóttir opnar sína fyrstu einkasýningu á kaffihúsinu GÆS í Tjarnarbíói í dag.

„Titillinn á sýningunni vísar bæði til framtíðarinnar, að spádómurinn segir þér hvað, hvar eða hvernig þú verður, en líka til þess hvernig allir bera ábyrgð á eigin lífi og verða að breyta út frá eigin sannfæringu,“ segir myndlistarkonan Halla Þórlaug Óskarsdóttir. Halla opnar sína fyrstu einkasýningu í dag klukkan 13 í kaffihúsinu GÆS í Tjarnarbíói og ber hún titilinn Þú verður.

Halla Þórlaug, sem útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskólans (LHÍ) vorið 2012 og stundar nú meistaranám í ritlist við Háskóla Íslands, segir að verkin á sýningunni séu unnin út frá kaffispádómum. „Ég spáði í bolla fólks út frá kúnstarinnar reglum og þrykkti svo spádómana og myndirnar á grafíkpappír með aðferð sem kallast æting,“ útskýrir Halla og bætir við að myndirnar hafi hún þrykkt í gamla skólanum sínum, LHÍ, en textann þrykkti hún í Árbæjarsafni.

„Á Árbæjarsafninu fékk ég að nota gamla prentsmiðju eftir lokun. Það var mjög sérstakt að sitja í lyktinni þar og pressa spádóma í pappír. Hugmyndin að verkunum kviknaði út frá vangaveltum um myndlestur, sem mér finnst ekki ósvipað listinni að spá í bolla.“

Sýningin stendur yfir næstu tvær vikurnar.

➜ Á Árbæjarsafninu fékk ég að nota gamla prentsmiðju eftir lokun.



**ÞÚ VERÐUR** Verkin á fyrstu einkasýningu Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur eru unnin út frá kaffispádómum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



SKIPTI-BÓKA-MARKAÐUR
ÓDÝRT í SKÓLANN !!!
HIGHLIGHTER
95 kr. stk
69 kr. stk
199 kr. stk
Memoris-Precious
school
12 Colour pencils
399 kr. stk
Memoris-Precious
Calculator
299 kr. stk
99 kr. 3 stk
379 kr. stk
89 kr. stk
49 kr. stk
STAEDTLER
17 kr. stk
Stílabók
79 kr. stk
35 kr. stk
49 kr. stk
Gul og Græn
85 kr. stk
Nýtt kortatímabil
Opnunartímar
Alla virka daga og laugardaga Kl. 10-22
Sunnudagar Kl. 13-22
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR
SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010
Auglýsingin gildir til og með 19. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
EINFALT OG GOTT ÓDÝRAR NÚÐLUSÚPUR Á SVIPSTUNDU
98 KR.
YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX
29 KR.
ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI
NICKY
898
12 RÚLLUR
NICKY WC SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR
NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA
SJÓFRYST ÝSUFLÖK 1259 KR.KG
Sinalco 500ml 98 kr.
FAIRY
398
1 LTR.
498
1 kg.
FROSNIR MANGÓBITAR 1 kg.
498
1 kg.
FROSNIR ANANASBITAR 1 KG.
459
1.2 kg.
FROSIN JARÐARBER 1.2 kg.
398
100 gr
Opera d'Italia
ÍTÖLSK HRÁSKINKA
798
500 gr
SOLLU LÍFRÆN ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN 500gr
159
KR. KG
RAUÐAR VATNSMELÓNUR FRÁ SPÁNI
259
KR. 75gr.
BONUS KLETTASALAT 75gr
Kolsýrt vatn
129
KR. 2 ltr.
259
kr. 770gr
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
259
KR. KG.
AMERÍSKAR
SÆTAR KARTÖFLUR
398
500gr
BÓNUS
KAFFI 500g
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTAT

1998 KR kg
KJÖRFUGL **Ferskar kjúklingabringur**

698 KR kg
KJÖRFUGL **Ferskir kjúklingaleggir**

279 KR kg
KJÖRFUGL **Ferskir kjúklingavængir**

## FORELDUÐ PEKINGÖND

Authentic Asia
AROMATIC CRISPY DUCK
A whole boneless crispy aromatic duck with 24 pancakes and hoisin sauce
Simply add spring onions and cucumber

2998 kr.pk
FROSIN FORELDUÐ **ÚRBEINUÐ PEKINGÖND**
*U.Þ.B. 600g* 24 PÖNNUKÖKUR OG HOISIN SÓSA

1598 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

1298 KR. KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSNAR LAMBA SIRLOINSNEIÐAR**

## PAPRIKA
FRÁ HOLLANDI

375 KR kg

759 KR kg
KJÖRFUGL **Heill ferskur**

KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB

1398 KR. KG
**ÍSLENSKT HEIÐALAMB**
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-AÐALBLÁBERJALYNG-EINIR

1898 KR. 450 gr
**FROSIÐ ÞÝSKT- NAUTA T-BONE**

1298 KR. 350 gr
**FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA**

ÞÝSK
**NAUTALUND**
**FROSIN**
3998 KR. KG

NAUTA Veisla
FERSKT-100% NAUTGRIPAHAKK
1298 KR. KG

NAUTA Veisla
NAUTGRIPA GÚLLAS
1998 KR. KG

NAUTA Veisla
NAUTGRIPA SNITSEL
1998 KR. KG

AFGREIÐSLUTÍMI
**LAUGARDAGUR**
**10:00-18:00**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**LAUGARDAGUR**
**10:00-18:00**

**MAÐUR AUGNABLIKSINS**
Pálmi Gunnarsson sendir frá sér sjálfsævisögulega veiðisögu í haust. Hann segir ekki hafa komið til greina að skrifa hefðbundna popparasögu. „Ég barðist við brennivín og dóp í fleiri ár, en ég finn ekki hjá mér neina sérstaka þörf til að kryfja það til mergjar. Ég er meira upptekinn af núinu.“



# Fékk nóg og gekk út úr hringnum

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Pálmi Gunnarsson**, einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar, kemur fram á stórtónleikum í Hörpu og sendir einnig frá sér safnplötu og sjálfævisögulega veiðisögu í haust. Hann einsetti sér að gerast atvinnutónlistarmaður og barðist lengi við Bakkus, en hefur nú verið edrú í nærri tuttugu ár. Pálmi segir það stundum hjálpa sér að líta til baka yfir farinn veg.



Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is













**1950** Fæddur á Vopnafirði og elst þar upp.

**1969** Gengur til liðs við Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar.

**1973** Leikur Júdas í uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur á Jesus Christ Superstar.

**1975** Fyrsta Mannakornsplatan, samnefnd sveitinni, kemur út.

**1977** Vinnur með Björk Guðmundsdóttur að fyrstu sólóplötu söngkonunnar.

**1978** Súpersveitin Brunaliðið sendir frá sér sína fyrstu plötu, Úr öskunni í eldinn.

**1981** Fyrsta sólóplata Pálma, Í leit að lífsgæðum, kemur út. Sama ár sigrar lag sem sungið er af Pálma, Af litlum neista, dægurlagasöngkeppni Ríkissjónvarpsins.

**1982** Pálmi kemur fram í kvikmyndinni Rokk í Reykjavík með hljómsveitinni Friðryk.

**1986** Pálmi syngur Gleðibankann, fyrsta íslenska Eurovision-lagið, í Bergen ásamt Helgu Möller og Eiríki Haukssyni.

**1990** Leikur með Sléttuúlfunum, landsliði íslenskra poppara, á plötunni Líf og fjör í Fagradal.

**2005** Pálmi fagnar 40 ára tónlistarafmæli sínu á Vopnafirði.

**2007** Mannakorn er lokaatriðið á stórtónleikum Rásar 2 á Klambratúni á menningarnótt.

Ef þú nefnir eitthvert götunafn er líklegt að ég viti ekkert um hvað þú ert að tala, en þegar þú biður mig að hitta þig á kaffihúsi til móts við Hótel Óðinsvé er ekkert mál fyrir mig að finna rétta staðinn,“ segir tónlistarmaðurinn Pálmi Gunnarsson þegar blaðamaður tyllir sér niður með honum yfir rjúkandi bolla á kaffihúsi í Þingholtunum. Fyrirfram hafði lítill fugl hvíslað því að blaðamanni að téður söngvari og bassaleikari væri miður vel að sér í landafræði höfuðborgarinnar, í og með vegna þess að hann er uppalinn á Vopnafirði, bjó lengi á Hornafirði og hefur nú haft aðsetur á Akureyri í nærri tvo áratugi, en þær áhyggjur reyndust óþarfar. „Það mætti segja að ég þekki kennileitin,“ segir Pálmi og hlær. Hann segist kunna vel sig norðan heiða þar sem sambýliskona hans starfar sem kennari við Háskólann á Akureyri, en er raunar staddur í stuttum skreppitúr í Reykjavík sem hann nýtir meðal annars til að undirbúa tónleika í Hörpu þann 7. september næstkomandi.

Á tónleikunum fer þessi vinsæli tónlistarmaður yfir rúmlega fjörutíu ára feril sinn í bransanum og á sama tíma kemur út nýr safndiskur með sömu áherslum.

„Ég var í stúdíóinu í gær og kláraði upptöku á nýju lagi sem verður á disknum,“ segir Pálmi og á þar við lagið Núna eftir Magnús Eiríksson, helsta samstarfsmann sinn til ótal ára.

## Náði perlunum í einni töku

Aðspurður segir Pálmi umfjöllunarefni nýja lagsins í raun hvatningu til fólks að drífa í að framkvæma hlutina strax í stað þess að bíða. „Frestunaráráttan í okkur þvælist oft fyrir,“ tekur hann fram og þá liggur beint við að spyrja hvort hann vinni hratt í hljóðverinu.

„Yfirleitt, já. Það er langbesta leiðin, ef mannskapurinn er góður og þú veist að hverju þú ert að leita. Ég hef aldrei verið mikið fyrir yfirlegu. Það heyrist til að mynda vel í bassaleiknum mínum, þar sem mér finnst best að telja í og láta svo vaða. Þegar ég var að byrja að vinna í stúdíóum á áttunda áratugnum fór hrikalegur tími í upptökur. Sum lögin voru tekin upp allt að þrjátíu sinnum og ég gjörsamlega hataði þetta frá byrjun. Mér þótti þetta alveg glatað og auðvitað kom að því að ég fékk nóg og missti mig. Þá grýtti ég frá mér heyrnartólunum, spurði hver andskotinn væri í gangi, og það var í síðasta skipti sem ég stundaði þessa bútasaumsvinnu sem var svo algeng. Alveg síðan þá hef ég reynt að ná einni töku og það gengur oftast ágætlega.“

Náðirðu þá öllum þessum perlum sem eru samofnar íslensku þjóðinni, Reyndu aftur, Þitt fyrsta bros, Ísland er land þitt og ótal fleirum, í einni töku?

„Mörgum þeirra, já. Þitt fyrsta bros eftir Gunnar Þórðarson er reyndar með erfiðari lögum sem ég hef sungið, en það var bara eitt „teik“ og ég lagaði það ekki neitt. Það er eftirminnilegt því ég stóð í stiga og var að mála íbúðina mína þegar Gunnar hringdi í mig og bað mig um að drífa mig í hljóðverið strax því hann vantaði karlrödd. Hann hafði þá gert tilraunir með kvensöng í laginu en það gekk ekki upp og ég náði svona góðu áhlaupi á það og er ánægður enn þann dag í dag. Ég er maður augnabliksins og hef alltaf verið. Það má yfirfæra á sönginn líka. Ég hef alltaf verið til í að taka tilsögn og einn af þeim sem gáfu mér góð ráð var Vilhjálmur heitinn Vilhjálmsson, sá frábæri söngvari og góður vinur minn. Eitt af því sem Villi kenndi mér var að það væri allt í lagi að láta fölsku nótturnar, eða „fallana“ eins og við köllum það, fljóta með, svo lengi sem tilfinningin væri í lagi.“

## Datt inn í bransann

Nú standa fyrir dyrum tónleikar í Hörpu í byrjun september þar sem þú ferð yfir langan feril. Er einhver sérstök ástæða fyrir þessari tímasetningu?

„Nei. Það er alltaf verið að mæla lífshlaupin okkar í einhverjum tímamótum. Þegar ég varð sextugur fyrir þremur árum var ég beðinn um að halda tónleika til að fagna því, en ég fann mig ekki í því þá. Þegar tónleikahaldarinn færði þessa hugmynd í tal við mig síðasta vor leist mér vel á og ég sló til. Bandið sem verður með mér er gott og Magnús Eiríksson og Ellen Kristjánsdóttir, mitt helsta samstarfsfólk í gegnum tíðina, verður auðvitað með. Svo verða stelpurnar mínar, Ninna Rún og Ragnheiður Helga, í bakröddum og svo á ég von á að Sigurður Helgi, strákurinn minn, stígi líka á svið. Ég hefði getað farið þá leið að fylla prógrammið af gestasöngvurum en ég geymi það bara til næstu aldamóta.“

**Ég er alls ekki viðkvæmur fyrir því að ræða um lífshlaup mitt og hef aldrei farið í grafgötur með að stundum hefur þetta verið erfitt.**

Á tónleikunum rennir þú væntanlega í gegnum helstu smellina á ferlinum?

„Já, allt frá því ég hóf ferilinn nítján ára gamall árið 1969. Þá bjó ég á Hornafirði, var að vinna í fiski og spila í Bítlabandi, en datt inn í eina af vinsælustu danssveitum landsins. Ég vissi að Villi Vill var að hætta í Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar og það vantaði bassaleikara og söngvara, svo ég setti í sjálfsbjargarviðleitnisgír dauðans og sendi Magnúsi mjög formlegt bréf, með mynd af mér og allt. Ég vildi óska þess að ég ætti þetta bréf því það er eflaust hrikalega asnalegt, en hálfum mánuði síðar fékk ég svarbréf frá Magnúsi sem var búinn að panta fyrir mig flugmiða til Reykjavíkur sama dag. Ég flaug suður og Magnús bauð mér út að borða á Grillinu þar sem hann sagðist þurfa að kynnast þessum snillingi. Svo fórum við á skemmtistaðinn Röðul, þar sem hann komst að því að ég kunni ekki rassgat á bassa, enda hafði ég verið gítarleikari fram að því. En Magnús gaf mér séns, gegn því að ég æfði mig eins og brjálaður, og hálfum mánuði síðar fékk ég skriflegan samning sem fannst einmitt um daginn, og hangir nú innrammaður uppi á vegg hjá Sigurði syni mínum, í Safnaramiðstöðinni á Hverfisgötu. Svona byrjaði þetta nú allt saman og var rosalegur skóli sem ég bý auðvitað að.“

## Margoft við dauðans dyr

Til viðbótar við tónleikana í Hörpu og safndiskinn kemur í haust út bók eftir Pálma, nokkurs konar sjálfsævisöguleg veiðisaga þar sem Pálmi rekur tengingu sína við veiði og útivist allt frá því hann var smápolli á Vopnafirði. Pálmi segir vinnuna við bókina hafa verið einkar ánægjulega, en kom ekki til greina að skrifa hefðbundna ævisögu nafntogaðs manns um lífshlaupið, ástirnar og ævintýrin?

„Nei, það hefur enn sem komið er ekki komið til greina. Ég er alls ekki viðkvæmur fyrir því að ræða um lífshlaup mitt og hef aldrei farið í grafgötur með að stundum hefur þetta verið erfitt. Ég barðist við brennivín og dóp í fleiri ár, en ég finn ekki hjá mér neina sérstaka þörf til að kryfja það til mergjar. Ég er meira upptekinn af núinu.“

Í ævisögu Magnúsar Eiríkssonar, vinar þíns og samstarfsmanns, sem kom út fyrir nokkrum árum, er ekki dregin dul á að þú og fleiri tónlistarmenn hafi verið ansi djúpt sokknir í sukkið á tímabili. Hvað fannst þér um það?

„Allt í fína. Það var ekkert í þessari bók sem truflaði mig og engar ýkjur. En ég velti því fyrir mér hver væri tilgangurinn fyrir mig persónulega að segja frá tugum ára í óminni og dóp í dóp í fleiri ár, með öllum þeim sársauka sem því fylgdi? Ég er þakklátur fyrir að hafa komist frá þessu fyrir nærsum tveimur áratugum síðan og það skiptir mig meira máli en sukksögur af poppara, þótt þær geti verið fyndnar.“

Varstu hætt kominn á einhverjum tímapunkti, jafnvel inni á spítala?

„Já, ég var margoft við dauðans dyr og staðan var stundum þannig að ég hefði getað meldað mig yfir á næsta fyllerí. Þeir sem ofnota brennivín eða dóp, nokkuð sem ég set undir sama hatt, eru alltaf í rússneskri rúllettu. En ég var jaxl. Ég var djöfulsins jaxl sem var kýldur niður trekk í trekk en stóð alltaf upp aftur og hjólaði inn í hringinn, bara til að láta slá mig kaldan eina ferðina enn. Svo gerðist eitthvað og ég gekk út úr hringnum. Síðan þá hefur edrúgangan mín verið átakalítil en ég nýti mér vissulega fortíðina sem reynslubanka. Þegar ég gleymi að vera þakklátur fyrir að vera til og allsgáður hjálpar það mér að kíkja aðeins til baka.“

# 20-50% AFSLÁTTUR




EKKI
MISSA
AF ÞESSU!

REIÐHJÓL OG AUKAHLUTIR · REEBOK FATNAÐUR OG SKÓR
BOXVÖRUR · LÍKAMSRÆKTARVÖRUR OG MARGT FLEIRA

GAP

FAXAFENI 7 | SÍMI 5 200 200 | GAP.IS



MARY ELLEN MARK hefur heimsótt landið reglulega í 24 ár. Íslandi kynntist hún í gegnum vin sinn, Einar Fal, sem var nemandi Mary Ellen í New York fyrir 25 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heimsfrægur ljósmyndari kennir á Íslandi

Mary Ellen Mark er þekktur ljósmyndari. Eftir hana hafa birst myndir í Life, Rolling Stone, Vanity Fair og The New Yorker, svo eitthvað sé nefnt. Mary Ellen er nú á Íslandi með námskeið í ljósmyndun og nemendurnir koma alls staðar að.

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is



Mary Ellen Mark hefur ferðast víða um lönd og álfur til þess að taka ljósmyndir. Hún hefur sýnt verk sín um allan heim. Nú er Mary Ellen stödd á Íslandi, þar sem hún heldur námskeið í ljósmyndun. Nemendur hennar koma allstaðar að úr heiminum, meðal annars frá Brasilíu og Kanada. Mary Ellen elskar Ísland og segir landið einstakt og óspillt. Hún hefur heimsótt Ísland reglulega í um það bil 24 ár. Mary Ellen kennir á námskeiðinu með vini sínum, ljósmyndaranum Einari Fali Ingólfssyni, í tengslum við Myndlistarskólann í Reykjavík um þessar mundir. Einar Falur var nemandi Mary Ellen fyrir 25 árum í New York. Þetta er þriðja árið í röð sem Mary Ellen heldur námskeið á Íslandi og vert er að nefna að margir nemendur eru að koma í annað sinn, en nokkrir hafa komið öll þrjú árin. Mary Ellen er dugleg að rækta tengsl sín við Ísland og vonast til þess að geta haldið fleiri námskeið á komandi árum.



MYND/MARY ELLEN MARK

**RAM PRAKASH SINGH** með fílnum sínum Shyama í Ahmedabad á Indlandi árið 1990.



**AF LOKADEGI NÁMSKEIÐSINS** í Þjóðminjasafninu í gær. Hér sjást Mary Ellen Mark og Einar Falur fara yfir verk nemenda sinna. . FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KRAFTMIKILL
SÖLUMAÐUR

**Leitum að kraftmiklum sölumanni** í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á raftækjum og vera 22 ára eða eldri. Heiðarleiki, góð tölvukunnátta og rík þjónustulund skilyrði.

**Sjónvarpsmiðstöðin** er ein rótgrónasta raftækjaverslun landsins þar sem mikið er lagt upp úr góðri og persónulegri þjónustu.

Áhugasamir vinsamlega fyllið út umsóknareyðublað á www.sm.is

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is



MYND/NADIA ENEDAHL

## VERK AF NÁMSKEIÐI MARY ELLEN MARK

Nadia Enedahl er sænskur nemandi Mary Ellen Mark og Einars Fals. Hún er einlægur aðdáandi Mary Ellen og segir hana vera sinn uppáhaldsljósmyndara og hafa kennt sér margt. Nadia Enedahl eyddi miklum tíma af dvöl sinni á Íslandi á Sólheimum með Sollu, sem sést hér á myndinni fyrir ofan. Nadia Enedahl fékk styrk í heimalandi sínu til þess að sækja námskeiðið hjá Mary Ellen, sem hún segist líta gríðarlega upp til sem ljósmyndara og manneskju.



# ÁFRAM NÁMSMENN

NÝTT
Kortatímabil




Verð 95 krónur

**Mars ergosoft**
Einstaklega góður

Verð 344 krónur

**Artline200**
Traustur & góður

Verð 239 krónur

**Staedtler skrúfblýantur**
Röndóttur. 0,5 mm.

Verð 19 krónur

**Vinsælt strokleður**
Eiturefna frítt

25% afsláttur




Tilboð kr. 1.833
5 í pakka

**Mennt er máttur**
Fimm A4 stílabækur í pakka, línustrikaðar.
Verð áður kr. 2.320,-



Verð 224 kr. stk A5

Verð 261 kr. stk A4

TILBOÐ

**Stílabækur - Margir litir**
Vírheftar, línustrikaðar, til í A4 og A5



Tilboð kr. 9.999
VERÐ ÁÐUR ~~19.999~~

**FRÁBÆRAR TÖSKUR FYRIR SKÓLANN**
Vasi fyrir fartölvuna og bækurnar
2 ára ábyrgð
Til í tveimur litum




Verð 399 krónur

**Límstifti**
Gott á pappír

UHU 8gr

RISA SKIPTI BÓKA MARKAÐUR
FÁÐU MEIRA FYRIR ÞÍNAR BÆKUR!

Skoðaðu úrvalið
í 60 síðna skólabæklingi
á **EYMUNDSSON.IS**




Tilboð gildir til og með 19. ágúst.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

# Læt verkin tala í stað þess að rífa kjaft í fjölmiðlum

**Gylfi Þór Sigurðsson verður í stærra hlutverki hjá Tottenham í vetur en á síðustu leiktíð ef marka má undirbúningsleiki liðsins. Gylfi fagnar aukinni ábyrgð. Gylfi segist vera mjög hamingjusamur í London og hjá Spurs. Hann segist hafa meiri áhuga á því að spila fótbolta en hanga á Twitter-samskiptasíðunni. Fyrirmyndardrengurinn segist líka taka sitt hlutverk sem fyrirmynd alvarlega.**



**BÁÐIR FÆTUR Á JÖRÐINNI** Gylfi Þór hefur ávallt vakið athygli fyrir hæverska framkomu og kurteisi. Hann lætur verkin tala.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

Gylfi Þór Sigurðsson sló í gegn í ensku úrvalsdeildinni hjá Swansea eftir áramót í fyrra. Hann skoraði sjö mörk í átján leikjum og lék á als oddi. Hann var valinn besti leikmaður deildarinnar í marsmánuði og var í kjölfarið orðaður við flest stórlið deildarinnar.

Úr varð að eitt stærsta félag landsins, Tottenham Hotspur, keypti Gylfa á 1,6 milljarða króna. Það er ætlast til mikils af leikmönnum sem keyptir eru á slíkan pening. Tímabilið hjá Spurs í fyrra gekk upp og ofan en Gylfa óx ásmegin eftir því sem leið á tímabilið. Þegar upp var staðið spilaði hann 32 leiki fyrir félagið og skoraði þrjú mörk.

„Það tók mig heldur lengri tíma að komast í gang en ég var að vonast til. Eftir jól fóru hlutirnir að smella saman. Ég fór aldrei að örvænta neitt og leið alltaf vel þó svo að það væri ekki allt að ganga upp. Ég var orðinn svolítið pirraður stundum þegar boltinn fór í stöngina og út. Svo þurfti bara eitt ljótt mark gegn West Ham til þess að snúa gæfunni við,“ sagði Gylfi Þór og brosti sínu vinalega brosi þar sem hann sat á spjalli við blaðamann á Nordica-hótelinu. Hann var þar með landsliðinu í aðdraganda leiksins við Færeyjar sem hann gat að lokum ekki spilað vegna meiðsla. Meiðslin eru þó ekki alvarleg.

### Vill fá stærra hlutverk

Gylfi hefur spilað mest allra leikmanna Tottenham á undirbúningstímabilinu. Spilað 90 mínútur í öllum leikjum nema einum. Það gefur klárlega til kynna að stjóri liðsins, Andre Villas-Boas, ætli Gylfa mun stærra hlutverk hjá liðinu í vetur en á síðustu leiktíð.

„Það er mjög jákvætt að hafa fengið þetta tækifæri og vonandi verður áframhald á þessu. Það hefur ekkert breyst þannig. Leikmenn hafa komið og farið eins og gengur. Ég veit betur núna út á hvað þetta gengur og líður þar af leiðandi betur. Ég vil að sjálfsögðu fá stærra hlutverk. Ég vissi að það tæki tíma að stimpla sig inn. Nú er það undir mér komið að halda mér í liðinu.“

Gylfi segir að markmið sitt sé að festa sig í sessi hjá liðinu í vetur. „Það væri líka gaman að skora eitthvað af mörkum. Svo er yfirlýst markmið hjá liðinu að tryggja sig inn í Meistaradeildina. Svo viljum við eðlilega fara langt í Evrópukeppninni og bikarnum líka. Það væri ekki leiðinlegt að fá einhverja bikara á White Hart Lane í vetur. Það er alltaf pressa hjá þessu félagi og hún er ekkert meiri núna en venjulega. Það er mikið hungur hjá leikmönnum að komast í Meistaradeildina og það mun drífa okkur áfram.“

### Hausinn þarf að vera í lagi

Það hafa orðið nokkrar breytingar á Tottenham-liðinu í sumar og meðal annars er Bandaríkjamaðurinn Clint Dempsey horfinn á braut en hann keppti við Gylfa um sæti í liðinu. Margir Íslendingar voru fúlir yfir því hversu lítið Gylfi fékk að taka af horn- og aukaspyrnum í fyrra enda frábær spyrnumaður. Þar eru að verða breytingar.

„Ég fékk aðeins að spreyta mig en Bale var að skora úr aukaspyrnum þannig að erfitt var að komast þar að. Í síðustu leikjum hef ég nánast verið að taka öll horn og allar aukaspyrnur. Það er mjög jákvætt. Það bendir margt til þess að ég sé að fá stærri rullu. Stjórinn þekkir mig betur núna og treystir mér kannski betur til þess að taka meiri ábyrgð.“

Líf atvinnumannsins getur verið skrautlegt. Það getur gengið vel einn mánuðinn og þann næsta eru menn dottnir úr liðinu og komnir í erfiða stöðu. Hvernig glímir Gylfi við þessi vandamál?

„Það er lykilatriði að halda sér rólegum. Ef maður æfir sig nógu mikið þá kemur þetta oft til baka. Það er nauðsynlegt að hafa hausinn í lagi og vera jákvæður. Maður fær alltaf tækifæri aftur og því um að gera að setja sér markmið og láta ekkert stoppa sig.“

Hafnfirðingurinn segir að sér hafi liðið vel hjá Spurs og í Lundúnum en hverjir eru hans helstu félagar í liðinu?

„Ég hef verið mikið með Tom Huddlestone og Jake Livermore. Við förum svolítið í tennis og ég er að vinna þá þar. Svo spilum við líka svolítið golf og ég hef verið að hafa betur þar líka. Er aðeins að kenna þeim,“ sagði Gylfi og hló. Hann þarf reyndar að finna sér nýja vini því þeir eru báðir farnir frá félaginu.

Gylfi er afar liðtækur golfari og er með sjö í forgjöf. Bróðir hans, Ólafur Már Sigurðsson, er einn besti kylfingur landsins og vinsæll golfkennari þess utan.

„Golf er eitt það skemmtilegasta sem ég geri en ég er ekki enn farinn að vinna Óla. Hann er svo duglegur að kenna mér þegar við spilum. Hann hefur náð mér niður í sjö í forgjöf og veit því greinilega hvað hann er að gera.“

Gylfi segir að sér finnist skemmtilegast að heimsækja heimavelli Man. Utd, Liverpool og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni. Hann man líka vel hvar var leiðinlegast að spila á Englandi.

### Fær alltaf fiðring í magann

„Þegar ég var í láni hjá Crewe á sínum tíma lék ég gegn Accrington Stanley. Það var ekki skemmtilegt. Það var snjór, rigning og þúsund manns í stúkunni,“ sagði Gylfi en fær hann enn fiðring fyrir alla leiki?

„Maður venst þessu en þegar maður labbar út á völlinn og 50 þúsund manns eru að öskra fær maður alltaf fiðring í magann. Þetta er auðvitað það skemmtilegasta sem maður gerir. Ég hef beðið eftir þessu síðan ég var lítill og það er alltaf jafn gaman að labba út á völlinn.“

### Ekki týpan fyrir Twitter

Gylfi er þekktur fyrir að vera rólegur og spar á yfirlýsingarnar. Hann er líka einn af þeim sem forðast samfélagsmiðlana og er til að mynda ekki á Twitter eins og svo margir félagar hans.



## ENGIR STJÖRNUSTÆLAR Í GARETH BALE

Liðsfélagi Gylfa, Walesverjinn Gareth Bale, hefur verið mikið í fjölmiðlum í sumar enda vill spænska stórliðið Real Madrid kaupa hann. Ekki er enn loku fyrir það skotið að Bale fari til Spánar en ef af verður þarf Real að borga upphæð sem aldrei áður hefur verið greidd fyrir leikmann.

„Bale er frábær leikmaður. Hann er ótrúlega snöggur og það er örugglega ekki gaman að vera bakvörður og spila gegn honum. Þetta er mjög fínn strákur. Jarðbundinn og engir stjörnustælar í honum. Það er gaman að vera með honum í liði en pirrandi að vera ekki jafn fljótur og hann,“ sagði Gylfi Þór léttur og glotti við tönn.

„Ég vona að hann verði áfram hjá okkur en það getur verið erfitt að halda honum þegar það er svona mikill áhugi á honum. Þessi fjölmiðlasirkus hefur ekki haft nein áhrif á hópinn og við erum voðalega lítið að fylgjast með því sem er að gerast. Það yrði söknuður að honum enda er hann vinsæll hjá okkur sem og hjá stuðningsmönnunum. Ef hann fer þá koma samt örugglega einhverjir í staðinn. Það verður bara að koma í ljós hvað gerist.“

„Ég er ekki þessi týpa sem hefur áhuga á Twitter. Ég hef bara áhuga á því að spila fótbolta og fara svo heim að slappa af. Þetta heillar mig ekki. Ég nota helst tölvuna til þess að horfa á kvikmyndir.“

Þessi 23 ára strákur er mikil og góð fyrirmynd. Hann hefur alla tíð lagt afar hart að sér og er að uppskera eftir því. Hann segist líka ekki vera týpan sem sést niðri í bæ klukkan fimm, enda drekkur hann ekki og hann hefur heldur aldrei notað tóbak. Tekur hann hlutverk sitt sem fyrirmynd alvarlega?

„Ég tek það nokkuð alvarlega. Ég hugsa ekki mikið um hvernig fólk hugsar um mig en ég hugsa meira um hvernig ég geti gert hlutina rétt. Ég hugsa mjög vel um sjálfan mig og sleppi áfengi og tóbaki. Það stendur ekkert til að breyta því. Ég hef síðan reynt að láta verkin tala í stað þess að rífa kjaft í fjölmiðlum.“

### Höfum meiri trú á landsliðinu

Gylfi hefur verið í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu sem á enn möguleika á því að komast á HM næsta sumar. Það þarf þó margt að ganga upp til þess að sá draumur verði að veruleika. Gylfi hefur aðallega spilað á kantinum en viðurkennir að sér líði betur í annarri stöðu.

„Mér líður best í holunni fyrir aftan framherjana en við spilum 4-4-2 og Lars gefur mér svolítið frjálst hlutverk þannig að ég fæ að koma inn á miðjuna. Ég er mjög sáttur við það og finn mig vel. Ég hef samt alltaf sagt að svo lengi sem ég sé inn á vellinum þá sé ég sáttur.“

Gengi íslenska landsliðsins hefur verið allt annað og betra síðan Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson tóku við liðinu. Það virðist líka vera annar og betri andi í herbúðum liðsins. Hver er helsti styrkleiki þjálfaranna?

„Þeir eru mjög góðir saman. Það er góður agi og skipulag hjá okkur. Það er farið vel yfir alla hluti. Undirbúningur er eins og best verður á kosið. Það hefur tekist að skapa góða stemningu í kringum liðið og Heimir á mikinn þátt í því. Helsti munurinn á stemningunni í hópnum er helst sá að það er meiri trú á að við getum náð árangri en áður.“

Liðsfélagi Gylfa, Wales-maðurinn Gareth Bale, hefur verið mikið í fjölmiðlum í sumar enda vill spænska stórliðið Real Madrid kaupa hann. Ekki er enn loku fyrir það skotið að Bale fari til Spánar en ef af verður þarf Real að borga upphæð sem aldrei áður hefur verið greidd fyrir leikmann.

„Bale er frábær leikmaður. Hann er ótrúlega snöggur og það er örugglega ekki gaman að vera bakvörður og spila gegn honum. Þetta er mjög fínn strákur. Jarðbundinn og engir stjörnustælar í honum. Það er gaman að vera með honum í liði en pirrandi að vera ekki jafn fljótur og hann,“ sagði Gylfi Þór léttur og glotti við tönn.

„Ég vona að hann verði áfram hjá okkur en það getur verið erfitt að halda honum þegar það er svona mikill áhugi á honum. Þessi fjölmiðlasirkus hefur ekki haft nein áhrif á hópinn og við erum voðalega lítið að fylgjast með því sem er að gerast. Það yrði söknuður að honum, enda er hann vinsæll hjá okkur sem og hjá stuðningsmönnunum. Ef hann fer þá koma samt örugglega einhverjir í staðinn. Það verður bara að koma í ljós hvað gerist.“

# KRÓNAN

## Nýtt kortatímabil!



**40% afsláttur**

**1199** kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg

Esju Bayonneskinka úr læri



## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!



**1398** kr. kg

Lambalæri, New York marinerað



**2698** kr. kg

SS kryddlegnar lambatvírifjur



**2057** kr. kg

SS Mexico grísakótilettur



**698** kr. kg

Grillkartöflur, 2 teg.



**15% afsláttur**

**209** kr. stk.

Verð áður ~~259~~ kr. stk.

KEA Aloe Vera jógúrt



**129** kr. stk.

Mountain Dew, 0,5 l



**239** kr. pk.

Oreo kex, 176 g



**1398** kr. kg

Skólaostur í sneiðum

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is




4 LÍTRAR

Vnr. 86332040-9040
Kjörvari 14, viðarvörn,
margir litir, 4 l.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð
3.990 kr.
Almennt verð 4.995 kr.




10 LÍTRAR

Vnr. 86647583-9283
KÓPAL STEINTEX
múrmálning, allir litir, 10 l.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð
9.990 kr.
Almennt verð 13.290 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA
VERÐ

# KLÁRUM SUMARVERKIN UM HELGINA

málning




2,5 LÍTRAR

Vnr. 86333025
Viðarskoli, 2,5 l.

3.995 kr.

Sadolin




1 LÍTRI

Vnr. 89819910
SADOLIN BIO CLEAN
pallahreinsir, 1 l.

1.990 kr.

málning




1 LÍTRI

Vnr. 86160010
Tröppumálning,
grátt, 1 l.

2.990 kr.




4 LÍTRAR

Vnr. 86800140-3040
Þol akrýlþakmálning,
4 l, margir litir.

7.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki og penslasett.
**1.290 kr.**



Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.
**1.850 kr.**

Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
**499 kr.**

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



*Harris®*
Vnr. 83072110-30
HARRIS EXPERT penslar, 25, 38, 50 eða 75 mm.
Verð frá:
**329 kr.**



Vnr. 83001994
HARRIS Extra Plus penslasett, 3 penslar.
**690 kr.**



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.
**990 kr.**



Vnr. 58365522
PXTRA-pensill, 13 cm.
**2.390 kr.**

## MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐA MÚREFNUM!

SCHOMBURG




Vnr. 18572015
2K/M AQUAFIN þurrefni, 25 kg.
**6.390 kr.**

Vnr. 18575514
SCHOMBURG INDUCRET BIS 1/6. Vatnsheldur þéttimúr sem hentar við frágang á steypu eða múruðu, láréttu og lóðréttu yfirborði. Einnig til að filta yfir viðgerðir, 25 kg.
**2.490 kr.**

Vnr. 18572014
AQUAFIN-2K/M þéttimúr, tveggja þátta sveigjanlegt ákústunarefni með sements-grunni. Vökvi, 10 kg.
**13.690 kr.**

Vnr. 18575515
SCHOMBURG INDUCRET BIS 5/40. Viðgerðarblanda ætluð til viðgerðar á steinsteypu. Blönduna er hægt að nota bæði úti og inni, 25 kg.
**3.390 kr.**

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

## HVAR ENDA FÖTIN?



FATA-IÐNAÐUR → VERSLANIR → NEYTANDINN → RAUÐI KROSSINN → FATAFLOKKUNARSTÖÐVAR Í HOLLANDI OG ÞÝSKALANDI

**85%** AF FATNAÐINUM FER Í LANDFYLLINGAR

**15%** AF FATNAÐINUM FER
- Í VERSLANIR SEM SELJA NOTUÐ FÖT
- Í ÝMSAN IÐNAÐ TIL DÆMIS BÍLAIÐNAÐ
- TIL ÞRIÐJA HEIMSINS



**½%** af hverju tonni af notuðum fötum sem fer í gegnum fataflokkunarstöðvar fer í tískuverslanir sem selja notaðan fatnað.

**500 TONN** af fatnaði renna til Rauða krossins á Íslandi á ári. Mestur hluti þess fatnaðar sem Rauði krossinn safnar fer úr landi til fataflokkunarstöðva sem sérhæfa sig í flokkun og endurvinnslu fatnaðar og ágóðinn af sölunni er notaður í alþjóðlegt hjálparstarf.

**ÚTHLUTUN** Rauði krossinn er með úthlutun til fátækra einu sinni í viku hér á landi og selur líka hluta fatnaðarins í Rauða kross-búðirnar innanlands.

# Er tískan pólitísk?

Neysla á notuðum fatnaði helst í hendur við umbrotatíma þegar stríð geisa og samfélög riða til falls. Nú leitar fólk að fötum á flóamörkuðum og í tískuverslunum til að byggja sjálfsímynd sem áður mótaðist einkum af stétt og stöðu.



➜ Svala Björgvinsdóttir var valin best klædda kona Íslands í Fréttablaðinu um síðustu áramót en hún hefur verið hugmyndarík við að endurnýta flíkur.

Verslanir sem selja notaðan fatnað á Íslandi hafa aldrei verið fleiri. Á Laugaveginum eru að minnsta kosti sjö verslanir sem selja notuð föt. Þekktasta verslunin í miðbæ Reykjavíkur er Spúútnik, en hún hefur verið starfandi á þriðja áratug. Eigandi verslunarinnar, Þuríður Hauksdóttir, opnaði aðra verslun, Nostalgíu, fyrir nokkrum árum. Einnig er nýleg verslun á Laugaveginum sem heitir Kassetta og verslunin Hakunamatata er í samstarfi við barnastarf ABC. Rauði krossinn er með tvær verslanir á Laugaveginum og önnur þeirra tekur sérstaklega mið af tískunni, en verslunin við Hlemm selur meðal annars notuð barnaföt. Verslunin AFTUR er með öðru sniði en aðrar verslanir sem selja notaðan fatnað því þar eru fötin endurhönnuð og seld sem hátískuvara.

Í nýlegum fréttum af atburðum í Bangladess hefur fólk fengið að sjá og heyra hvernig offramleiðsla á fatnaði hefur áhrif á líf og heilsu fólks í þriðja heiminum. Fataframleiðendur reyna að koma til móts við tískuhúsin á Vesturlöndum með sífellt ódýrari vörum. Í því felst að lágmarka laun og aðbúnað fólks sem vinnur við textíliðnaðinn. En áður en offramleiðsla hóf að skila ódýrum fatnaði á almennan markað var endurnýting hluti af daglegu lífi fólks. Fataplöggin gengu á milli systkina og kynslóða og voru þannig endurnotuð. Textíll var líka endurunninn þegar kjólar voru saumaðir úr gardínum eða upp úr öðrum kjólum. Offramleiðslan lækkaði vöruverð töluvert og dró mjög úr nauðsyn endurnýtingar. Það skapaði hins vegar um leið mikinn úrgang. Offramleiðslan hefur eflaust verið fagnaðarefni fyrir marga enda hefur endurnýting innan heimilisins oft verið túlkuð sem fátæktarmerki. Til að mynda kemur fram í viðtali við Þuríði Hauksdóttur í DV árið 2002 hvaða viðhorf ríktu hér áður fyrr í garð þess að unglingar keyptu notaðan fatnað. Þá skiluðu foreldrar oft fatnaði sem unglingar höfðu keypt í Spúútnik því þeir vildu frekar að þau keyptu nýjar en notaðar flíkur, segir Þuríður.

### Hinn einstaki fatastíll samtímans

Hvaða ástæður liggja að baki þess að notaður fatnaður í dag er hluti af tískustraumum samtímans? Þær rannsóknir sem fengist hafa við að skoða breytingar á neyslumynstri hópa benda til að það sé meðal annars vegna hnattvæðingar.

Ástæðurnar sem liggja að baki má meðal annars rekja til þess að einstaklingum fannst hætta stafa af því að fjöldaframleiddur tískufatnaður eyddi út persónueinkennum. Flóamarkaðir og verslanir sem selja notuð föt eru í því hlutverki að veita tískuneytendum einstakan fatnað sem erfitt er að herma eftir. Millistéttin notar sérstaklega notuð föt til að aðgreina sig með sýnilegum hætti og blandar gjarnan saman hátískuvörum og notuðum fötum. Á þann hátt sýnir fólk fram á að það hafi smekk og þekkingu til að móta sinn eigin stíl, eins og fyrirsætan Kate Moss sem birtist reglulega á forsíðum tískutímarita.

### Hippar, pönkarar og pólitísk yfirlýsing

Þeir neytendur sem versla með tilliti til tískunnar á flóamörkuðum þurfa að búa yfir tískulæsi til að vita hvað er verðmætt og viðeigandi fyrir tísku samtímans. Fatnaður sem seldur er í Spúútnik er aftur á móti valinn sérstaklega með hliðsjón af því sem er í gangi í tískuheiminum hverju sinni. Því þurfa viðskiptavinir Spúútniks ekki að búa yfir sérstöku tískulæsi. Tískufatnaður gegnir því þýðingarmikla hlutverki í sköpun sjálfsins og fötin lifa og deyja fyrir tilstilli viðhorfa. Því er gildi einnar og sömu skyrtunnar til að mynda ólíkt eftir því hvort Spúútnik-týpa skartar henni úti á lífinu eða fátækur maður í Malaví fer í hana eftir fataúthlutun hjálparsamtaka. Neysla á notuðum fatnaði tekur því mið af þeim tískusjónarmiðum að móta sér sérstakan einstaklingsmiðaðan stíl, ólíkt því sem var á hippatímanum en þá var það pólitísk yfirlýsing að klæðast notuðum fötum í andstöðu við neyslusamfélagið.

Valdalitlir hópar hafa oft tjáð andóf sitt gegn neyslusamfélaginu með klæðaburði. Pönkararnir eru nærtækasta dæmið en þeir sköpuðu sinn eigin fatastíl og höfnuðu þannig ríkjandi tísku. Tíska og fatastíll taka því mið af stöðugum breytingum sem eiga sér stað í samfélögum heimsins. Hugsanlega geta því fréttir af atburðum eins og áttu sér stað í Bangladess haft áhrif til lengri tíma litið og komið af stað andófi. Það gæti falist í því að neytendur kaupi einungis notaðan fatnað, eða í það minnsta sniðganga verslanir sem hirða ekki um mannréttindi.

**Gunný Ísis Magnúsdóttir**
Höfundur er mastersnemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands.


:fá+ HEILBRIGÐISSKÓLINN
FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Getum bætt við nemendum á heilbrigðisritarabraut lyfjatæknabraut og læknaritarabraut**

Nokkur pláss eru laus fyrir nemendur á heilbrigðisritara-, lyfjatækna- og læknaritarabraut á haustönn 2013.

Einnig verður boðið upp á nám í lyfjatækni með starfi, ef þátttaka verður næg.

**Nánari upplýsingar veita:**
Bryndís Þóra Þórsdóttir kennslustjóri lyfjatæknabrautar, netfang: binna@fa.is og Kristrún Sigurðardóttir kennslustjóri heilbrigðisritara- og læknaritarabrauta, netfang: run@fa.is


## Í gegnum tíðina



### ➜ Síðari heimsstyrjöldin

**Eftir síðari heimsstyrjöld** jókst sala á notuðum fötum annars vegar vegna offramleiðslu á fatnaði hermanna. Unglinga- og jaðarmenning á þeim tíma hafði mótandi áhrif á þá þróun sem síðar varð í tísku á notuðum fötum.



### ➜ Hippatíminn

**Hippamenningin** endurvakti jaðarmenningu eftirstríðsáranna.

### ➜ Sovétríkin

**Þegar Sovétríkin liðuðust í sundur** opnuðust öll landamæri í austur og á sama tíma jókst viðskiptafrelsi í þriðja heiminum og viðskipti með notaðan fatnað í heiminum margfölduðust.



### ➜ Hnattvæðingin

**Hnattvæðingin** hafði þau áhrif að einstaklingar og hópar leituðu í flóamarkaði og verslanir sem selja notuð föt. Ástæðan er talin vera sú að þar var hægt að finna fatnað sem var ólíkur þeim sem er til sölu í stóru verslunarkeðjunum.

### ➜ Samtíminn

**Tískuhúsin H&M og Topshop** leitast nú við að sækja sér hugmyndir fyrir framleiðslu sína í sköpunarkraft grasrótarinnar sem er stöðugt að búa til nýjar hugmyndir með notaðan fatnað.

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

# Ný og glæsileg Lyfja við Nýbýlaveg

## Opnunartilboð 14.-19. ágúst

Í tilefni af opnun nýju verslunarinnar verðum við með frábær og frískandi tilboð í Lyfju Nýbýlavegi til 19. ágúst. Líttu inn til okkar, skoðaðu vöruúrvalið og nýttu þér veglegan afslátt í leiðinni.

Glæsilegir kaupaukar fylgja völdum ilmvötnum á meðan birgðir endast.

**Við hlökkum til að sjá þig.**

## 50% **afsláttur** af völdum vörum

L'ORÉAL PARIS — L'Oreal Total Repair BB-krem og L'Oreal Revitalift dagkrem



MAYBELLINE NEW YORK — Falsies Feather-look maskari



OROBLU — Af völdum sokkabuxum

## 25% **afsláttur** af ýmsum gæðavörum

CLINIQUE
L'ORÉAL PARIS
MAYBELLINE NEW YORK

Heelen, Dr. Comfort — Gæða-fótavörur og sokkar

matas — Danskar hágæða-húðvörur

## 25% **afsláttur** af öllum helstu bætiefnum

SOLARAY · now · VITABIOTICS (WHERE NATURE MEETS SCIENCE) · GULI MIÐINN · Einádag · BIOMEGA

Lyfja Nýbýlavegi 4, sími 527 2755.
Opið alla virka daga frá kl. 10–18:30
og laugardaga kl. 11-16.



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Það er alltaf líf í Nauthólsvík á góðviðrisdögum. Þessir drengir skemmtu sér við að hylja sem mest af einum sem ætlaði í sólbað en hann tekur því með stökustu ró. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Reykjavík sumarið 2013

Sólin hefur verið frekar spör á geisla sína í borginni í sumar. Góðir dagar hafa komið inn á milli. Skin og skúrir eins og í lífinu sjálfu. Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á ferð og flugi eins og endranær og náðu víða smellnum myndum.



**GÖTUHÁTÍÐ JAFNINGJAFRÆÐSLUNNAR** Austurvöllur er aðalútivistarstaður borgarinnar þegar vel viðrar og þessi tvö skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**RIGNING** Ferðamennirnir fengu að kenna á rigningunni í Reykjavík í sumar, rétt eins og íbúarnir. En þeir kunna að klæða sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VOLCANO** Ferðamönnum á tjaldstæðinu í Laugardalnum var komið skemmtilega á óvart með glettnislegum atriðum sirkussins Volcano. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# SKÓLAR
## & NÁMSKEIÐ

LAUGARDAGUR 17. ÁGÚST 2013

## Spjaldtölvur til hagræðingar

Grunnskólar nota spjaldtölvur mikið við kennslu og hefur það gefið góða raun. SÍÐA 2

## Auðlind fyrir kennara

Þrír kennarar stofnuðu námsgagnaveitu sem er vinnusparandi verkefnabanki fyrir kennara og foreldra. SÍÐA 6

## Alþjóðleg viðurkenning

60 stúlkur tóku þátt í markþjálfun en verkefnið fékk alþjóðlega viðurkenningu. SÍÐA 10

# Spjaldtölvurnar komnar til að vera

**Norðlingaskóli** í Reykjavík er í fararbroddi grunnskóla sem hafa innleitt spjaldtölvur í kennslu hérlendis. Næsta vetur munu allir nemendur unglingadeildar nota iPad. Mikil hagræðing felst af innleiðingu þeirra fyrir nemendur, kennara og foreldra.

Spjaldtölvur hafa verið nýttar í nokkrum grunnskólum landsins undanfarin tvö ár með góðum árangri. Norðlingaskóli í Reykjavík hefur verið í fararbroddi við innleiðingu spjaldtölva í kennslu og verður næsta önn sú fjórða í röðinni þar sem spjaldtölvur eru notaðar markvisst í kennslu á unglingastigi. Ragnar Þór Pétursson, umsjónarkennari í 8. og 10. bekk, hefur leitt innleiðinguna í skólanum. Hann segir að þegar kennarar deildarinnar hafi velt fyrir sér skólaþróun hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu að spjaldtölvur yrðu líklega verulega góður kostur. „Það gekk þó ekki baráttulaust að fá samþykki fyrir því á sínum tíma en á endanum tókst að spjaldtölvuvæða einn árgang. Í vetur ættu allir nemendur þriggja árganga unglingadeildar skólans að hafa iPad.“







Ragnar Þór Pétursson, umsjónarkennari í Norðlingaskóla. Notkun spjaldtölva hefur aukist mikið í grunnskólum landsins. MYND/GETTY

Spjaldtölvuvæðingin hefur gert nemendur mun sjálfstæðari að sögn Ragnars og þeir leita fjölbreyttari leiða við að ná markmiðum sínum. „Ábyrgð þeirra á eigin námi er mun meiri og þetta frelsar kennara frá því til dæmis að vera málpípur og túlkar í efnum þar sem það er í raun og veru óþarft. Námið er miklu innihaldsríkara og betra og sá tími sem fer í samskipti og samveru er betur nýttur.“ Hann segir einnig mikið hagræði hljótast af þessu fyrir nemendur, kennara og foreldra. „Mér sýnist að notkun spjaldtölvanna muni spara foreldrum unglingastigsins tæpar tvær milljónir í innkaup fyrir skólann.“

Fyrir kennara er að sögn Ragnars mesti munurinn sá að þeir eru farnir að sjá fram á að geta sinnt hverjum nemanda betur og þurfi ekki lengur að nálgast námshópa sem hjarðir sem mata þarf allar í einu. „Auk þess er gaman að geta undirbúið kennslu og unnið úr henni með öðrum kennurum í stað þess að vera mikið til fastur inni í faginu sínu, einn með ábyrgðina og alla vinnuna. Við vinnum mikið meira saman.“

ALÞJÓÐA SKÓLINN á Íslandi

Global Citizens Made at ISI

Alþjóðaskólinn er einkarekinn grunnskóli sem býður upp á alþjóðlega menntun fyrir grunnskólabörn á aldrinum 5 –12 ára. Áhersla er lögð á alþjóðlega vitund og jákvæðan aga í tvítyngdu umhverfi. Tvær námsleiðir eru í boði. Annarsvegar námsbraut þar sem kennsla fer eingögnu fram á ensku og hinsvegar tvítyngd námsbraut þar sem kennsla fer fram á íslensku og ensku.

The International School of Iceland offers a dynamic learning environment for primary school children (K-7). Our emphasis is on international mindedness and positive discipline in a bilingual environment.

For more information please visit our website at: www.internatonalschool.is




Alþjóðaskólinn á Íslandi / Lönguhlið 8 / 210 Garðabæ
Sími 590-3106 / admin@internationalschool.is / www.internationalschool.is



Með skiptinámi gefst tækifæri til að stunda nám í dýrum háskólum erlendis.

## *Skiptinám og jafnrétti*

„Það er mikil lífsreynsla að fara erlendis og þurfa að standa algjörlega á eigin fótum í nýju landi,“ segir Harpa Sif Arnarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands. „Skiptinemarnir tala um að reynslan sé þroskandi, auki víðsýni og síðar í lífinu finnst þeim þeir hafa grætt á skiptináminu. Í okkar alþjóðavædda samfélagi er mikils virði að hafa reynslu úr erlendum háskólum.“

Harpa bætir við að skiptinám tryggi að vissu leyti jafnrétti til náms, því skiptinámið sé endurgjaldslaust ef frá er talið skráningargjald í Háskóla Íslands sem er 60.000 krónur. „Boðið er upp á skiptinám í mjög flottum skólum erlendis þar sem árið eða önnin getur kostað fleiri milljónir. Þarna fá nemendur tækifæri til að stunda nám í allt að ár, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af þessum gjöldum. Þetta er góður kostur fyrir þá sem hafa ekki efni á að fara í nám erlendis en dreymir um það.“

Um 250 einstaklingar fara árlega í skiptinám frá Háskóla Íslands. Flestir sækjast eftir að fara til Norðurlandanna, Bretlands, Bandaríkjanna, Ástralíu og Japan.

Umsóknarfrestur í skiptinám til Evrópu vorið 2014 er 16. september.

# Vertu klár í skólann

**Opið til 18 í dag**

**Fjölbreytt skólatilboð á smaralind.is**



Taktu þátt í Facebook-leiknum okkar á
**www.facebook.com/smaralind.is**
Þú gætir unnið úlpu frá Cintamani,
gjafabréf í Eymundsson
eða iPad mini frá Epli.is.



Smáralind

ÍSLENSKA SIA.IS SML 64857 08/13

smaralind.is **Opið:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

# Spennandi námskeið og kennsla í boði

Hljóðheimar bjóða upp á spennandi námskeið í tónlistarsköpun, upptökum og hljóðblöndun, ásamt plötusnúðanámskeiðum. Kennarar eru landsþekktir fagmenn og aðstaðan er til fyrirmyndar.

Undanfarin þrjú ár hafa Hljóðheimar boðið upp á úrval námskeiða og kennslu í tónlistarsköpun (e. music production), upptökum og hljóðblöndun, ásamt dj-námskeiðum. Námskeiðin eru ætluð jafnt byrjendum sem lengra komnum á öllum aldri, auk þess sem þau henta mjög vel öllum þeim sem vilja kynna sér og nýta tölvutæknina í tónlistarsköpun. Nemendur fá auk þess ríflegan afslátt af öllum búnaði tengdum námskeiðunum og kennslunni, auk afsláttar af hljóðverstímum. Í haust hefst fjölbreytt dagskrá þar sem boðið er upp á bæði hópnámskeið og einkakennslu. Meðal námskeiða sem eru í boði má nefna:



Guðni Einarsson, framkvæmdastjóri Hljóðheima og kennari í Music Production. MYND/GVA

### Ableton Live – Music Production

Tónlistarforritið Ableton Live er kynnt og hvernig nýta má það til að fara yfir helstu grundvallarþætti í heimi pródúseringar á elektrónískri tónlist. Ólíkar aðferðir eru kenndar og sú tækni sem þarf til að búa til eigin tónlist frá grunni. Nemendur munu vinna að eigin EP-plötum undir leiðsögn kennara og spila þær á sérstökum útskriftartónleikum.

### Logic Pro – Music Production

Tónlistarforritið Logic Pro verður kynnt og kennt hvernig nýta má það í upptökur, hljóðvinnslu og pródúseringu. Námskeiðið er hannað til þess að gefa nemendum faglega innsýn í hvernig hægt er að pródúsera mismunandi tónlistarstefnur. Æskilegt er að nemendur hafi ágæta tölvukunnáttu, séu með hugmyndir að lögum og brennandi áhuga á tónlist.

### Pro Tools 103

Hnitmiðað og áhrifaríkt námskeið þar sem farið er yfir upptökuforritið Pro Tools og kosti þess. Farið verður meðal annars yfir Pro Tools-upptökukerfið, helstu verkfæri og „editing“. Nemendur geta unnið með sín eigin lög á námskeiðinu.

### Upptökur og hljóðblöndun

Boðið er upp á ítarlega einkakennslu í upptökum, hljóðblöndun og masteringu og munu nemendur sjálfir fá að taka upp tónlist, hljóðblanda og mastera undir leiðsögn kennara. Öll kennsla fer fram í húsnæði Hljóðheima. Nemendur taka upp sjálfir eitt lag frá grunni og hljóðblanda og mastera undir leiðsögn kennara.

### Hljóðhönnun

Nemendur læra grundvallaratriðin í myndun hljóða með hljóðgervlum og „sampling“ aðferðum. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu í að búa til eigin hljóð frá grunni og aðferðum við að þróa sitt eigið „sound“. Kennsla í hljóðhönnun fer fram í einkakennslu og finna nemendur tíma sem hentar þeim í samráði við kennara.

### Dj-námskeið

Boðið er upp á tvö dj-námskeið í vetur sem ætluð eru þeim sem hafa brennandi áhuga á tónlist og hafa metnað til að verða góðir plötusnúðar. Farið verður yfir helstu undirstöðuatriði dj-tækninnar, ásamt ítarlegri yfirferð yfir helstu græjur og nýjustu dj-forritin. Einnig verður boðið upp á framhaldsnámskeið þar sem kafað verður dýpra í beatmix og tækni ásamt því að kynnast masteringu.

Auk ofangreindra námskeiða verður opinn fyrirlestur 7. september þar sem tónlistarmaðurinn og pródúserinn Örlygur Smári flytur fyrirlestur um tónlistarsköpun og pródúseringu. Ásamt því að svara spurningum úr sal mun Örlygur fara yfir vinnuaðferðir sínar, hljóðtækni, tæki og tól við lagasmíðar og hljóðvinnslu.

Skráning á námskeiðin er hafin á hljodheimar.is og fer kennslan fram í Hljóðheimum og Háskóla Íslands. Meðal kennara eru Guðni Einarsson, Örlygur Smári, Viktor Birgisson og Kristinn Evertsson, auk gestakennara.

Nánari upplýsingar má finna á www.hljodheimar.is.



# Haustönn 2013

# Margvíslegar námsleiðir í framhaldsfræðslu í boði hjá Mími-símenntun





## Fórstu ekki í framhaldsskóla?

- **Grunnmenntaskóli 39** – byrjar 9. september - *fullbókað*
- **Grunnmenntaskóli 40**/kvöldskóli – byrjar 24. sepember - *örfá pláss laus*
- **Grunnmenntaskóli 41**/fyrir innflytjendur – byrjar 23. september - *örfá pláss laus*
- **Almennar bóklegar greinar 10** – byrjar 23. september - *nokkur pláss laus*



## Er lesblinda í þinni fjölskyldu?

- **Aftur í nám 50/kvöldskóli** – byrjar 2. september - *örfá pláss laus*
- **Aftur í nám 51** – byrjar 14. október - *nokkur pláss laus*



# 14 tungumál hjá Mími-símenntun



**danska, enska, finnska, franska, ítalska, japanska, kínverska, norska, portúgalska, pólska, rússneska, spænska, sænska, þýska**

## Skráðu þig núna – www.mimir.is

M 10 ára
MÍMIR
símenntun

Mímir-símenntun • Ofanleiti 2 • Sími / Tel. 580 1800 • www.mimir.is



Námsgagnaveitan 123skoli.is var upphaflega hugsuð fyrir kennara en hefur einnig nýst foreldrum vel, ekki síst foreldrum íslenskra barna í útlöndum. Frá vinstri standa þær Kristjana Friðbjörnsdóttir, Þórunn Elídóttir og Auður Bára Ólafsdóttir. MYND/STEFÁN

# Auðlind fyrir kennara

**Þrír kennarar stofnuðu námsgagnaveituna 123skoli.is sem er verkefnabanki á vefnum fyrir kennara og foreldra sem vilja liðsinna börnum sínum.**

Námsgagnaveitan 123skoli.is er sprottin af hugsjón og þörf," segir Kristjana Friðbjörnsdóttir grunnskólakennari, sem í félagi við starfssystur sínar og grunnskólakennarana Auði Báru Ólafsdóttur og Þórunni Elídóttur stofnaði vefsíðuna 123skoli.is í ársbyrjun 2011.

„Þá höfðum við Auður og Þórunn verið að fóta okkur í þróun kennsluaðferða sem nýtast öllum börnum og prófa okkur áfram með verkefni sem eru lífleg, áhugavekjandi og fjölbreytt, en þó afmörkuð og unnin út frá markmiðum. Markmið okkar er því ekki að klára bækur heldur að aðstoða nemendur við að ná markmiðum sínum í námi," útskýrir Kristjana um megintilgang námsgagnaveitunnar sem strax var vel tekið.

Kristjana segir námsgagnaveituna spara kennurum mikla vinnu.

„Það er þægilegt að geta farið í verkefnabanka og sótt verkefni sem eru tilbúin til útprentunar eða amboð sem nýtast vel í skólastofunni og við bekkjarstjórnun. Allt efnið er prófað og þróað í kennslu og verkefnin reyna á nemendur."

Fram að þessu hafa verkefni veitunnar tengst íslenskunámi á grunnskólastigi en í haust verður líka boðið upp á stærðfræði.

„Íslenskuverkefnin snúa að öllum þáttum námsins; allt frá léttlestrarbókum og lesskilningsverkefnum til stafsetningar, málfræði og þjálfunar í framsögn og tjáningu," segir Kristjana um fjölbreytt verkefnin sem eru hugsuð fyrir nemendur í 1. til 7. bekk.

„Verkefnin nýtast þó nemendum áfram eftir 7. bekk, sem og í sérkennslu og einstaklingsmiðuðu námi. Allt er það góð viðbót, því vöntun hefur verið á fjölbreyttu efni sem kemur til móts við nemendur sem fara á ólíkum hraða í gegnum nám sitt," útskýrir Kristjana.

Nánari upplýsingar á www.123skoli.is



Flestir Íslendingar sem stunda nám erlendis nema í Danmörku. MYND/GETTY

# *Býr Íslendingur hér?*

Fjöldi Íslendinga hefur síðustu áratugi stundað háskólanám erlendis, bæði grunn- og framhaldsnám. Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, LÍN, stunduðu 2.162 Íslendingar nám erlendis árið 2011. Sem fyrr eru Bandaríkin, England og Norðurlöndin vinsæl en samkvæmt gögnum LÍN stunda flestir Íslendingar nám erlendis í Danmörku eða rúmlega 800 manns. Bandaríkin, Svíþjóð og England eru næst á listanum. Tæplega 300 nemendur eru í Bandaríkjunum, 206 í Svíþjóð og 180 í Englandi. Rúmlega helmingur þeirra Íslendinga sem stunda nám erlendis nema á Norðurlöndunum þremur, Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Næstu lönd á listanum eru Holland, Ungverjaland og Þýskaland með 70-100 nemendur hvert land. Flestir sem stunda nám í Ungverjalandi nema læknisfræði, eða rúmlega 90% nemenda.

Um 200 nemendur sækja nám í Evrópulöndunum Sviss, Spáni, Skotlandi, Ítalíu, Grikklandi og Frakklandi og tæplega 50 nemendur stunduðu nám í Kanada árið 2011.

Íslendingar sækja varla nám utan Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada en einungis 32 nemendur sóttu nám til annarra heimsálfa árið 2011. Þar af voru 18 þeirra í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Einn Íslendingur sótti nám í Argentínu og einn í Brasilíu árið 2011 og Sameinuðu arabísku furstadæmin, Jamaíka og Japan áttu hvert einn fulltrúa þjóðarinnar sama ár.

Þessar tölur ná eingöngu til þeirra sem þiggja lán frá LÍN en aðrar upplýsingar um námsmenn erlendis liggja ekki fyrir.

Heimild: LÍN og Hagstofa Íslands.








### BROT ÚR SÖGU MENNTUNAR KVENNA Á ÍSLANDI.

**1874** Kvennaskólinn í Reykjavík stofnaður.

**1886** Konur öðlast rétt til æðri menntunar.

**1892** Ingibjörg H. Bjarnason lýkur leikfimiprófi fyrst Íslendinga frá Poul Petersens institut í Kaupmannahöfn.

**1904** Ný reglugerð veitir stúlkum rétt til náms við Menntaskólann í Reykjavík.

**1910** Ásta Kristín Árnadóttir lýkur iðnmeistaraprófi í Kaupmannahöfn, fyrst íslenskra kvenna.

**1911** Konur fá rétt til menntunar, styrkja og embættisstarfa til jafns við karla.

**1917** Kristín Ólafsdóttir lýkur embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna.

**1926** Björg Caritas Þorláksson ver doktorsritgerð sína í lífeðlisfræði við Sorbonne-háskóla í París.

**1945** Geirþrúður Hildur Bernhöft lýkur guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna.

*www.kvennasogusafn.is*



## TRÍÓ AFTANBLIK Á GLJÚFRASTEINI

**Tríóið Aftanblik, sem skipað er Gerði Bolladóttur sópran, Victoriu Tarevskaia sellóleikara og Katalin Lorincz píanóleikara, mun koma fram á stofutónleikum á Gljúfrasteini á morgun kl. 16. Þær munu flytja úrval sönglaga frá Íslandi, Ungverjalandi og Rússlandi. Á efnisskránni er meðal annars tónlist eftir Sigvalda Kaldalóns.**


ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.

Sími 551 3485, svarað allan sólarhringinn.

www.udo.is

Davíð útfarastjóri
Jóhanna guðfræðingur útfaraþjónusta
Óli Pétur útfarastjóri

Góð þjónusta í 90 ár

TAXI 56 10 000 BSR

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233


# LOKS LAUSN VIÐ TIMBURMÖNNUM

**ICECARE KYNNIR** *Nýjung á Íslandi. DRINKOFF-töflur sem auðvelda líkamanum að vinna úr alkóhóli á auðveldari og hraðari máta.*

Margir kannast við vanlíðan daginn eftir að áfengis hefur verið neytt. Sumir komast vart fram úr rúmi sökum þynnku. Nú er komin lausn á því vandamáli. DRINKOFF® töflurnar innihalda náttúruleg efni sem auðvelda líkamanum að vinna úr alkóhóli á auðveldari og hraðari máta.

Fumaric-sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Succinic-sýra hjálpar líkamanum að brenna alkóhóli hraðar og Fumaric-sýra hjálpar til við niðurbrot á acetaldehýði sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis.

DRINKOFF® hjálpar til við hraðara niðurbrot áfengis í líkamanum og auðveldar lifrinni við afeitrun og eykur einnig orku. C-vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

DRINKOFF® töflurnar frá Vitrum innihalda efni sem eru ekki lyfseðilsskyld en Lyfjastofnun hefur gefið leyfi fyrir sölu vörunnar.

Ráðlögð notkun: Takið tvær töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og tvær töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Aldrei skal taka fleiri en sex töflur að kvöldi. Varúð: Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef önnur lyf eru tekin að staðaldri ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en töflurnar eru teknar. Í tilfellum þar sem of stórir skammtar eru teknir skal hafa strax samband við lækni.

DrinkOff fæst í öllum apótekum og í verslunum Hagkaups.



**BETRI LÍÐAN** Birna Gísladóttir hjá Icecare segist hafa heyrt frá ánægðu fólki sem prófað hefur Drinkoff. „Þetta svínvirkar."




**DRINKOFF ER FRÁBÆR LAUSN Í ÞYNNKUNNI.**

## DRINKOFF

***Innihaldsefni í Drinkoff eru:***
***Succinic-sýra***
***Fumaric-sýra***
***L-Glútamín***
***C-vítamín***
***Kalínklóríð***
***Fólinsýra***

**EFNIN HRAÐA NIÐURBROTI ÁFENGIS Í LÍKAMANUM OG AUÐVELDA LIFRINNI AFEITRUN.**





HVERNIG NÁST FLUGUR OG FÖST ÓHREININDI AF LAKKINU?

Vertu velkomin(n) í Málningarvörur þar sem þú hittir fyrir fagmenn og færð ráðleggingu um rétt val og notkun á hreinsiefnum fyrir bílinn.

Gerðu snjáð plast og vínil sem nýtt sé, felgurnar óaðfinnanlegar og fáðu aftur fram djúpan upprunalegan gljáa lakksins… og bíllinn þinn verður glansandi fínn sem aldrei fyrr!

Opið alla virka daga 8-18

LÁGMÚLI 9 BAKHÚS

MÁLNINGARVÖRUR
Lágmúla 9 | Sími 581 4200



# Vitundarmiðuð menntun

**- innhverf íhugun í skólastarfi**

**Fyrirlestur Dr. Bevan Morris í Norræna húsinu á morgun (sunnudag) 18. ágúst kl. 20**

Dr. Bevan Morris, rektor Maharishi stjórnunarháskólans í Fairfield í Iowa í Bandaríkjunum heldur fyrirlestur um vitundarmiðaða menntun sem nú hefur verið tekin upp í 53 löndum.

Vitundarmiðuð menntun felur í sér iðkun innhverfrar íhugunar tvisvar á dag í 20 mínútur sem eykur vellíðan, greind og sköpunarhæfni nemandans.

**Allir eru velkomnir á fyrirlesturinn og aðgangur er ókeypis.**

**Íslenska íhugunarfélagið,**
**Þórunnartúni (Skúlatúni) 2, sími 557 8008**




# LANGSPILIÐ LIFIR

**TÓNLEIKAR** *Hildur Heimisdóttir sellóleikari og Júlía Traustadóttir mynda Langspilsfjelag íslenzka lýðveldisins. Þær halda tónleika í Hörpu á sunnudag.*

Langspilsfjelag íslenzka lýðveldisins heldur tónleika í Hörpu á sunnudaginn. Meðlimir þessu eru þær Hildur Heimisdóttir og Júlía Traustadóttir. Hildur er menntaður sellóleikari og stundaði nám við LHÍ og Det Jyske Musikkonservatorium í Árósum. Júlía stundaði fiðlunám en skipti svo yfir í söng og lærði í Royal College of Music í London. Á tónleikunum spilar Hildur á langspil og Júlía syngur.

Júlía segist lengi hafa vitað af langspilinu en að áhugi hennar hafi ekki kviknað fyrr en Hildur kynnti hana fyrir hljóðfærinu. „Ég prófaði að syngja með henni í nokkur skipti og við fundum strax að þetta væri þess virði að þróa áfram."

Hildur byrjaði að spila á langspil árið 2011 þegar hún skrifaði mastersritgerð um langspil og íslenska fiðlu. „Við skrifin áttaði ég mig á því að íslenskir tónlistarmenn verða að huga að þessum íslensku hljóðfærum svo að þau hverfi ekki af sviðinu. Það er ekki algeng sjón að sjá ungt fólk leika opinberlega á langspil. Okkur langar að breyta því, enda hljómar langspil mjög fallega með rödd eða eitt og sér."

Þær stöllur spila íslenska tónlist í þjóðlagastíl og sálma. „Við útsetjum allt sjálfar og reynum að hafa þetta fallegt, einfalt og róandi," segir Hildur og Júlía segir: „Við höfum áhuga á að kanna þjóðlög annarra landa og bæta fleiri hljóðfærum við. Þjóðlög eru í eðli sínu meðfærileg og gefa mikla möguleika í túlkun. Okkur finnst mestu máli skipta að langspilið fái að njóta sín."

Hildur og Júlía reyna alltaf að hafa fræðslu á tónleikunum, annaðhvort í formi fyrirlesturs á milli laga eða þá að þær svara spurningum eftir tónleikana. „Fræðslan fjallar um sögu langspilsins í grófum dráttum til þess að fólk geti farið út af tónleikum með svolitla vitneskju um hljóðfærið."

Í fyrra lék Langspilsfjelag íslenzka lýðveldisins eingöngu á götum úti en í ár hefur það fært tónleikana inn í sali, sem hentar mun betur. „Við fengum styrki, bæði frá Ýli – tónlistarsjóði Hörpu fyrir ungt fólk og úr sjóði dansk-íslenskrar samvinnu," útskýrir Hildur. „Við höfum leikið á þjóðlagahátíðinni á Siglufirði, Árbæjarsafni, sumartónleikum í Skálholti og 12 tónum og þetta hefur allt saman vakið lukku og gengið vel. Við endum svo sumarið á tvennum tónleikum í Danmörku, ætlum sem sagt með langspilið í víking," bætir hún við og hlær.

Á sunnudaginn gefst fólki kostur á að hlýða á ljúfa tóna langspilsins og söng, því Langspilsfjelagið heldur tónleika Kaldalóni í Hörpu kl. 16.00 á sunnudaginn. „Þar munum við flytja úrval þeirra fjölmörgu laga sem við höfum unnið með í sumar. Þetta er einstakt tækifæri til að sjá hljóðfærið í návígi. Við verðum eingöngu með raddir, langspilið og lítil ásláttarhljóðfæri til að krydda sum lögin," segir Hildur og vonast til að sjá sem flesta á tónleikunum á sunnudaginn. Hægt er að kaupa miða á midi.is og við inngang Hörpu.

**halla@365.is**

**GÆTA ÞJÓÐARARFSINS** Júlía Traustadóttir og Hildur Heimisdóttir vilja huga að gömlum íslenskum hljóðfærum til þess að þau hverfi ekki af sviðinu. MYND/GVA




Minna að fletta **meira að frétta**

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti frétta- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlaununum 2012.**

**visir.is**




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að."*

FITON / SÍA


# DJASS Í FRÍKIRKJUSAL

*DÓH-tríó heldur tónleika í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar annað kvöld kl. 21.30.*





DÓH-tríóið mynda þrír ungir menn sem allir eru nýútskrifaðir úr Tónlistarskóla FÍH. Daníel Helgason leikur á gítar, Helgi Rúnar Heiðarsson spilar á saxófón og Óskar Kjartansson trommar.

Tríóið er nýstofnað en allir hafa tónlistarmennirnir reynslu af öðrum verkefnum.

Efnisskráin er sett saman úr lögum úr ýmsum áttum, meðal annars frumsömdu efni.

Tónleikarnir eru hluti af Jazzhátíð í Reykjavík og verða haldnir í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar, sem hýsir djassklúbbinn JazzHornið meðan á hátíðinni stendur. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30 annað kvöld.

Aðgangur er ókeypis.


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

GOÐI

# Lambamjaðmasteik

Í JURTAMARINERINGU



GÓMSÆT NÝJUNG!

ENNEMM / SIA • NM51089

STYRKTARAÐILAR

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings · Íslandsspil · Íslensk Getspá · WWW.GETRAUNIR.IS

NÁMSKEIÐ

# PENINGASPIL OG SPILAVANDI

GAMBLING AND PROBLEM GAMBLING

## DAGANA 7. - 11. OKTÓBER 2013

3 days. 18 CEUs. 45.000 kr.

**7. - 9. OKTÓBER** **kl. 09-16 alla daga**

WORKSHOP FOR COUNSELORS/FROFESSIONALS:

**Daníel Þór Ólason**, D.Phil. Department of Psychology:

Gambling And Problem Gambling

**- A report on the change in the landscape of gambling in Iceland**

**Lori Rugle**, Ph.D.Director Problem Gambling Services:

Disordered Gambling

**- Defining the Problem and Finding Solutions**

2 days. 12 CEUs. 10.000 kr.

**10. - 11. OKTÓBER** **kl. 09-16**

WORKSHOP FOR INDIVIDUALS IN RECOVERY

**Lori Rugle**, Ph.D. Director, Problem Gambling Services:

Promoting Recovery

**- Body, mind and spirit**



**Lori Rugle**, Ph.D., ICGC-II Director,
Problem Gambling Services DMHAS

**Ætla má að 4-7 þúsund fullorðnir Íslendingar þurfi hjálp vegna spilavanda**

Námskeiðið verður haldið í
BRAUTARHOLTI 4a REYKJAVÍK
Námskeiðsmappa fylgir, mikið efni.
Veitingar: Innifaldar í verði.

Skráningar: NORRÆNA FAGRÁÐIÐ
norfag@xnet.is símar: 553 9040 / 899 5210

Nánari upplýsingar
**www.forvarnir.is**

NORDIC/BALTIC
Regional Certification Board - NBRCB
MEMBER BOARD OF IC&RC

LANDSPÍTALI GEÐSVIÐ · RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS · Samhjálp · FRÆ · BARNAVERNDARSTOFA · Heimili og skóli · MFM MIÐSTÖÐIN · VÍMULAUS ÆSKA · IOGT · FÍFV · Reykjavíkurborg Velferðarsvið · Embætti landlæknis


SAFT
KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ TELUR ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU TIL RÉTTRA YFIRVALDA
Heimili og skóli
www.saft.is

SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is



Skráning hafin!
Haust ráðstefna 2013

# Skemmtileg störf við sundin blá

Við hjá Advania leggjum áherslu á að ráða til okkar metnaðarfullt, framtakssamt og skemmtilegt starfsfólk. Við bjóðum vinnuaðstöðu eins og hún gerist best, áhugaverð verkefni og frábæran vinnuanda. Við viljum vera besti vinnustaður landsins. Endilega sendu okkur umsókn ef þú vilt slást í hópinn.

## Hugbúnaðarsérfræðingur í Dynamics NAV

Starfið felst í þróun og forritun hugbúnaðar í Dynamics NAV. Hugbúnaðarsérfræðingur kemur jafnframt að innleiðingum og ráðgjöf til viðskiptavina. Við leitum að öflugum aðila með menntun í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði og/eða með reynslu af forritun í Dynamics NAV.

## Microsoft ráðgjafar

Microsoft ráðgjafar starfa í teymi reynslumikilla sérfræðinga sem sinna sérhæfðri ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini Advania. Ráðgjafar sinna úttektum, hönnun og innleiðingu nýrra kerfa, ásamt því að koma að sérhæfðum rekstrarverkefnum. Leitað er að aðilum sem hafa að minnsta kosti 5 ára reynslu af kerfisstjórnun og/eða ráðgjöf á sviði upplýsingatækni.

## Tæknimaður í rafrænum viðskiptum

Starf tæknimanns í rafrænum viðskiptum felst meðal annars í rekstri á grunnkerfum prentunar og skeytamiðlunar, þjónustu við viðskiptavini, eftirliti og vöktun með búnaði og kerfum, aðkomu að forritun á kerfum auk tilfallandi verkefna. Reynsla af kerfisrekstri er kostur og reynsla af störfum við tækniþjónustu er æskileg.

## Sérfræðingur í samþættingarumhverfum

Við leitum að sérfræðingi til að sinna rekstri, uppsetningu og viðhaldi samþættingarumhverfa og þjónustumiðaðra vöktunarkerfa. Kröfur eru gerðar um háskólamenntun sem nýtist í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rekstri upplýsingakerfa og af forritun.

## Tæknimaður á verkstæði

Við leitum að metnaðarfullum tæknimanni til starfa á verkstæði Advania. Starfið felst í viðgerðum á tölvum og jaðartækjum, uppsetningum og prófunum á lausnum, umsýslu með varahluti og samskiptum við viðskiptavini. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á tölvubúnaði og jaðartækjum og reynslu af tölvuviðgerðum.

## Sérfræðingur í viðskiptagreind

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við sérfræðingi í Vöruhúsum gagna (Data Warehouse) í hóp öflugra sérfræðinga í Viðskiptagreind. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði með góða þekkingu á vöruhúsafræðum ásamt reynslu og þekkingu á SQL, ETL, SSAS eða sambærilegu.

## Verslunarstjóri

Við leitum að metnaðarfullum verslunarstjóra í verslun okkar við Guðrúnartún. Verslunarstjóri ber ábyrgð á verslun Advania og stýrir daglegum rekstri hennar. Starfið felur jafnframt í sér sölu og ráðgjöf til viðskiptavina auk annarra tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, brennandi áhuga á tækni og gott auga fyrir framstillingum.

## Starfsfólk í mötuneyti

Síðast en ekki síst leitum við að starfsfólki í okkar frábæra mötuneyti. Starfið felst í fjölbreyttum störfum í eldhúsi og við framreiðslu í mötuneyti. Meðal verkefna er undirbúningur máltíða, áfyllingar, frágangur og uppvask. Við leitum að snyrtilegum aðilum með ríka þjónustulund. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

Ítarlegri upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu okkar undir **www.advania.is/atvinna.** Þar tökum við jafnframt á móti umsóknum. Vinsamlegast sækið um eigi síðar en **25. ágúst** nk. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Nínu, **jonina.gudmundsdottir@advania.is.**

**Ef þú finnur ekki draumastarfið hér en langar að vinna hjá Advania hvetjum við þig til að senda almenna umsókn í gegnum heimasíðu okkar.**

Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og vinnutíminn er sveigjanlegur. Fyrirtækið leggur áherslu á öfluga jafnréttisstefnu og virka samgöngustefnu. Gildi Advania eru ástríða, snerpa og hæfni.

advania
Welcome to IT

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

# Veist þú allt um tónlist?

Skífan leitar að sölumanni í fullt starf í Kringluna með geggjaða þekkingu á tónlist.

Þekkir þú One Direction, Retro Stefson, Sigur Rós, Skálmöld og allt þar á milli ásamt því að vilja vinna í skemmtilegu umhverfi? Þá ert þú sá/sú sem við leitum að.

**Áhugasamir senda inn umsókn á agust@skifan.is fyrir 26. ágúst.**

S·K·Í·F·A·N
Kringlan · Laugavegur

# Smiðir óskast

**Fagsmíði óskar eftir því að ráða smiði til vinnu.**

**Umsóknir sendist á fagsmidi@fagsmidi.is**

101 Reykjavík fasteignasala ehf óskar eftir ráða duglegan og heiðarlegan aðila til sölustarfa á fasteignasölu okkar.

Starfsreynsla æskileg en ekki skilyrði.

Vinsamlega sendið umsóknir á leifur@101.is

Fullum trúnaði heitið.

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 101 Reykjavík
Sími 511-3101 fax 511-3909

# NÝ SÓLEY ÓSKAST!



## Auglýsingastofan PIPAR\TBWA leitar að öflugum starfsmanni í móttöku o.fl.

**Starfslýsing**

Stjórn móttöku og skrifstofu, þátttaka í Facebook-verkefnum samfélagsdeildar, umsjón með verkefnum fyrir framkvæmdastjóra ásamt aðstoð við hin ýmsu tilfallandi verkefni á skemmtilegustu auglýsingastofu landsins.*

**Hæfniskröfur**

\ Góð íslensku- og enskukunnátta
\ Rík þjónustulund og gott skap
\ Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að fylla út umsóknarformið á Facebook-síðu stofunnar, **facebook.com/pipartbwa**, fyrir 24. ágúst nk.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA \ Tryggvagötu 17 \ 101 Reykjavík \ Sími 510 9000 \ www.pipar-tbwa.is

Hjá PIPAR\TBWA starfa yfir 40 manns. Stofan er sú fyrsta á landinu sem hefur sérdeild samfélagsvefja, en þar starfa þegar sex sérfræðingar. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa rúmlega 11.000 manns á 274 stofum í 100 löndum.

*Samkvæmt ítarlegri könnun sem gerð var meðal starfsfólks PIPARS\TBWA.*

PIPAR\MEDIA

ÆSKÞ

# Framkvæmdastjóri ÆSKÞ

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar ÆSKÞ auglýsir 50% stöðu framkvæmdastjóra frá 1. október n.k.
ÆSKÞ eru frjáls félagasamtök æskulýðsfélaga kirkjunnar. ÆSKÞ stendur fyrir fjölbreyttum æskulýðsviðburðum og eru málsvari æskulýðsstarfs innan íslensku Þjóðkirkjunnar. Starfsstöð sambandsins er í Reykjavík. Menntunar- og hæfniskröfur eru háskólamenntun sem nýtist í starfi og víðtæk reynsla af æskulýðsstarfi. Framkvæmdastjóri er starfsmaður stjórnar ÆSKÞ.

**Starfið felur í sér:**

- Daglegan rekstur og umsýslu sambandsins.
- Gerð fjárhagsáætlana og öflun styrkja.
- Samskipti við aðildarfélög og samstarfsaðila.
- Málsvörn fyrir ungt fólk í kirkjunni.

Fyrirspurnum má beina til Sigurvins Lárusar Jónssonar, ritara stjórnar, á netfangið **sigurvin@aeskth.is.**
**Umsóknarfrestur er til 7. september 2013**.
Umsóknir má senda merktar "Framkvæmdastjóri ÆSKÞ" til ÆSKÞ, Neskirkju við Hagatorg, 107 Reykjavík.

**Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar ÆSKÞ | Neskirkju við Hagatorg | 107 Reykjavík | S. 511 1562 | www.aeskth.is**

# HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI



## Viljum ráða sölumann í verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi

**Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst**

**Ábyrgðarsvið**

- Ráðgjöf, sala og þjónusta við viðskiptavini, aðallega í heimilistækjum og árstíðabundnum vörum
- Ýmis önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund og metnaður
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Umsóknir berist fyrir 25. ágúst n.k.**
**Til Guðrúnar Kristinsdóttur**
**gudrunk@husa.ia**
**Öllum umsóknum verður svarað**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956



UMHVERFISSTOFNUN

# *við leitum að lögfræðingi*

Helstu verkefni eru lögfræðileg álit, leiðbeiningar og undirbúningur stjórnvaldsákvarðana á verkefnasviði stofnunar, einkum að því er varðar mengandi starfsemi, starfsemi á friðlýstum svæðum og veiðistjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2013.

**ÍTARLEGRI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ ER AÐ FINNA Á STARFATORG.IS OG UMHVERFISSTOFNUN.IS/STORF EÐA Í SÍMA 591-2000.**

Capacent Ráðningar

# ÖFLUGUR STARFSMAÐUR Á SÖLUSVIÐ

Iceland Pelagic flytur út og selur sjávarafurðir til allra heimshluta, frystan og saltaðan bolfisk, uppsjávarfisk og humar. Félagið er með skrifstofur á Höfn í Hornafirði og í Reykjavík, auk þess sem tveir starfsmenn eru erlendis. Félagið hefur vaxið hratt og á sl. ári flutti það út rúmlega100.000 tonn af sjávarafurðum. Til að fylgja eftir þessum vexti ætlum við að bæta við öflugum starfsmanni á sölusvið félagsins.

**Iceland Pelagic leitar að starfsmanni til að styrkja sölusvið félagsins frekar. Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið:**
- Sala og markaðssetning afurða í samvinnu við aðra sölumenn
- Samningagerð
- Markaðsgreiningar
- Samskipti og samningar við flutningsaðila
- Öflun nýrra markaða og tækifæra
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf er kostur
- Reynsla/þekking af alþjóðaviðskiptum, sölumennsku og sjávarútvegi er ákjósanleg
- Þekking á Navision/Wisefish bókhalds- og upplýsingakerfi er æskileg
- Hæfni til að greina upplýsingar fljótt og vel og vinna úr þeim
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði
- Frumkvæði og geta til að vinna undir álagi
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum eru nauðsynlegir eiginleikar

**Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

# VERKFRÆÐINGUR TIL STARFA VIÐ VÖRUSTJÓRNUN

**Ölgerðin óskar eftir verkfræðingi til starfa við vörustjórnun. Um fjölbreytt starf á sviði innkaupa-, áætlunar- og framleiðslu er að ræða og verður viðkomandi í daglegum samskiptum við hinar ýmsu deildir fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**
- Bestun á stærð framleiðslulota
- Bestun á áætlana- og innkaupaferlum
- Frumkvæði að endurbótum og nýjungum á sviði birgða-, framleiðslu-, áætlana- og innkaupakerfa
- Verkefnastjórnun á umbótum þvert á deildir
- Innleiðing á Lean management hugsun og aðkoma að vottunarferli ISO
- Aðkoma að vélafjárfestingum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í verkfræði
- Krafa um tveggja ára starfsreynslu á sviði vörustjórnunar og áætlanagerðar
- Tölulæsi og með góða almenna tölvukunnáttu
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð samningatækni, samskiptahæfni og sannfæringargeta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

# CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**

Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.

Á hverju ári ráða Capacent Ráðningar hundruð einstaklinga í störf hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sem og hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

Proact

# Snyrtivörur - sala og ráðgjöf

Proact er faglegt og framsækið fyrirtæki sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur. Okkar markmið er að styðja vel við okkar viðskiptavini með góðri þjónustu og reglulegum námskeiðum. Helstu vörumerki fyrir snyrtistofur eru [comfort zone] og LYCON.

Um er að ræða hlutastarf 40-60%, fyrri hluta vikunnar, sem getur farið vel með hlutastarfi á snyrtistofu. Viðkomandi mun fá fræðslu og þjálfun hjá erlendum samstarfsfyrirtækjum.

**Starfssvið:**

- Samskipti við snyrtistofur
- Ráðgjöf um notkun á vörum
- Vinna við kynningarefni
- Kynningar og námskeið fyrir viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Fagmenntun í snyrtifræðum
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af sölustörfum er kostur

TALENT RÁÐNINGAR

| Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

# Blikksmíði ehf

**Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmíðavinnu, einnig aðstoðarmönnum.**

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða blikksmidi@simnet.is

# AFGREIÐSLUSTARF

Afgreiðslustarf í verslun okkar í Smáralind felst í því að afgreiða viðskiptavini og sinna öðrum verkefnum sem til falla í versluninni.

Við gerum þær kröfur til starfsmanna okkar að þeir séu snyrtilegir, jákvæðir, stundvísir og með mjög ríka þjónustulund.

Umsóknir sendist á netfangið **aslaug@lifoglist.is**

Líf&List SMÁRALIND www.lifoglist.is



# SÖLUTURN ATLANTSOLÍU
# REKSTRARAÐILI

Atlantsolía leitar að sjálfstæðum rekstraraðila til að reka söluturn við bensínstöð sína að Kópavogsbraut 115. Bensínstöðin að Kópavogsbraut var sú fyrsta sem fyrirtækið tók í notkun og hefur markað sér sterkan sess á markaðssvæði sínu.

Við leitum að traustum og ábyggilegum aðila sem vill verða hluti af sterkri liðsheild. Mikill kostur er að þekkja til slíks reksturs en þó ekki skilyrði.

**Umsóknir sendist á johanna@atlantsolia.is fyrir föstudaginn 23. ágúst.**

ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

# Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Lausar stöður í leikskólum**
**Skólaárið 2013 - 2014**

**Arnarberg** (55503493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
- Matreiðslumeistari

**Hlíðarberg** (57804300 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

**Stekkjarás** (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennarar

**Tjarnarás** (56509710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
- Skilastaða

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

**Víðivellir** (55502004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
- Leikskólakennari

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi skóla. Umsækjendum er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér stefnur og starfsemina nánar.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
**Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2013.**

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

# Viltu meiri tíma í eldhúsinu?



IKEA á Íslandi er rótgróið fyrirtæki þar sem um 230 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu. Fylltu út umsókn á **www.IKEA.is** ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn.

## Við leitum að öflugum starfsmanni í innréttingadeildina okkar

Starfið felur í sér almenna ráðgjöf og sölu á eldhúsinnréttingum, auk ráðgjafar og sölu í tengslum við margskonar lausnir innanhúss fyrir eldhús, baðherbergi, fataskápa, fataherbergi, þvottahús o.fl. Unnið er með uppsetningu rýmis og innréttinga út frá þörfum og óskum viðskiptavina.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð og rík þjónustulund
- Gott auga fyrir hönnun
- Tækniteiknun eða sambærileg menntun af hönnunarbraut kostur
- Samviskusemi
- Vandvirkni
- Þekking á Navision er kostur

JAFNLAUNAVOTTUN VR

Staðan er 100% og unnið er til skiptis frá kl. 11-19 og kl. 12-20 í viku í senn, auk helgarvinnu í samráði við yfirmann. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Auður Gunnarsdóttir, sölustjóri húsgagnadeildar, í gegnum netfangið audur.gunnarsdottir@ikea.is

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

Smáralind

# Þjónustu- og öryggisfulltrúi

Smáralind óskar eftir að ráða þjónustu- og öryggisfulltrúa í nýja þjónustudeild sína. Helstu verkefni eru að veita viðskiptavinum og verslunum framúrskarandi þjónustu og huga að snyrtilegu umhverfi og öryggi í húsinu. Unnið er á vöktum allan sólarhringinn.

**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund og frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að starfa vel í hóp
- Sjálfstæði og metnaður
- Áræðni og útsjónarsemi
- Geta til að vinna undir álagi og taka á óvæntum uppákomum
- Heiðarleiki og samviskusemi
- Stundvísi og nákvæmni
- Góð kunnátta í íslensku í ræðu jafnt sem riti
- Almennur skilningur á ensku
- Almenn tölvukunnátta, Navision kostur
- Gott líkamlegt ástand og almenn reglusemi

**25 ára lágmarksaldur, hreint sakavottorð og reykleysi er skilyrði.**

## Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2013.**

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.**

**Smáralind leggur áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

LNS

Leonhard Nilsen & Sønner er norskt verktakafyrirtæki sem hefur sérhæft sig í vega- og jarðgangagerð. Auk þess er fyrirtækið í námuvinnslu, bæði sem rekstraraðili og sem eigandi. Fyrirtækið hefur tekið að sér verkefni í Noregi og í öðrum löndum.

# Spennandi störf í Noregi

Vegna verkefna í Noregi vantar starfsfólk í eftirfarandi stöður. Boðið er upp á samkeppnishæf laun og úthaldakerfi.

## Verkefnastjóri við verklegar framkvæmdir

**Starfssvið**

- Stjórnun verka
- Áætlunar- og tilboðsgerð
- Úrlausn tæknilegra verkefna
- Samningar við birgja

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði
- Að minnsta kosti 5 ára reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Gott vald á norsku/ dönsku
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

## Verkefnastjóri í tilboðsreikningum

**Starfssvið**

- Verkefnastýring
- Áætlunar- og tilboðsgerð
- Kostnaðargát

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði
- Gott vald á norsku/ dönsku
- Jákvætt viðmót og samskiptahæfni
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

Auk þess er óskað eftir umsóknum um eftirfarandi störf. Sóst er eftir starfsfólki sem hefur vald vá einu Norðurlandamáli (norsku/dönsku/sænsku).

Starfsmannaumsjón

Mælingamaður, við mælingar í jarðgöngum

Jarðvinnuverkstjóri, við eftirvinnu í jarðgöngum

Byggingaverkstjóri, við eftirvinnu í jarðgöngum

Flokkstjóri við uppsetningu á steyptum einingum í jarðgöngum

Flokkstjóri við uppsetningu á PE skúm í jarðgöngum

## Upplýsingar veita:

Vaka Ágústsdóttir
vaka@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Ljósmóðir afleysing í eitt ár | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201308/043 |
| Starfsmenn | Íbúðalánasjóður | Reykjavík | 201308/042 |
| Störf í afgreiðslu | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201308/041 |
| Heimilislæknir | Heilsugæslan Mjódd lækningar | Reykjavík | 201308/040 |
| Starfsmaður í reikningshaldi | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201308/039 |
| Starfsmenn í þjónustuveri | Lögreglan á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201308/038 |
| Sjúkraliði | LSH Skurðlækningadeild | Reykjavík | 201308/037 |
| Stuðningsfulltrúi á starfsbraut | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201308/036 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH Heila-, tauga- og bækl.sk.d. | Reykjavík | 201308/035 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH Bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201308/034 |
| Hjúkrunarfr. sjúkrad. á Hvammst. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201308/033 |
| Sjúkraliði | LSH Meltingar- og nýrnadeild | Reykjavík | 201308/032 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH Meltingar- og nýrnadeild | Reykjavík | 201308/031 |
| Sérfræðingur í starfsmannahaldi | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201308/030 |
| Yfirlæknir lyflækn. krabbameina | LSH Stjórn lyflækningasviðs | Reykjavík | 201308/029 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæsla höfuðborgarsv. | Mosfellsbær | 201308/028 |

## Fimleikaþjálfarar

Fimleikadeild Fjölnis óskar eftir öflugum þjálfurum fyrir komandi vetur.

**Öflugir þjálfarar í áhaldafimleikum**

Okkur vantar til liðs við okkur öfluga áhaldafimleikaþjálfara. Við óskum eftir reynslubolta til að sinna þjálfun efnilegra barna og unglinga sem eru að keppa í efri þrepum Íslenska fimleikastigans en einnig bjóðum við velkomna til liðs við okkur reynsluminni en metnaðarfulla þjálfara sem vilja öðlast reynslu og þekkingu í gegnum starf okkar.

**Hópfimleikaþjálfari sem þorir!**

Óskum eftir reyndum hópfimleikaþjálfara til að sinna þjálfun barna og unglinga sem setja markmiðið hátt fyrir komandi ár. Í Fimleikadeild Fjölnis er nú unnið markvisst að eflingu hópfimleika og leitum við því eftir einstaklingi sem er tilbúinn að taka slaginn með okkur í að koma Fjölni í fremstu raðir innan fárra ára.

Í báðum tilvikum eru í boði eru samkeppnishæf laun, ágætis aðstaða og framúrskarandi liðsandi. Ráðing verður frá og með 5. september eða eftir samkomulagi og er möguleiki á fullu star eða hlutastarfi eftir aðstæðum.

**Umsóknir óskast sendar á netfangið fimleikadeild.fjolnir@gmail.com fyrir 23. ágúst n.k en allar nánari upplýsingar um störfin veita Halla Karí Hjaltested yfirþjálfari í síma 663 2032 og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir formaður í síma 896 2072**

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

www.hagvangur.is

# Óskum eftir vönum kokkum og þjónum bæði í fullt starf og helgarvinnu

Reynsla og íslenskukunnátta skilyrði.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:

**laundromatcafe@gmail.com**

Algjörum trúnaði heitið.

**Mjög góð laun fyrir rétta aðila**

The Laundromat Cafe

www.thelaundromatcafe.com

# www.vinna.is

vinna.is

sími: 511 1144

# Kerfisstjóri Microsoft grunnkerfa

Fjármálafyrirtæki leitar að öflugum aðila í starf kerfisstjóra Microsoft grunnkerfa. Unnið er eftir viðurkenndri aðferðafræði eins og Agile, Scrum og ITIL. Mikil áhersla er lögð á hönnun í verkefnum sem eru alla jafna flókin og spennandi. Miklar kröfur eru gerðar um metnað í starfi og fagleg vinnubrögð til að ná góðum árangri. Við leitum að einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfileika, mikla þjónustulund, getur unnið sjálfstætt og hefur frumkvæði og skipulagshæfileika.

**Helstu verkefni**

- Rekstur Microsoft grunnkerfa (Active Directory, DNS, Exchange)
- Rekstur sýndarumhverfis (Vmware)
- Rekstur skráarmiðlara og afritunarkerfa (TSM)
- Þróun samskiptalausna (Lync)
- Almennur kerfisrekstur

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af rekstri Microsoft kerfa í kröfuhörðu umhverfi
- Reynsla af rekstri sýndarumhverfa
- Góð þekking á netkerfum er æskileg
- Forritunarþekking er kostur
- Microsoft vottanir, með áherslu á Microsoft kerfi, eru æskilegar

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta

ráðgjöf ráðningar rannsóknir

VR

VR var stofnað 1891 af launþegum og atvinnurekendum í verslunarstétt sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og varð hreint launþegafélag 28. febrúar 1955. Nafni félagsins var breytt í VR á aðalfundi 26. apríl 2006.

Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Sjá nánar á www.vr.is.

# Framkvæmdastjóri

VR óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og felur í sér stjórnun á innra starfi öflugs stéttarfélags í þágu þúsunda félagsmanna.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Dagleg stjórnun skrifstofu félagsins
- Ábyrgð á rekstri félagsins og að hann sé í samræmi við opinber lög, reglur og áherslur stjórnar
- Ábyrgur fyrir að stefna félagsins og stjórnar sé framkvæmd
- Ber ábyrgð á stýringu sjóða félagsins
- Áætlanagerð
- Stýring fjármála- og rekstrarsviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði fjármála eða reksturs
- Marktæk reynsla á sviði fjármála, reksturs og stjórnunar
- Leiðtogahæfileikar og lipurð í samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og drifkraftur
- Traust framkoma og trúverðugleiki

**Upplýsingar veita:**

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst nk.**

**Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Mjólkursamsalan ehf er framsækið framleiðslu- og markaðsfyrirtæki á sviði mjólkurframleiðslu í eigu 700 bænda og er eitt stærsta og traustasta matvælafyrirtæki landsins. Félagið rekur 5 starfsstöðvar víðs vegar um landið. Hjá félaginu starfa um 390 starfsmenn og er ársvelta um 20 milljarðar kr. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.ms.is

# Útflutningsstjóri

Mjólkursamsalan (MS) óskar eftir að ráða í starf útflutningsstjóra.

**Helstu verkefni**
- Útflutningur á mjólkurvörum
- Útflutningur á undanrennudufti, smjöri og ostum til Evrópu
- Samskipti/viðhald vegna framleiðsluséleyfissamninga
- Öflun nýrra framleiðsluséleyfissamninga og útflutningsmarkaða
- Samskipti, samningagerð og kostnaðareftirlit vegna flutninga
- Vöruþróun á vörum í útflutningi og þátttaka í sýningum, kynningum á mjólkurvörum og framleiðsluséleyfissamningum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af skipulagðri og árangursríkri markaðssetningu erlendis er mikill kostur
- Vörumerkjaþekking og reynsla af vörumerkjastjórnun er kostur
- Viðkomandi hafi hæfileika til að greina framtíðarmöguleika og viðskiptatækifæri
- Áhersla á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru nauðsynlegir kostir

**Upplýsingar veitir:**

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**cu2**

## Ert þú jákvæður og drífandi einstaklingur sem á auðvelt með mannleg samskipti í söluhvetjandi umhverfi?

**Við hjá Cu2 erum að leita af hressum, ábyrgum og ráðagóðum einstakling í sölu- og markaðsstarf.**

Starfið felst í þjónustu og sölu til núverandi viðskiptavina, öflun nýrra viðskiptavina, vörukynningum og ýmsum tilfallandi verkefnum. Um er að ræða framtíðarstarf í 70 - 100% starfshlutfalli.

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Stundvísi
- Frumkvæði
- Reynsla af sölu skilyrði

**Umsóknir og frestur:**
Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilsskrá á thora@cu2.is **fyrir 25. ágúst.**
Fyrirspurnum verður eingöngu svarað í pósti. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Cu2 er traust og vaxandi fyrirtæki á heildsölu- og neytendamarkaði. Við leggjum áherslu á samstarf, framúrskarandi þjónustu og vörugæði. Okkar markmið er að vera fyrsta val neytenda.

Baby Foot · Dr Fischer · JOHN FRIEDA · Lee stafford · Levante styling · Lytess · NANOGEN



## Hjálparkokkur í eldhús Vodafone

Ert þú öflugur hjálparkokkur? Viltu vinna með frábærum matreiðslumanni í fyrsta flokks mötuneyti? Þá er starf hjálparkokks í eldhúsi Vodafone eitthvað fyrir þig.

Vinnutími er frá 8 til 16 og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af eldhúsvinnu er skilyrði
- Þjónustuvilji og metnaður
- Nákvæmni og samviskusemi

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á **vodafone.is/storf.**

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2013.

**Þín ánægja er okkar markmið**



Café ATLANTA

## Lifandi starf í Café Atlanta

Cafe Atlanta er fjölhæfur veitingastaður með innblástur frá 27 ára flugsögu flugfélagsins Air Atlanta. Staðurinn er vel staðsettur á miðju höfuðborgarsvæðisins fyrir ofan verslunarmiðstöðina Smáralind, og býður upp á margvíslega þjónustu:

- Hádegisverðahlaðborð
- Kaffi & meðlæti
- Takeaway
- Veisluþjónustu fyrir öll tækifæri



Við leitum að fjölhæfum og duglegum starfsmanni til að sinna afgreiðslu og öðrum störfum sem til falla, ásamt því að aðstoða við markaðssetningu á staðnum, m.a. uppfærslu á facebook/vefsíðu kaffihússins, kynningu á staðnum og samskipti við fyrirtæki og mögulega viðskiptavini.

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum æskileg

**Vinnutíminn er 8 til 16 virka daga.**

**Ferilskrá sendist á hr@atlanta.is fyrir 23. ágúst n.k.**

**Café Atlanta** • Hlíðasmári 3 • Sími: 458 4045 • www.cafeatlanta.is

Glacier lagoon

**Jökulsárlón ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk**
**bæði í siglingar og veitingasölu til lengri eða skemmri tíma**

Áhugasamir hafi samband á info@jokulsarlon.is

## Laust starf hjá Olíudreifingu ehf.

**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf á Þjónustudeild í Reykjavík. Starfsvettvangur er allt landið og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma í senn. Um framtíðarstörf er að ræða.**

### Rafvirkja / rafeindavirkja

Um fjölbreytt starf er að ræða við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði fyrir eldsneytisafgreiðslu og almenn rafvirkjastörf.

### Járniðnaðarmenn Vélvirkja/málmsmiði/suðumenn/ pípulagningamenn

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði, lagnavinnu, uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði og ýmsa sérsmíði.

**Allar nánari upplýsingar veita:**
Árni Ingimundarsson forstöðumaður
Simi: 550 9940, arni@odr.is
Sæþór Árni Hallgrímsson þjónustustjóri
Sími: 550 9958, saethor@odr.is

Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á
**www.oliudreifing.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
**Sálfræðingar**

**Staða sálfræðings við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er laus til umsóknar.**
**Um er að ræða hlutastarf fyrir skólaárið 2013-2014 með möguleika á framlengingu.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Löggiltur sálfræðingur
- Frumkvæði og samstarfshæfni
- Góðir skipulagshæfileikar
- Viðkomandi hafi áhuga á skólastarfi og reynslu af sálfræðistörfum í leik- og grunnskóla
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi við aðra sérfræðinga
- Þekking og reynsla af PMT-FORELDRAFÆRNI er mikilvæg

Allar upplýsingar um störfin veitir Eiríkur Þorvarðarson, yfirsálfræðingur í s. 585 5800 netfang eirikurth@hafnarfjordur.is
**Umsóknarfrestur er til 22.ágúst 2013.**
Laun og kjör fara eftir samningum stéttarfélags sálfræðinga við launanefnd sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

# Kerfisumsjón ERP

Við leitum að öflugum sérfræðingi í Dynamics AX til að taka þátt í uppsetningu og hafa umsjón með Dynamics AX kerfunum. Viðkomandi myndi tilheyra alþjóðlegu teymi sem er staðsett í Garðabæ, en styður um 600 notendur í 12 löndum.

**Starfssvið:**

- Þátttaka í uppsetningu á Microsoft Dynamics AX kerfum
- Forritun breytinga og gagnaleiðréttinga
- Umsjón með innleiðingu og viðhaldi á aðgangsstýringum
- Aðstoð við notendur
- Lausn vandamála, m.a. tengdum uppitíma, afkastagetu og stöðugleika

**Hæfniskröfur:**

- BS gráða í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu
- Að minnsta kosti 2ja ára reynsla af Dynamics AX, SAP, Navision eða sambærilegu
- Reynsla af MS Windows Server, Sharepoint og SQL Server er kostur
- Reynsla af vinnu við notendaþjónustu er kostur
- Góð samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Lauga Ólafsdóttir, **gudrun.olafsdottir@marel.com**, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af ríflega 500 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

---

BRAMMER
www.brammer.is

Brammer Group er leiðandi fyrirtæki í Evrópu sem dreifingaraðili á iðnaðar-rekstrarvöru, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Framúrskarandi þjónustu okkar ber fyrst og síðast að þakka góðu starfsfólki.

Brammer á Íslandi starfrækir vöruhús á svæði Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Brammer sér um innkaup og lagerhald, ásamt tæknilegri ráðgjöf fyrir Alcoa Fjarðaál og veitir 24 tíma þjónustu allt árið um kring. Einnig starfrækir Brammer verslun í Hafnarfirði og skrifstofu í Reykjavík. Brammer er ört stækkandi fyrirtæki á Íslandi með um 40 starfsmenn.

## Innkaupafulltrúar

Brammer leitar að starfsmönnum í innkaup, vörustjórnun og sölu á starfsstöð fyrirtækisins í Reykjavík.

**Helstu verkefni**

- Innkaup, vörustjórnun og sala á vörum
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Eftirlit með framlegð og veltuhraða
- Greiningar og ferlavinna
- Samskipti við vörustjóra
- Svörun fyrirspurna og eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða í samstarfi við yfirmann

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum og vörustjórnun
- Góð greiningarhæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mjög góð tölvukunnátta
- Þekking á rekstrarvörum í iðnaði
- Áhugi á teymisvinnu

## Tæknilegur ráðgjafi

Brammer leitar að starfsmanni til að þjónusta sölusvæði fyrirtækisins á Grundartanga.

Óskað er eftir vélaverkfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Starfið felst í tæknilegri ráðgjöf um viðhald og endurnýjun véla og tækja með það að markmiði að leita hagkvæmustu leiða í innkaupum. Mikilvægt er að viðkomandi sé lausnamiðaður og eigi gott með að vinna í hópi og deila upplýsingum. Markmiðið er að finna lausnir sem draga úr kostnaði viðskiptavina fyrirtækisins, en tæknilegur ráðgjafi vinnur náið með stjórnendum og sölumönnum fyrirtækisins.

**Helstu verkefni**

- Samskipti við viðskiptavini
- Viðhalda tengslum við viðskiptavini Brammer
- Fylgja eftir söluverkefnum
- Vinna að tæknilegum lausnum með viðskiptavinum
- Finna leiðir til að spara viðskiptavinum kostnað
- Halda utan um skráningar á sparnaði og þeim verkefnum sem tengjast honum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun í vélaverkfræði
- Þekking og reynsla af vélum og tækjum skilyrði
- Þekking og reynsla af rafmagni, loftþrýstingsfræði og vökvafræði kostur
- Reynsla úr iðnfyrirtækjum og/eða framleiðslufyrirtækjum kostur
- Góð almenn tölvukunnátta, s.s. í Excel
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hugmyndaauðgi og frumkvæði

**Upplýsingar veita:**

Rannveig Jóna Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 21. ágúst nk.**

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á ensku og íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og settur fram rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í umræddu starfi.

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekktra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og IGUZZINI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

## Sölumaður í verslun

Rafkaup óskar eftir sölumanni í verslun sína við Ármúla

Starfslýsing:
Almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 og tveir laugadagar í mánuði frá kl. 11:00 - 16:00.

Hæfniskröfur:
Reynsla af verslunarstörfum, sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og gott skipulag.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til atvinna@rafkaup.is fyrir 22. ágúst.

**Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is**

---

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

## ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

---

FRÍSTUNDAHEIMILI

GRUNNSKÓLAR

LEIKSKÓLAR



## VILTU MÓTA FRAMTÍÐINA MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

---

## Hópbílar hf óska eftir bifreiðastjórum á vesturlandi og norðurlandi.

### Bifreiðastjóri vesturland

- Áætlunarakstur um vesturland
- Akranes eða Borgarnes eru upphafs- og endastöðvar
- Starfið er kvöld og helgarvinna
- Fastar vaktir

### Bifreiðstjóri norðurland

- Áætlunarakstur Akureyri – Borgarnes – Akureyri
- Akureyri er upphafs- og endastöð
- Fullt starf
- Fastar vaktir
- Unnin er önnur hver vika; miðvikudag og fimmtudag. Hina vikuna er unnið mánudag, þriðjudag, föstudag og sunnudag.

### Hæfniskröfur

- Meirapróf
- Reynsla af stjórnun stórra ökutækja
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund

### Annað

- Miklir möguleikar í starfi
- Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu og traustu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Hópbílar hf. er þjónustufyrirtæki sem var stofna árið 1995 til að sjá um allan almennan akstur fyrir þá sem vilja ferðast. Fyrirtækið sinnir ferðaþjónustu, skólaakstri og almenningssamgöngum á suðurlandi og vesturlandi til Akureyrar. Markmið Hópbíla er að vera ávallt í fremstu röð rútufyrirtækja, efla almenningssamgöngur og veita viðskiptavinum sínum ávallt bestu þjónustu sem völ er á hverju sinni. Fyrirtækið vinnur samkvæmt ISO 14001 og er að innleiða ISO 18001.

**Umsóknir sendist á gusti@hopbilar.is**

**Frekari upplýsingar veitar virka daga frá kl 19-17**
**Ágúst Haraldsson,**
rekstrarstjóri
**í síma 8220073**
**Pálmar Sigurðsson,**
skrifstofu- og starfsmannastjóri
**í síma 8220098**



HÓPBÍLAR

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Starfsmaður**
**í mötuneyti í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða aðstoðarmann í mötuneyti. Starfið felur í sér afgreiðslu, undirbúning málsverða og frágang.
Vinnutími er kl. 9:00 – 14:00
Áríðandi er að viðkomandi eigi gott með samskipti og sé þjónustulipur.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000.

**Skólameistari**

Landakotsskóli

## Landakotsskóli hefst fimmtudaginn 22. ágúst.

**Sérstaða skólans er þessi:**

- Fleiri tímar á viku í íslensku og stærðfræði
- Enska og franska kennd frá 5 ára bekk og upp úr, danska frá og með 6. bekk
- Öflugt framboð list- og verkgreina: dans, leiklist, myndmennt, smíðar, textílmennt og tónmennt
- Litlir bekkir
- Samfelld stundaskrá frá 8.30 til kennsluloka

Frá og með þessu hausti verður kennslan spjaldtölvustudd í þráðlausu umhverfi og nemendum heimilt að koma með slíkt tæki.

Í síðdegisvist fyrir yngstu börnin er boðið upp á myndmennt, skák, leiklist, söng og smíðar/sköpun auk leikja og útivistar.

Matur kemur frá Móður náttúru.
Lítið inn á heimasíðuna, www.landakotsskoli.is.

Farmers Market
ICELAND

## STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Fatahönnunarfyrirtækið FARMERS MARKET óskar eftir starfskrafti. Helstu verkefni eru afgreiðsla í verslun, samskipti við söluaðila, símsvörun og ýmislegt sem til fellur hjá vaxandi hönnunarfyrirtæki.

Óskað er eftir samviskusömum, jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi. Reynsla af verslunarstörfum æskileg.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í september.

Áhugasamir sendi starfsumsókn og ferilskrá með mynd á netfangið starf@farmersmarket.is fyrir 28.ágúst.



WWW.FARMERSMARKET.IS

## Atvinna óskast

Sjúkraliði með framhaldsnám í öldrunarhjúkrun óskar eftir atvinnu.Ýmislegt kemur til greina,bæði innan eða utan heilsugeirans.Starfshlutfall samkomulag.

**Áhugasamir sendi e-mail á ip@talnet.is**
**Og ég sendi ferilskrá.**

## Bifvélavirki

**Óskum eftir að ráða bifvélavirkja eða mann vanan bílaviðgerðum sem fyrst. Upplýsingar á staðnum.**

**Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**
Gylfaflöt 24 - 30 | 112 Reykjavík | Sími 577 4477

# Viltu vera með í liðinu okkar?

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

*Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef ráðið verður í önnur störf á þeim tíma.*

Vegna aukinna verkefna vill Íbúðalánasjóður bæta við sig duglegum og jákvæðum starfsmönnum.

## Sérfræðingur á fjármálasviði

**Starfið er fjölbreytt og felur í sér umtalsverða greiningarvinnu og skýrslugerð. Verkefni fjármálasviðs eru fjármögnun, fjár-og áhættustýring og fjárhagslegt utanumhald sjóðsins.**

### Starfssvið

- Úrvinnsla og framsetning talna og gagna
- Skýrslugjöf til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Áætlanagerð og fjárstýring
- Áhættu og arðsemismælingar
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Reynsla af greiningarvinnu og mikil greiningarhæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Samskiptahæfni, samviskusemi og nákvæmni
- Mjög góð Excel kunnátta

## Fulltrúi á eignasviði

**Eignasvið sér um ráðstöfun og rekstur fullnustueigna. Verkefni sviðsins felast í sölu eigna, leigu og umsjón eignasafnsins.**

### Starfssvið

- Umsýsla við útleigu eigna
- Gerð leigusamninga
- Svörun fyrirspurna og erinda viðskiptavina
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf
- Reynsla og þekking af bókhaldi er kostur
- Góð færni í Word og Excel, kunnátta á Navision æskileg
- Framúrskarandi þjónustulund
- Samskiptahæfni, samviskusemi og nákvæmni

HAGVANGUR

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Upplýsingar veitir Vaka Ágústsdóttir, vaka@hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk.**

**Um er að ræða 100% störf. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

**www.ils.is**
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## LYFLÆKNINGAR KRABBAMEINA

## Yfirlæknir

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis lyflækninga krabbameinslækninga á lyflækningasviði Landspítala. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. nóvember 2013 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Íslenskt sérfræðileyfi í krabbameinslækningum eða alm. lyflækningum með krabbameinslækningar sem undirgrein
» Leiðtogahæfileikar
» Stjórnunarreynsla
» Reynsla af kennslu og vísindastörfum
» Jákvætt viðmót og góð hæfni í mannlegum samskiptum
» Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2013.
» Upplýsingar veitir Vilhelmína Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri, vilhehar@landspitali.is, sími 824 5498.
» Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti Vilhelmínu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH E7 Fossvogi.
» Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar lækna hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim auk mati stöðunefndar á innsendum umsóknargögnum.
» Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## BÆKLUNARSKURÐDEILD

## HEILA- TAUGA- OG BÆKLUNARSKURÐDEILD

## Hjúkrunarfræðingar

Störf hjúkrunarfræðinga á bæklunarskurðdeild og heila- tauga- og bæklunarskurðdeild eru laus til umsóknar. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi.

Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

### Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2013.
» Starfshlutfall er 60-80%, vaktavinna.
» Störfin eru laus frá 1. september 2013 eða samkvæmt samkomulagi.
» **Upplýsingar fyrir bæklunarskurðdeild** veita Ingibjörg Hauksdóttir, deildarstjóri, netfang ingahauk@landspitali.is, sími 824 5958 og Kolbrún Kristiansen, hjúkrunarfræðingur, kolbkr@landspitali.is, sími 825 3673.
» **Upplýsingar fyrir heila- tauga og bæklunarskurðdeild** veitir Dröfn Ágústsdóttir, deildarstjóri, netfang drofna@landspitali.is, sími 824 5946.
» Ákvörðun um ráðningu byggist á innsendum gögnum og viðtölum.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

## Framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Vals.

**Knattspyrnufélagið Valur óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra daglegum rekstri félagsins.**

**Starfssvið framkvæmdastjóra er m.a:**
- Ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri Knattspyrnufélagsins Vals.
- Ábyrgð á fjármálum félagsins.
- Umsjón og ábyrgð á markaðsmálum.
- Yfirumsjón og ábyrgð á starfsmannamálum.
- Samskipti við fjölmiðla.
- Samningagerð.
- Yfirumsjón með eignum Vals.
- Samskipti við félagsmenn, foreldra og iðkendur.

**Menntun:**
Krafist er menntunar á háskólastigi sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði og/eða sambærilegrar menntunar og yfirgripsmikillar reynslu af rekstri.

**Starfsreynsla:**
Krafist er:
- Góðrar þekkingar á fjármálum og bókhaldi.
- Þekkingar á mannauðsmálum og starfsmannahaldi.
- Reynslu af félagsmálum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynslu af markaðsmálum.

Umsóknum skal skilað **fyrir 30. ágúst n.k.** á netfangið hdr@valur.is ásamt greinagóðri ferilskrá.

ORIGAMI SUSHI

# STARFSMAÐUR ÓSKAST

- Origami Sushi hefur opnað í Hagkaup Kringlu. Okkur vantar duglegt og drífandi starfsfólk til að taka þátt í framleiðslunni okkar. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Reynsla af framleiðslu/eldhúsvinnslu æskileg. Vinnutími verður breytilegur á milli vikna.
- Áhugasamir sendi inn umsókn á **origamisushi@origamisushi.is.** Umsóknarfrestur er til 21. águst.

**G.W. Nilsen as**
Slipp & Mek. Verksted
Postboks 164 - 8439 Myre
Tlf. 76 13 34 95 - Fax 76 13 38 78

### Laus staða:

G.W. Nielsen AS er fyrirtæki á sviði véltækni og vökvakerfa og á sér langa hefð í viðgerðarþjónustu sem einkum er ætluð útgerðarfyrirtækjum. G.W. Nielsen AS starfar í Myre í Vesterålen og er vel í sveit sett til þess að þjónusta fiskiskip, skemmtibáta, flutningaskip, fiskeldi og iðnfyrirtæki á landi. Nú eiga sér stað kynslóðaskipti í fyrirtækinu, auk þess sem viðskiptin fara vaxandi, og þess vegna viljum við bæta við

**VÉLVIRKJUM Á VERKSTÆÐI**
Við sjáum fyrir okkur umsóknir vélvirkja á verkstæði með víðtæka reynslu af til dæmis:
- logsuðu
- plötuvinnu
- vinnu með rör og lagnir
- uppsetningum á vélum og vökvakerfum

Við bjóðum samkeppnishæf kjör fyrir þá sem vilja leggja sig fram um að ná árangri. Verkefnin eru af öllu tagi og möguleikar á að stefna hærra í starfi.

### Starfshæfniskröfur:

- Vélvirkjar með sveinsbréf eða alhliða reynslu verða látnir ganga fyrir.
- Fyrirtækið getur veitt aðstoð við að útvega húsnæði.
- Laun samkvæmt launasamningum. Lífeyrissjóður og tryggingar eru lögum samkvæmt.

Sendu inn umsókn eða hringdu til þess að ræða málin án þess að skuldbinda þig.
Nánari upplýsingar um ráðningamál veita:
Gustav W. Nielsen í síma (+47) 97 97 64 70 eða Torleik Henriksen í síma (+47) 90 79 36 22 gwslipp@online.no
**Sendið umsókn með ferilskrá og meðmælum / tilvísunum sem fyrst.**

**G.W. Nielsen AS**
**Slipp & Mek. Verksted**
**Pósthólf 164**
**8439 Myre**
**Sími: (+47) 76 13 34 95**
**Fax: (+47) 76 13 38 78**

## Kolamokari óskast

Kolamokstur er bara hluti af starfinu, við leitum að starfsfólki í eldhús okkar á Steikhúsinu, glaðlyndu og hörkuduglegu fólki sem fellur að okkar öfluga teymi.
Ef þetta vekur áhuga þinn, sendu okkur línu á eyjo@steik.is merkt "Kolamokari"

**Umsóknarfrestur er til 23. ágúst**

Steikhúsið • Tryggvagata 4-6 • 101 Reykjavík • www.steik.is • Sími: 561 1111

# VARMA
*The Warmth of Iceland*

## Lagerstarf / lagerstýring

**Hæfniskröfur:**
Metnaður, drifkraftur og jákvæðni
Skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt
Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
Þekking og/eða reynsla af sambærilegu starfi æskileg
Bílpróf og almenn tölvukunnátta nauðsynleg

**Starfsvið/ábyrgð**
Móttaka og afgreiðsla pantana
Móttaka og frágangur á vörum
Útkeyrsla pantanna á höfuðborgarsvæðinu
Almenn lagerstörf

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á prjóna- og mokkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er *VARMA the warmth of Iceland*, ásamt hönnunarlínunni *Blik*. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar prjóna- og mokkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamalgróna vörumerki. Sjá einnig www.varma.is og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á birgitta@varma.is fyrir 31. ágúst. Öllum umsóknum verður svarað.

GLÓFI

Félags- og Skólaþjónusta Snæfellinga

## Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir eftir félagsráðgjafa. Um er að ræða 100% starf félagsráðgjafa í félagsþjónustu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Íbúafjöldi þjónustusvæðisins er um 4 þúsund. Hjá FSS starfa forstöðumaður, 2 sálfræðingar, þroskaþjálfi, kennslu- og starfsráðgjafi, 2 ráðgjafar félagsþjónustu, 2 talmeinafræðingar auk starfsmanna heimaþjónustu, liðveislu og annarrar þjónustu málaflokks fatlaðs fólks.

**Viðfangsefni:**
- Barnavernd
- Málefni fatlaðs fólks
- Ráðgjöf
- Þverfagleg teymisvinna
- Önnur verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga

**Hæfniskröfur:**
- Starfsbundin réttindi félagsráðgjafa
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskipta- og samstarfshæfni

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands. Upphafstími starfs er samkomulagsatriði.

Umsókn er tilgreini menntun, fyrri störf og umsagnaraðila berist Sveini Þór Elinbergssyni, forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ **fyrir 3. september n.k.**
Frekari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 430 7800, netfang: sveinn@fssf.is.



# LAUS STÖRF Á HÓTEL BÚÐUM

Við leitum að hæfileikaríku og áreiðanlegu fólki til starfa með okkur á Hótel Búðum. Um er að ræða bæði hluta- og heilsdagsstörf og unnið er á vöktum. Vinsamlegast tilgreindu í umsókninni hvaða starf er sótt um. Kostur ef hægt er að hefja störf sem fyrst.

**STÖRFIN ERU EFTIRFARANDI:**

**Starfsmaður í gestamóttöku**
**Þjónar, lærðir og vanir og aðstoð í sal.**
**Matreiðslumeistari og aðstoð í eldhúsi**

**VIÐ SÆKJUMST EFTIR FÓLKI SEM BÝR YFIR:**

**Frumkvæði og metnaði til að sýna árangur í starfi**
**Menntun í ferðaþjónustu og á hótelsviði**
**Reynslu af sambærilegum störfum**
**Tölvukunnáttu sem nýtist í starfi**
**Tungumálakunnáttu**
**Sjálfstæðum vinnubrögðum og þjónustulund**
**Snyrtimennsku og stundvísi**

Áhugasamir sendið umsókn og ferilskrá á Jóhannes Arason hótelstjóra, joiara@budir.is. Fyrirspurnum er ekki svarað í síma.

HÓTEL BÚÐIR
SÍÐAN 1948

Hótel Búðir er opið allt árið. Hótelið er þekkt fyrir metnað í gistingu og þjónustu auk einstakrar matargerðar með áherslu á hreint hráefni af svæðinu.

Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverukerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2013.**

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í síma 411 4323, netfang: atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í síma 411 4305, netfang: thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

NORÐURORKA

Norðurorka hf. framleiðir og selur heitt vatn og er dreifiveitusvæðið allur Eyjafjörður nema Dalvíkurbyggð. Þá rekur fyrirtækið vatnsveitu á Akureyri og í þrem öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð sem og raforkudreifingu á Akureyri. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001 og er DMM viðhaldsþjónustukerfi hluti af því. Hjá Norðurorku starfa 54 starfsmenn.

**Gildi Norðurorku eru: Virðing – fagmennska – traust**

## Norðurorka hf. óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

### Rafmagnsverk- eða tæknifræðingur

Um er að ræða nýtt starf sérfræðings á framkvæmda- og tæknisviði. Sviðið sinnir rekstri veitukerfa, uppbyggingu þeirra og viðhaldi ásamt stýringu og vöktun. Sérfræðingur á sviðinu gegnir lykilhlutverki í öruggum og hagkvæmum rekstri veitnanna sem og þróun í tæknivæðingu þeirra. Starfið heyrir undir sviðsstjóra framkvæmda- og tæknisviðs.

**Starfssvið**
- Umsjón og þróun stjórnvaka (IGSS kerfi)
- Umsjón iðnstýringa, gagnasamskipta og tæknibúnaðar
- Verkefnastýring og val tæknibúnaðar
- Þróun og umsjón mælitækja og úrvinnsla gagna
- Samskipti við hönnuði og ráðgjafa stýrikerfa
- Sérverkefni á sviði raforkudreifingar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Gerð er krafa um rafmagnsverk- eða tæknifræði menntun
- Reynsla í rekstri og/eða hönnun stýrikerfa æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

### Vélfræðingur

Um er að ræða vélfræðing í kerfisstjórn. Kerfisstjórn sinnir rekstri, stjórn og viðhaldi vinnslusvæða og aðveitukerfa. Starfið heyrir undir yfirvélfræðing á framkvæmda- og tæknisviði.

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur vinnslusvæða og aðveitukerfa hita- og vatnsveitu
- Vinnslueftirlit hitaveitu
- Umsjón með varaaflstöðvum til rafmagnsframleiðslu
- Daglegur rekstur virkjana Fallorku sem og Glerárvirkjunar
- Bakvaktir og önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- 4. stig vélstjórnar
- Sveinspróf í viðurkenndri málmgrein æskilegt
- Góð almenn tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með ráðningunum hefur Guðrún Björg Harðardóttir (**gbh@no.is**) og Baldur Dýrfjörð (**baldur@no.is**).
**Umsóknafrestur er til og með 22. ágúst nk.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á netfangið **gbh@no.is**.
Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og afrit af prófskírteinum.
Norðurorka hf. – **www.no.is** – sími 460-1300

## SÖLU OG MARKAÐSSTARF

**Innflutningsfyrirtæki** á heildsölu og neytendamarkaði leitar að ráðagóðum og jákvæðum einstaklingi sem á auðvelt með mannleg samskipti í sölu og markaðsstarf.

**STARFSSVIÐ**
- Sala til núverandi viðskiptavina
- Afla nýrra viðskiptavina
- Þjónusta viðskiptavini
- Ýmis tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**
- Stundvísi
- Tölvukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla er æskileg

**Um framtíðarstarf er að ræða.**
**Umsækjendur** vinsamlega sendið ferilskrá ásamt mynd á póstfangið isldreifing@yahoo.com

GEÐVERND

### Laus 50% framtíðarstaða stuðningsfulltrúa - leiðbeinenda á áfangaheimilinu Álfalandi 15

Rekstur og starfsemi Álfalands 15 er samstarfsverkefni Geðverndarfélags Íslands og Geðsviðs Landspítala. Um er að ræða áfangaheimili þar sem einstaklingar eru undirbúnir fyrir sjálfstæða búsetu.
Starfið er fjölbreytt og felur í sér almennt heimilishald, stuðning við íbúa og ýmis önnur verkefni sem tengjast starfseminni. Um er að ræða hálft starf þar sem unnið er aðra hvora viku, 7daga í senn yfir miðbik dagsins. Starfið er laust frá og með 15. september 2013
**Hæfniskröfur eru:**
Góð samskiptafærni, víðsýni og hlýlegt viðmót
Reglusemi, snyrtimennska og stundvísi
Góð færni í sjálfstæðum vinnubrögðum og skipulagshæfni
Að geta tekist á við ábyrgð og lagt áherslu á lausnarmiðað viðhorf
Upplýsingar um starfið veita Kjartan Valgarðsson (kaup og kjör), framkvæmdastjóri Geðverndarfélags Íslands í síma 896-1357 og Magnús Ólafsson (innihald og eðli starfssins), deildarstjóri á geðsviði Landspítala sími 824-5537. Umsóknir ásamt upplýsingum og gögnum um menntun, starfsferil og umsagnaraðila skulu sendast á rafrænu formi á netfang Magnúsar, magnuso@landspitali.is eða í pósti merktum: Magnús Ólafsson, Laugarásvegur 71, 104 Reykjavík

**Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2013**

## Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

**Sparisjóður Suður-Þingeyinga auglýsir laust til umsóknar starf sparisjóðsstjóra.**

Um menntun og hæfi sparisjóðsstjóra gilda hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki nr. 161 / 2002 og reglur sem settar eru af FME á grundvelli laganna.

Sparisjóður Suður – Þingeyinga er með höfuðstöðvar á Laugum í Reykjadal en afgreiðslur eru á Húsavík og í Mývatnssveit. Starfssvæði sjóðsins eru Þingeyjarsýslur. Sparisjóðsstjóri skal hafa búsetu á starfssvæði sjóðsins.

Upplýsingar um sparisjóðinn má finna á heimasíðu sparisjóðsins www.spthin.is

Frekari upplýsingar gefa formaður og varaformaður stjórnar:
Ari Teitsson s. 8648500 / 4643159, netfang ariteits@simnet.is
Margrét Hólm Valsdóttir s. 8645890, netfang maggavals@gmail.com

Starfsumsókn ásamt ferilskrá sendist til Sparisjóðs Suður –Þingeyinga, Kjarna, 650 Laugar eða á netfangið anna@spthin.is

**Umsóknarfrestur er til 30. ágúst nk.**

***Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga***

SPARISJÓÐUR Suður-Þingeyinga

# LAUS STÖRF Í GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

**Álftanesskóli**
- heimilisfræðikennari

**Flataskóli**
- umsjónarmaður tómstundaheimilis
- leiðbeinendur í tómstundaheimili
- skólaliði

**Garðaskóli**
- 50% starf kennara vegna forfalla

**Hofsstaðaskóli**
- skólaliði
- leiðbeinendur í tómstundaheimili

**Sjálandsskóli**
- þroskaþjálfi
- sérkennari
- kennari á miðstigi vegna forfalla

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# Hópstjóri sérferða og hópferða

Arctic Adventures er íslenskt ævintýra- og afþreyingafyrirtæki sem leggur áherslu á vistvæna ferðamennsku í einstakri náttúru Íslands. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti undanfarin ár, vinnustaðurinn er opinn, skemmtilegur og andrúmsloftið afslappað. Nú leitar fyrirtækið að öflugum Hópstjóra sérferða og hópferða (Team Leader of Specific Sales) og hvetur jafnt konur sem karla með reynslu af ferðaiðnaði, sölu- og verkefnastjórnun til að sækja um.

**Um starfið:**
- Ábyrgð á sölumarkmiðum deildarinnar
- Þjónusta viðskiptavini
- Tengiliður til umboðs- og endursöluaðila
- Hönnun ferða og tilboða
- Eftirfylgni með sérhönnuðum ferðum
- Önnur tilfallandi verkefni í samstarfi við stjórnendur og samstarfsfólk

**Hæfniskröfur**
- Menntun í ferðamála eða viðskiptafræðum æskileg eða annað tengt ferðaiðnaði
- Sölu- og samskiptahæfileikar
- Reynsla af störfum á ferðaskrifstofu eða öðru sambærilegu
- Reynsla af hönnun ferða
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Tungumálakunnátta – enska skilyrði, önnur eru kostur
- Tölvukunnátta
- Þekking á verkefnastjórnun er æskileg

**Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst 2013 – umsóknir sendast á gudlaugur@adventures.is**



www.adventures.is | Vatnagarðar 8 | 104 | RVK

arctic adventures

MOSFELLSBÆR — Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ
## Laus störf

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi**

### Umsjónarkennari óskast á miðstig

Um er að ræða afleysingu vegna fæðingarorlofs.
Ráðning frá upphafi skólaárs til 1.desember 2014.
Leyfisbréf grunnskólakennara skilyrði fyrir ráðningu.

### Stuðningsfulltrúi

Meginverkefni er aðstoð við nemendur í leik og starfi, m.a. í búningsklefum drengja. Sérstaklega er leitað eftir karlmanni til starfans.
Vinnutími frá kl. 08:00. Möguleiki á vinnu í frístundaseli e.h. og þar með 100% starfshlutfalli.

Sessa var á leið til landsins með vörur fyrir Íslendinga en skipið var danskt skip í eigu Eimskipafélagsins, sem Bandaríkjastjórn hafði lagt löghald á, og sigldi undir fána Panama. Fregnin af afdrifum þess vakti mikla athygli í Bandaríkjunum.



†



Elskulegur bróðir okkar,

**GUNNLAUGUR STEFÁNSSON**

lést fimmtudaginn 8. ágúst sl. á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 20. ágúst kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar A 6 fyrir hlýja og góða umönnun.

**Systkini hins látna.**

†



Þakkarkveðjur sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við fráfall

**HILMARS BJARNASONAR**
**frá Eskifirði.**

**Sigrún Sigurðardóttir og börn.**

†



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR MAGNÚSSON**
**Vesturgötu 96, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 20. ágúst klukkan 14.00.

**Ólöf Guðríður Sigursteinsdóttir**
**Jón Sigurðsson** **Brynhildur Magnúsdóttir**
**Jakob S. Sigurðsson**
**Magnús H. Sigurðsson**
**og sonarsynir.**

†



Innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar og afa,

**VIGFÚSAR VIGFÚSSONAR**
**(SÚDDA)**

**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Fanney Vigfúsdóttir**
**Vigfús Vigfússon** **Guðrún Ágústa Önnudóttir**
**Vigfús Kr. Vigfússon** **Herdís K. Hervinsdóttir**
**Súsanna Sól**
**Vigfús Kristinn**
**Ísak**
**Ríkey Guðrún**

†



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁRSÆLL JÚLÍUSSON**
**fæddur 12. maí 1919,**

lést 11. ágúst sl. Þökkum hlýju og umhyggju ættingja og vina og þökkum starfsfólki sjúkraheimilis Skjóls á 3. hæð fyrir góða umönnun.

**Þurðíður Bjarnadóttir**
**Gunnar Ársælsson** **Margrét Ársælsson**
**Ingun Ársælsdóttir**
**Kolbeinn Ársælsson** **Agneta**
**Bjarni Geir Ársælsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður og tengdaföður, afa og langafa,

**MARTEINS KRISTINSSONAR**
**rafvirkjameistara,**
**Njálsgötu 1, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á taugadeild B2 á Landspítala Fossvogi, fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Kristín Þ. G. Jónsdóttir**
**Ingibjörg Þóra Marteinsdóttir** **Hilmar Teitsson**
**Kristinn Óskar Marteinsson** **Þóra Stefánsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**


OPIÐ 24 TÍMA
AFMÆLISHÁTÍÐ Í ENGIHJALLA
KOMDU OG HALTU UPP Á
1 ÁRS AFMÆLIÐ MEÐ OKKUR
PYLSUR OG COKE MILLI KL. 13–16 Í DAG
Frábær tilboð sem gilda alla helgina!
Verðsprengja
TC Pepperoni og Deep Pan
~~verð áður 399 kr.~~
248kr. kg stk.
Coke 2 ltr.
~~verð áður 309 kr.~~
198kr.
Grænmetis-vorrúllur, 16 í pakka
~~verð áður 399 kr. pk.~~
248kr. pk.
Chicago Town Deep Dish pizzur, 4 osta eða pepperoni
378kr. pk.
Góa rúsínur ljósar og dökkar
~~verð áður 478 kr. pk.~~
298kr. pk.
Sterkar Djúpur
~~verð áður 299 kr.~~
198kr.
Boðið upp á grillaðar pylsur og Coke kl. 13–16
Flórrida bitar
~~verð áður 248 kr. pk.~~
148kr. pk.
Staur, 2 í pakka
~~verð áður 215 kr. pk.~~
148kr. pk.
Ben & Jerry´s ís, 2 tegundir
788kr. stk.
Magnum Classic íspinnar, 3 í pakka
398kr. pk.
Verðsprengja
Sticky Toffee Cheese Cake
~~verð áður 399 kr.~~
248kr.
Pepsi og Pepsi Max 2 ltr.
~~verð áður 279 kr.~~
188kr.
Papco klósettpappír 12 rúllur
~~verð áður 859 kr.~~
598kr.
20% afsláttur af öllu grænmeti og ávöxtum við kassa
1 árs afmæli
NAMMILAND
50% afsláttur
í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!
Iceland
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



**1953** Sundmót hafa oft verið haldin í Sundlaug Norðfjarðar.
MYNDIR/FJARÐARBYGGÐ



**GÓÐVIÐRI** Sundlaugin hefur haft mikla þýðingu fyrir mannlífið í Neskaupstað frá upphafi.

# Sundlaugin hefur haft ótvírætt gildi fyrir Norðfirðinga frá upphafi

Því er fagnað í Neskaupstað á morgun að 70 ár eru síðan Sundlaug Norðfjarðar var formlega vígð. Einn af forvígismönnum hennar og föstum gestum alla tíð er Stefán Þorleifsson íþróttakennari. Hann verður 97 ára á morgun en lætur ekki deigan síga í íþróttaiðkuninni.

„Við vígðum þessa sundlaug 8. ágúst 1943. Þá var sund orðið skyldunámsgrein bæði í barnaskólum og æðri skólum og ógerningur að fullnægja þeim kröfum öðruvísi en hafa laug,“ segir Stefán Þorleifsson íþróttakennari. Hann beitti sér fyrir því af afli að ráðist var í byggingu Sundlaugar Norðfjarðar sem er með elstu mannvirkjum á Austurlandi.

„Sundlaugarbyggingin var stórt verkefni og hefur haft ótvírætt gildi fyrir Norðfirðinga frá upphafi. Hún var reist við hlið díslirafstöðvarinnar og við hituðum hana upp með kælivatninu af aflvél stöðvarinnar framan af,“ segir Stefán sem annaðist sundþjálfun hjá íþróttafélaginu Þrótti og segir Norðfirðinga hafa átt ágætt sundfólk á landsmælikvarða,“ segir hann. „Mitt aðalstarf var samt að vera forstöðumaður sjúkrahússins hér í 30 ár en sinnti þá íþróttakennslunni í hjáverkum.“

Stefán verður 97 ára á morgun. Hann er engum öldungi líkur heldur stundar íþróttir af kappi, þar á meðal sund. „Ég fer venjulega í sund svona fimm sinnum í viku,“ segir hann. „Ég er líka mjög mikið í golfi og iðka skíðaíþróttina á veturna, er svolítið á gönguskíðum en mest á svigskíðum og þá í Oddskarðinu.“

gun@frettabladid.is



**ELDSPRÆKUR** Stefán er að nálgast aldarafmæli en syndir, spilar golf og skíðar eins og ungur maður. Þessi mynd var tekin við laugina í gær. Eins og sjá má hefur hún verið færð til nútímahorfs.
MYND/ARNÞÓR INGI HERMANNSSON



**VETUR**Skaflarnir á laugarbakkanum benda til að vatnið hafi ekki verið of heitt veturinn 1951 en stúlkurnar láta það ekki á sig fá.



**FORSETINN Í HEIMSÓKN** Laugin er eitt af því sem Norðfirðingar eru stoltir af í bænum sínum. Hér eru hátíðahöld við hana í tilefni af heimsókn forseta Íslands árið 1954.



**HÁTÍÐISDAGUR** Bæjarbúar á Norðfirði voru prúðbúnir í laugarstúkunni árið 1953 enda gegnir laugin lykilhlutverki á hátíðar- og tyllidögum, svo sem á sjómannadaginn og þjóðhátíðardaginn.

# ÚTSALA

**HEIMILISTÆKI, SMÁRAFTÆKI OG BÚSÁHÖLD Á ÚTSÖLUVERÐI**

## Allt að 50% afsláttur!

**Blomberg heimilistæki með allt að 33% afslætti**
Ofnar, helluborð, kæliskápar, frystiskápar, uppþvotttavélar og fleira

**Candy heimilistæki með allt að 36% afslætti**
Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, kæliskápar og fleira

**Hoover ryksugur – 20-25% afsláttur**

**Ibili pottar og pönnur – 30% afsláttur**

**Fissler pottar, pönnur og búsáhöld – 20% afsláttur**

William Bounds
salt- og piparkvarnir
40% afsláttur

**Kitchenaid heimilistæki – 15-30% afsláttur**
Ofnar, örbylgjuofnar og spansuðu helluborð

**Kitchenaid smátæki á tilboði**
Lítið útlitsgallaðar hrærivélar einnig á lækkuðu verði

**Panasonic þvottavélar, þurrkarar og kæliskápar**
15-20% afsláttur

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 7 | 1 | | | 3 | | |
| | | | 2 | | | 4 | 5 | |
| | 6 | 8 | 9 | | | | 1 | |
| 3 | 2 | | 4 | | 6 | 8 | 9 | |
| | | | 5 | | | 2 | 3 | 6 |
| | | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 3 | | | | 1 | | 8 | |
| | 9 | | | | | 6 | | |
| 8 | | 2 | | 9 | | | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | 6 | 7 |
| | | | 8 | | 4 | | | 5 |
| 2 | | | | 6 | 7 | | | 8 |
| | 1 | 7 | 2 | | | | 3 | 9 |
| | | 9 | | | | 4 | 8 | |
| | 3 | | | | 6 | 5 | | |
| 9 | | 8 | 3 | | | | 5 | |
| | 5 | | | | | | 2 | 4 |
| 1 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | | | | | 6 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 5 | | | 2 |
| 9 | | 3 | 8 | | | | | |
| 4 | | 2 | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 4 | | | | |
| | 1 | | | | 7 | | | |
| | | | 3 | | | | 7 | |
| 3 | 9 | | | | | | | |
| | 6 | 7 | | | 9 | | 1 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 8 | 1 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 1 | 7 |
| 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 | 9 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 |
| 6 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Framtíðin tilheyrir þeim sem trúa á fegurð drauma sinna.
*Eleanor Roosevelt*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** planta, **6.** umhverfis, **8.** saur, **9.** lík, **11.** skóli, **12.** bit, **14.** mjóróma, **16.** í röð, **17.** geislahjúpur, **18.** fugl, **20.** á fæti, **21.** frumeind.

**LÓÐRÉTT**
**1.** erfið, **3.** pot, **4.** launráð, **5.** röst, **7.** afsökun, **10.** skammstöfun, **13.** af, **15.** hróp, **16.** spíra, **19.** svörð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** mosi, **6.** um, **8.** tað, **9.** nár, **11.** ma, **12.** glefs, **14.** skræk, **16.** áb, **17.** ára, **18.** lóm, **20.** il, **21.** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1.** þung, **3.** ot, **4.** samsæri, **5.** iða, **7.** málsbót, **10.** rek, **13.** frá, **15.** kall, **16.** ála, **19.** mó.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Víetnaminn Quang Liem Le (2712) átti ekki í miklum vandræðum með Oliver Barbasa (2557) frá Filipps-eyjum í fyrstu umferð Heimsbikar-mótsins í skák.**

**Svartur á leik**



31…Hxe4! (hótar 32…Dh2#) 32. Dxf3 Hxe2! Hvítur gafst upp. Ef 33. Dxe2 Rg3+ eða 33. Kg1 Dh2+ 34. Kf1 He5. Hvítur ræður ekki við hótanirnar 34…Rg3+ og 34…Hf5.

**www.skak.is** Þriðja umferð (32 manna úrslit) Heimsbikarmótsins hefst í dag.

# HIN EINA SANNA
# SKÓSPRENGJA
# Í FULLUM GANGI
## 50-90% afsláttur




Toppskórinn Outlet

Toppskórinn Markaður

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**




# Skrifar fyrir Borgarleikhúsið

**Tyrfingur Tyrfingsson hefur verið valinn næsta leikskáld Leikfélags Reykjavíkur. Honum var formlega tilkynnt það í gær af Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta og leikhússtjóra félagsins.**

„Mér var að hlotnast mikill heiður og ég er ofboðslega glaður, spenntur og stressaður,“ segir Tyrfingur Tyrfingsson sem var í gær falið að vera leikskáld Leikritunarsjóðs Leikfélags Reykjavíkur næsta leikár. Það var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, sem tilkynnti það á samkomu í Borgarleikhúsinu.

Tyrfingur útskrifaðist fyrir ári úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands af námsbrautinni Fræði og framkvæmd og nam í framhaldinu leikritun við Goldsmiths í London. Hann hefur vakið athygli fyrir verk sín Grande og Skúrinn á Sléttunni en skyldi hann vera byrjaður að leggja í fyrir veturinn?

„Það eru tvö verk sem ég ætla að gera fyrir Leikfélagið,“ upplýsir Tyrfingur. Annað er samstarfsverkefnið Bláskjár sem verður frumsýnt í febrúar. Ég hef verið að forma það í sumar og er að fara til Berlínar núna um helgina til að skrifa það. Af hverju Berlínar? Af því þar er svo grunnt á harminum. Þar finnur maður hann – og líka gleðina. Þjóðverjar eru svo fegnir að vera hættir að vera nasistar að þeir eru að halda partí og það er gaman líka.“

Hann kveðst einnig vera byrjaður að vinna grunnvinnu að seinna verkinu. „Ég er sem sagt að vinna að tveimur verkefnum í einu sem eru mjög ólík og það er mjög þægilegt. Ef ég fæ ógeð á öðru get ég stokkið yfir í hitt, eða öllu heldur flúið,“ segir hann kankvís og svo er hann rokinn til að halda upp á daginn með öðru listafólki.

Þess má geta að Tyrfingur var tilnefndur til sprotaverðlauna íslensku leiklistarverðlaunanna, Grímunnar, nú í vor.

- gun



**MIKILL HEIÐUR** Tyrfingur var pínu feiminn þegar Vigdís var búin að sæma hann leikskáldatigninni fyrir næsta ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Um Leikritunarsjóð

Markmið Leikritunarsjóðs er að efla nýsköpun og fjölbreytni í íslenskri leikritun. Stjórnarformaður Leikritunarsjóðs LR er frú Vigdís Finnbogadóttir.

Þrjú leikskáld hafa þegar starfað á vegum Leikritunarsjóðsins með prýðilegum árangri, Auður Jónsdóttir árið 2009, Jón Gnarr árið 2010 og Kristín Marja Baldursdóttir árið 2012. Leikrit Auðar Jónsdóttur, Fólkið í kjallaranum gekk fyrir fullu húsi í langan tíma, fékk níu tilnefningar til Grímunnar, m.a. sem sýning ársins, og höfundarnir, þau Auður Jónsdóttir og Ólafur Egill Egilsson voru valin leikskáld ársins. Jón Gnarr skrifaði verkið Hótel Volkswagen í starfi sínu sem leikskáld hússins áður en hann hvarf frá störfum til að taka við embætti Borgarstjóra Reykjavíkur. Kristín Marja Baldursdóttir hefur lokið við að skrifa leikverk sem frumsýnt verður á komandi leikári.









**Á SÝNINGUNNI** Tryggvi sýnir fyrstu verkin sem hann vann eftir að hann flutti aftur til Íslands.

## Popplist í grafík

Tryggvi Ólafsson opnar sýningu á nýrri grafík í Gallerí Fold í dag klukkan 15. Sýninguna nefnir hann Úr gullastokknum. Þar eru ný grafíkverk sem Tryggvi hefur unnið á þessu ári.

Tryggvi hefur notið hylli íslensku þjóðarinnar um árabil þótt lengst hafi hann unnið að list sinni í Danmörku. Grafíkverkin sem hann sýnir nú eru þau fyrstu sem hann vinnur hér á landi eftir að hann flutti aftur til Íslands. Hann hefur sýnt víða um heim og sneri sér snemma að popplist, þar sem hann nýtir sér efni og form bæði frá fortíð og nútíð.

Sérsafn með verkum Tryggva er á Neskaupstað.

- gun


netto
í sumarskapi
SVÍNALUNDIR DANSKAR
FRYSTIVARA
1.385
ÁÐUR 1.979 KR/KG
afsláttur
30%
SVÍNAKÓTELETTUR
GRILLSAGAÐAR
899
ÁÐUR 1.198 KR/KG
afsláttur
25%
GRÍSAPOTTRÉTTUR
Í SVEPPASÓSU - FERSKT
1.499
ÁÐUR 1.898 KR/KG
LAMBAKÓTELETTUR
Í RASPI
1.795
ÁÐUR 2.459 KR/KG
afsláttur
27%
KJÚKLINGALUNDIR
FROSNAR
DANPO - 700 G
1.390
ÁÐUR 1.598 KR/PK
NAUTAPOTTRÉTTUR
FERSKT
1.649
ÁÐUR 2.198 KR/KG
afsláttur
25%
KÍNAKÁL
199
ÁÐUR 398 KR/KG
afsláttur
50%
GOÐI
KJÖTBÚÐINGUR
GOÐI 490 G
298
ÁÐUR 426 KR/STK
afsláttur
30%
Tilboðin gilda 15. - 18. ágúst
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Nóg um að vera á Jazzhátíðinni

**Safarík tónlistardagskrá verður í boði á Jazzhátíð Reykjavíkur í Hörpu í kvöld.**



**SPILA Í HÖRPU** Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson stíga á svið í Hörpu í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðalgestur Jazzhátíðar Reykjavíkur í Hörpu í kvöld verður saxófónleikarinn Joshua Redman, ásamt meðspilurum sínum, þeim Aaron Goldberg á píanó, Rueben Rogers á bassa og Gregory Hutchinson á trommur. Þessi hljómsveit þykir ein allra magnaðasta tónleikasveit í djassinum í dag.

Seinna um kvöldið stígur gítarleikarinn Friðrik Karlsson á svið með nýja hljómsveit og nýja tónlist. Söngkonurnar Ragnheiður Gröndal og Kristjana Stefánsdóttir koma einnig fram ásamt Guðmundi Péturssyni, auk þess sem Stórsveit Reykjavíkur býður upp á stórsveitarútgáfur af tónlistinni á hinni goðsagnakenndu plötu Kind of Blue með Miles Davis.

Gadjos frá Gautaborg og Skuggamyndir frá Býzans ganga í eina balkansæng og svo slær Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar botninn í kvöldið með afróbíti úr ysta hafi.

Nánari upplýsingar má finna á Reykjavikjazz.is. Miðasala fer fram á vef Hörpu og á Midi.is.
-fb


# Starfslaun listamanna

## Umsóknarfrestur til 25. september

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2014 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

Umsóknarfrestur rennur út miðvikudaginn 25. september 2013, kl. 17:00.
Sækja skal um listamannalaun rafrænt á vef Rannís, www.rannis.is

**Starfslaun eru veitt úr sex sjóðum:**
**1.** launasjóði hönnuða
**2.** launasjóði myndlistarmanna
**3.** launasjóði rithöfunda
**4.** launasjóði sviðslistafólks
**5.** launasjóði tónlistarflytjenda
**6.** launasjóði tónskálda

Hægt er að sækja um starfslaun fyrir listamann í einn launasjóð eða fleiri, sé verkefni þess eðlis að það falli undir fleiri sjóði en einn. Ennfremur er unnt að sækja um starfslaun fyrir skilgreint samstarfsverkefni listamanna/hópa í einn launasjóð eða fleiri, falli verkefnið undir fleiri sjóði en einn. Auk starfslauna er sjóðunum heimilt að veita ferðastyrki.

**Upplýsingar um ferli og fylgigögn eru á:**
www.listamannalaun.is og www.rannis.is

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga,
ragnhildur.zoega@rannis.is, sími 515 5838.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# KILJUMARKAÐUR

## verð frá 999




Fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Kringlunni, Holtagörðum og Akureyri.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

## 17. ÁGÚST

### Tónleikar

**21.00** **Hljómsveitin Boogie Trouble kveður tvo meðlimi sína tímabundið og efnir því til kveðjutónleika laugardaginn 17. ágúst á Gauki á Stöng.**

**23.00** Bjarki (Kid Mistik), Hlýnun jarðar, Ultraaorthodox, Bypass og Captain Fufanu koma fram á skemmtistaðnum Harlem.

### Opnanir

**15.00** Sýning á verkum listamannanna Janne Laine og Stefáns Boulter verður opnuð í dag. Sýningin ber yfirskriftina Anamnesis / Silence.

**17.00** **Ragnar Þórisson opnar einkasýningu á nýjum málverkum í Kling & Bang. Galleríið er opið frá fimmtudegi til sunnudags á milli 14 og 18 og er aðgangur ókeypis.**

**15.00** Bragi Ásgeirsson opnar sýninguna Grafík í 30 ár í Gallerí Fold.

**15.00** Tryggvi Ólafsson opnar sýningu á nýrri grafík í Gallerí Fold.

**16.00** Habby Ósk skoðar mannlegt eðli og sambönd á sýningu sinni, í Þoku – Laugavegi 25.

### Málþing

**13.00** Í tengslum við sýninguna Magnús Pálsson: Lúðurhljómur í skókassa sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu, boðar Listasafn Reykjavíkur til málþings helgina 17. til 18. ágúst. Stjórnandi málþingsins er Hanna Styrmisdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, sem einnig er sýningarstjóri



sýningarinnar ásamt Jóni Proppé.

### Tónlist

**21.30** Friðrik Karlsson heldur tónleika í Silfurbergi í Hörpu. Tónleikarnir eru liður í Jazzhátíð Reykjavíkur. Þar kemur Friðrik fram ásamt eigin hljómsveit og flytur efni af fyrri sólóplötum ásamt nýju efni. Miðasala er á midi.is

### Leiðsögn

**09.00** Ferðafélagið Norðurslóð stendur fyrir hinni árvissu Sléttugöngu í dag. Gengið verður frá Raufarhöfn í Blikalónsdal og norður eftir dalnum út í Blikalón. Farið verður frá Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn klukkan 9. Þátttökugjald er 3.500 fyrir félagsmenn Norðurslóðar, en 4.500 fyrir aðra. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig í gönguna. Þátttökugjald er greitt við upphaf göngu.

# SUNNUDAGUR

## 18. ÁGÚST

### Sýningar

Sunnudaginn 18. ágúst er afsláttur á aðgangseyri í Þjóðminjasafn Íslands, tveir fyrir einn. Að venju er ókeypis fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri. Fjölbreytt úrval ratleikja er í boði fyrir fjölskyldur.

### Tónlistarhátíð

**14.00** Hulda Jónsdóttir, ungur fiðlusnillingur frá Hveragerði, kemur fram á Tónlistarhátíðinni Englar og menn. Uppskerumessa hefst þar klukkan 14 og Hulda mun flytja tónlist frá klukkan 13.40.

### Tónlist

**16.00** Tríóið Aftanblik mun koma fram á stofutónleikum á Gljúfrasteini í dag. Flutt verður úrval síðrómantískra sönglaga sem urðu til við mót vestrænnar klassískrar tónlistar og innlendrar þjóðlagahefðar á Íslandi, Ungverjalandi og Rússlandi. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


TWISTER®
ZINGER COLLECTION
HVAÐA TWIST VILTU
TAKA Á DAGINN?
PIPAR\TBWA • SÍA • 131980
Zinger
TWISTER
CLASSIC
Iceberg, tómatar og
léttpiparmæjónes
799
kr.
Zinger
TWISTER
NÝTT
DELUXE
Klettasalat, tómatar,
mozzarella og rautt pestó
849
kr.
Zinger
TWISTER
NÝTT
Fresco
Iceberg, gúrka, rauðlaukur
og hunangs-sinnepssósa
799
kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS



**TÓNLISTARKONUR** Hafdís Huld, Védís Hervör, Ragga Gröndal og Lára Rúnars leggja land undir fót í ágúst.

# Skreppitúr um landið

## Tónlistarkonur leggja land undir fót í ágúst.

Tónlistarkonurnar fjölhæfu Hafdís Huld, Védís Hervör, Ragga Gröndal og Lára Rúnars leggja land undir fót í ágúst og spila fyrir landsmenn.

Þetta er jafnframt liður í því að kynna KÍTÓN, félag kvenna í tónlist, fyrir áhugasömum og hyggjast þær halda létta kynningu opna öllum kl. 17, samdægurs tónleikunum á hverjum stað. „Dýrindis skreppitúr um landið í faðmi skemmtilegra kvenna,“ segja þær um gjörninginn og hlakka mikið til að telja í.

Lára Rúnars lauk nýlega við vel heppnaða tónleikasiglingu um landið með Áhöfninni á Húna og ætlar að ljúka hringnum á þjóðveginum með kynsystrum sínum sem allar eiga það sameiginlegt að vera farsælir lagahöfundar og flytjendur. Hafdís, Védís, Ragga og Lára munu teygja anga sína á marga staði en Vestfirðir og Norðurland verða í aðalhlutverki í fyrsta holli túrsins.

### ➜ Tónleikaferðin

| | |
|---|---|
| Priðjudagur 20. ágúst | Sjóræningjahúsið Patreksfirði |
| Miðvikudagur 21. ágúst | Bræðraborg Ísafirði |
| Fimmmtudagur 22. ágúst | Melrakkasetrið Súðavík |
| Föstudagur 23. ágúst | Græni hatturinn Akureyri |
| Laugardagur 24. ágúst | Kaffi Rauðka Siglufirði |
| Sunnudagur 25. ágúst | Gamli Baukur Húsavík |



**REYKJAVÍK BEIKON FESTIVAL** Það mættu í kringum ellefu þúsund manns í fyrra til þess að gæða sér á beikoni. MYND/EINKASAFN

# Beikon er án landamæra

## Undirbúningur er í fullum gangi fyrir Reykjavík Bacon Festival á Skólavörðustíg.

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir Reykjavík Bacon Festival sem verður haldin í þriðja sinn á Skólavörðustíg 7. september.

Árni Georgsson, einn af stofnendum hátíðarinnar, heldur hana í samstarfi við vini sína sem koma úr öllum áttum og kalla sig Íslenzka beikonbræðralagið. „Það er gaman að segja frá því að í hópnum sem kemur að hátíðinni eru læknar, lögfræðingar og kennarar. Við komum úr öllum áttum en eigum það sameiginlegt að vera með mikla matarást og sérstaklega hrifnir af beikoni. Beikon er án landamæra, ég held að flestir séu hrifnir af því,“ segir Árni, sem starfar sjálfur sem menningarstjóri.

„Hugmyndin að hátíðinni kemur frá Bandaríkjunum, en þar eru beikonhátíðir mjög vinsælar. Vinir okkar frá Iowa halda stærstu beikonhátíð í heimi, sem nefnist Blue Ribbon Bacon Festival, og þegar þeir ákváðu að koma í stutta heimsókn til Íslands árið 2011 fannst okkur tilvalið að koma þeim á óvart og halda litla beikonhátíð í tilefni þess. Sú hátíð heppnaðist gríðarlega vel og nú virðist þetta ætla að verða árlegur viðburður hér á landi,“ segir Árni.

Rúmlega tíu þúsund manns mættu á hátíðina í fyrra til að gæða sér á beikoni í hinum ýmsu útfærslum. Í ár verður boðið upp á enn fleiri útfærslur með gæðabeikoni frá Ali Bacon og verður boðið upp á sérstaka rétti fyrir börnin.

„Einnig fengum við til liðs við okkur veitingastaði í miðbænum sem ætla að vera með rétti á matseðlinum innblásna af beikoni í tilefni dagsins. „Þetta er fyrst og fremst til þess að hafa gaman af. Við sem stöndum að þessu erum allir miklir vinir og í stað þess að hittast og prjóna lopapeysur, þá reykjum við beikon,“ segir Árni að lokum glaður í bragði. asa@365.is



**ÁRNI GEORGSSON** Menningarstjóri og beikonunnandi er einn þeirra sem standa fyrir Reykjavík Beikon Festival sem haldin verður í þriðja sinn þann 7. september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SUMARGLAÐNINGUR

FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON

Ótrúlega vel búið 46“ SmartTV LED sjónvarp með ótal tengimöguleikum, háskerpu upplausn og þrívídd. Eitt með öllu.




**Myndgæði** Tækið er með háskerpu upplausn 1920x1080, 200Hz clear motion index, Mega Contrast og öflugum Pure Image Ultra Intelligent örgjörva sem gefur framúrskarandi myndgæði og liti.

**Þrívídd** Tækið er með innbyggðri þrívídd og notar active tækni sem er öflugasta tæknin sem í boði er í dag. Tækið getur breytt venjulegri mynd í þrívídd (2D to 3D conversion). 2 Active þrívíddargleraugu fylgja.

**SmartTV og Margmiðlun** Tækið er með hefðbundinn DVB-T móttakara og DVB-S móttakara fyrir þá sem nota gervihnattadisk. Ennfremur er tækið með innbyggðum margmiðlunarspilara, hægt að taka upp á flakkara af tækinu og innbyggður þráðlaus móttakari (dongle). Tækið er með Smart TV viðmóti og hægt að tengjast fjölda forrita, fara á netið og fleira.

**Tengimöguleikar** Tækið er vel tengjum búið með 4 HDMi, CI kortarauf, 2 USB, nettengi, VGA, Scart, Optical og heyrnartólstengi.

Ultra Pure Image · Color extender · Mega contrast · Digital pure sound · x4 HDMI · PVR Ready · USB multimedia browser · 2 USB · eco mode · LEDedge · HD TV 1080p · 200Hz CMI ClearMotionIndex · 3D intense · Smart TV · Share & See Home Network Devices

Thomson 46FU7765

169.990

Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Stuðmenn og Tjúllum og tjei

Bylgjan býður upp á stútfulla dagskrá á Ingólfstorgi á menningarnótt.

Stuðmenn ásamt Björgvin Halldórssyni, Diktu, Valdimar og Á móti sól spila á stórtónleikum Bylgjunnar sem verða á Ingólfstorgi á menningarnótt 24. ágúst. Tónleikar þessir hafa fyrir margt löngu fest sig í sessi sem einn stærsti viðburður menningarnætur. Þeir hefjast stundvíslega klukkan 20.30 og lýkur rétt áður en flugeldasýningin hefst.

Tónleikarnir verða sendir út beint á Bylgjunni. Hægt er að hlusta á þá í nýlegu appi Bylgjunnar sem hlaðið hefur verið niður í um 50 þúsund snjallsíma að undanförnu.

Tjúllum og tjei, fjölskylduskemmtun Bylgjunnar, verður á Ingólfstorgi um miðjan daginn. Bylgjan hefur farið með þáttinn Tjúllum og tjei um landið á laugardögum í sumar og ferðinni lýkur á Ingólfstorgi á menningarnótt. Þátturinn verður sendur út frá kl. 12.20 til 16 og umsjónarmenn eru Valtýr Björn Valtýsson og Jóhann K. Jóhannsson. Fram koma Sveppi og Villi, Friðrik Dór og Glaðasti hundur í heimi, Einar Mikael töframaður, Björgvin Halldórsson, Matti Matt, Sigga Beinteins og Rokkabilly-bandið, auk þess sem Dans & Jóga verður með zumbapartí.



**STUÐ Á BYLGJUTÓNLEIKUM** Stuðmenn spila á stórtónleikum Bylgjunnar á menningarnótt ásamt Björgvin Halldórs, Diktu, Valdimar og Á móti sól. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**KHLOE KARDASHIAN** Segir hjónaband þeirra Lamar Odom ekki vera í hættu vegna sögusagna um framhjáhald hans. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sakaður um framhjáhald

**Hjónaband Khloe Kardashian og Lamars Odom mun vera á bláþræði þessa dagana en sögur um framhjáhald Lamars hafa farið eins og eldur í sinu undanfarið. Nú hafa tvær konur sagst hafa sofið hjá körfuboltastjörnunni þrátt fyrir að hann sé heitbundinn Khloe.**

**Önnur kvennanna, Polina Polonsku, heldur því fram að þau Lamar hafi átt í sex vikna ástarsambandi sem mun hafa byrjað sama kvöld og haldið var steypiboð fyrir Kim, systur Khloe, eða þann 2. júní síðastliðinn.**

**Khloe og Lamar segja sögurnar ekki sannar og að þau séu ekki á leiðinni að skilja.** - hó



**BUFF** Hljómsveitin spilar á Hótel Örk í kvöld.

## Buff á Blómstrandi dögum

Hljómsveitin Buff heldur dansleik á Hótel Örk í kvöld í tilefni af bæjarhátíðinni Blómstrandi dagar, sem hefur verið haldin í Hveragerði um árabil. Þetta verður í fyrsta sinn sem Buff spilar á Blómstrandi dögum.

Hljómsveitin hefur verið mjög iðin við spilamennsku í sumar og má þar helst nefna viðburði eins og Sjómannadaginn á Patró, Markaðsdagana á Bolungarvík, Neistaflug í Neskaupstað og Þjóðhátíð í Eyjum. Hugsanlega kemur út nýtt efni með Buffi í haust en nokkuð langt er liðið síðan nýtt lag kom út með sveitinni. - fb



# Nýjum lögum stolið úr tölvunni

Lana Del Ray er með böggum hildar eftir að brotist var inn í tölvuna hennar.



**LANA DEL RAY** Söngkonan varð fyrir miklu áfalli þegar brotist var inn í tölvuna.

Lana Del Ray segir það hafa verið áfall fyrir sig þegar hún komst að því að brotist hafði verið inn í tölvuna hennar og nýjum lögum af væntanlegri plötu lekið á netið.

„Þetta dró dálítið úr mér kjarkinn. Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að setja á plötuna. En ætli ég verði ekki að setja lögin sem láku á netið og sjá hvað setur," sagði hún við Radio.com.

Síðasta plata Lönu Del Ray, Born To Die, kom út 2011 við frábærar undirtektir. Hún segist sífellt leita að innblæstri fyrir lögin sín. „Ég myndi aldrei semja lag ef mér fyndist það ekki smellpassa á nýju plötuna," sagði hin 27 ára söngkona. „Það er enginn annar sem semur lögin fyrir mig. Þetta er brunnur sem kemur innan frá og ef hann er ekki fullur af innblæstri, þá er hann ekki fullur."


Styrkir til atvinnuleikhópa

Umsóknarfrestur til 25. september

**Leiklistaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2014.**

Umsóknarfrestur rennur út 25. september 2013, kl 17:00. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða gerðir starfssamningar til lengri tíma. Leiklistarráð gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til stuðnings atvinnuleikhópum, sbr. leiklistarlög nr. 138/1998, 18. gr.

Sjóðurinn hefur úthlutað styrkjum árlega og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið annast umsýslu hans. Frá og með haustinu 2013 hefur Rannís umsjón með sjóðnum. Upplýsingar á www.rannis.is

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is
**Umsóknum skal skila á rafrænu formi.**

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga,
ragnhildur.zoega@rannis.is, sími 515 5838.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun







**FRÆNDSYSTKIN HLAUPA TIL GÓÐS** Kári Steinn Karlsson hleypur ásamt Ester Ýr og Bjarka Jónsbörnum til styrktar Samtökum um endómetríósu í Reykjavíkurmaraþoninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hleypur til styrktar endómetríósu

Kári Steinn Karlsson hleypur í Reykjavíkurmaraþoninu til styrktar Samtökum um endómetríósu. Tvær frænkur hans hafa greinst með þennan sjúkdóm.

Kári Steinn Karlsson ætlar að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka 24. ágúst ásamt tveimur frændsystkinum sínum, þeim Ester Ýri og Bjarka Jónsbörnum.

Þau þrjú ætla að hlaupa til styrktar Samtökum um endómetríósu en Ester Ýr hefur greinst með þennan arfgenga sjúkdóm, auk þess sem önnur frænka Kára Steins hefur einnig greinst með hann.

„Ég var einfaldlega beðinn um þetta. Ég vissi ekki hvað þetta var, hafði aldrei heyrt um þetta áður en fannst þetta flott málefni," segir Kári Steinn, spurður hvers vegna hann ákvað að hlaupa fyrir samtökin. Hann keppti í maraþonhlaupi á Ólympíuleikunum í fyrra. „Ég held að almenningur viti ekkert svakalega mikið um þennan sjúkdóm. Ég get vonandi safnað einhverjum peningum fyrir þetta málefni og vakið athygli á því í leiðinni."

Aðspurður segist Kári Steinn ætla að láta sér nægja að hlaupa hálfmaraþon í þetta skiptið en vonast til að hlaupa heilt Reykjavíkurmaraþon síðar. „Ég hef aldrei hlaupið heilt maraþon á Íslandi og bara hlaupið þrjú maraþon. Maður fer sparlega með þau því þau taka sinn toll af líkamanum."

Ester Ýr ætlar að hlaupa tíu kílómetra og býst ekki við því að ná að halda í við frænda sinn. „Það liggur við að þetta sé í fyrsta sinn sem ég tek þátt í einhverju hlaupi. Mér finnst mjög mikilvægt að opna umræðuna um þennan sjúkdóm, sem er kannski oft svolítið feimnismál. Margir halda að þetta séu eingöngu slæmir túrverkir en þetta er svo miklu meira en það," segir hún. Til marks um það hefur Ester farið í þrjár skurðaðgerðir vegna endómetríósu og fjórar misheppnaðar glasameðferðir. „Markmiðið er að klára hlaupið. Ég yrði hrikalega ánægð með það."

Bróðir hennar Bjarki tekur einnig þátt en hann hefur verið duglegur að vekja athygli á endómetríósu á Facebook að undanförnu. „Ég er mjög ánægð með að sjá að svona ungir strákar séu tilbúnir að vekja athygli á svona málefni," segir Ester um Bjarka og Kára Stein.

freyr@frettabladid.is

## Fór í jóga, synti og hjólaði



**Kári Steinn** kveðst vera í mjög góðu formi. Hann dró aðeins úr æfingaálaginu í sumar en síðasta sumar reyndi mjög á hann. „Það má segja að það hafi verið of stíft. Ég var svolítið ofkeyrður eftir það. Ég ákvað að taka annan pól í hæðina, hlaupa færri kílómetra og fara í staðinn meira í jóga, synda, hjóla og gera styrktaræfingar. Æfingamagnið hjá mér hefur verið það sama en hlaupamagnið aðeins minna," segir þessi knái hlaupari.

**5-10%** kvenna eru taldar hafa endómetríósu. Meðalgreiningartími sjúkdómsins á Íslandi er 7-10 ár.

# SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER




**TAPOUT CORE HETTUPEYSA HERRA**
MARGIR LITIR
4.990 KR

**EVERLAST BOMBER JAKKI MEÐ HETTU BARNA**
MARGIR LITIR
4.390 KR

**OLYMPUS RENNDUR JAKKI BARNA**
MARGIR LITIR
1.990 KR

**NIKE ALLIANCE JAKKI BARNA**
9.590 KR

**SLAZENGER BAKPOKI**
MARGIR LITIR
2.390 KR

**AIRWALK BAKPOKI**
MARGIR LITIR
3.390 KR

**SLAZENGER TECH BAKPOKI**
MARGIR LITIR
2.790 KR

**PUMA BAKPOKI**
MARGIR LITIR
2.990 KR

**DONNAY RUN STAR BARNASKÓR STRÁKA OG STELPU**
DONNAY
1.790 KR
CRAZY PRICE!
STÆRÐIR 28 - 34

**MISS FIORI PAISLEY SKÓR**
MISS FIORI
1.590 KR
MARGIR LITIR
STÆRÐIR 28 - 34

**VISION FRONTAL STRÁKASKÓR**
VISION STREET WEAR
3.590 KR
STÆRÐIR 35 - 41

**DONNAY RUN STAR BARNASKÓR STRÁKA OG STELPU**
DONNAY
1.990 KR
CRAZY PRICE!
STÆRÐIR 35 - 40

SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI - OPNUNARTÍMAR

MÁN-MIÐ: 10-19
FIMMTUDAGA: 10-21
FÖSTUDAGA:10-20
LAU-SUN: 10-18

GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

# Barbarískir skokkarar

**BAKÞANKAR**
Karenar Kjartansdóttur

Margir láta hlaupabylgjuna sem tryllir lýðinn víða um heim fara í taugarnar á sér. Hlauparar hlaupa líka í fötum sem leyna alltof litlu, hafa brenglaðan tónlistarsmekk, auk þess sem þeir virðast allir byrja að snýta sér á ferð án þess að nokkuð tissjú komi þar við sögu.



**SKOKKANDI** skáldkona sem ég kannast við segir að þessi barbaríski lífsstíll reyni mjög á hana. Það er ekki að undra því hún er frá á fæti og tekur oft fram úr öðrum skokkurum og er því í mikilli áhættu á því að verða fyrir snýtingum annarra skokkara. Skokkarasnýtingar fara nefnilega þannig fram að fingri er stutt á þá nös sem ekki þarf að tæma, því næst er blásið hraustlega út um hina nösina og þá er málið venjulega leyst (það er agalegt ef það tekst ekki í einu skoti). Á ensku hef ég séð þessa aðferð kallaða „rocket snot“, eða horflaug eins og skáldkonan þýddi hugtakið. Einhverja hef ég heyrt kalla þetta bóndasnýtingu. Það þykir mér vont heiti enda hef ég aldrei séð sanna Íslendinga snýta sér frá því þeir hætta að taka í nefið og byrjuðu á að taka í vörina. Nei, þeir sjúga upp í nefið af krafti og kyngja. Nú er mér mjög illa við alhæfingar en þetta hef ég aldrei séð aðra en Íslendinga gera.

**MÉR** skilst að þessi þjóðlegi siður þyki sérlega óviðfelldinn meðal hinna siðmenntuðu þjóða sem kjósa frekar að draga fram velktan snýtuklút úr vasanum til að hreinsa nefið með. Það þykir mér samt ekkert skárri aðferð en sú íslenska. Enda hur svo viðbjóðslegt að hafi er fyrir satt að skilin milli siðmenntaðra og ósiðmenntaðra felist helst í því að þeir fyrrnefndu láta aldrei sjást til sín þegar þeir bora í nefið. Líklega er vel heppnuð horflaug besta aðferðin. Það er frjálsleg aðferð sem veitir skjóta og skilvirka lausn á vanda sem hrjáir okkur öll í laumi. Gætið ykkar samt í Reykjavíkurmaraþoninu!

# Leiður yfir dauða Bachelor-stjörnu

## Útvarpsmaðurinn Howard Stern tjáir sig um dauða stjörnunnar Gia Allemand.

Vinir og ættingjar raunveruleikastjörnunnar Gia Allemand eru í miklu áfalli vegna fráfalls hennar. en hún á að hafa framið sjálfsmorð fyrr í vikunni. Allemand tók þátt í 14. þáttaröð Bachelor árið 2010 þar sem hún var ein af mörgum yngismeyjum er kepptu um hylli sjarmörsins Jake Pavelka.

Útvarpsmaðurinn umdeildi, Howard Stern, sagði á dögunum að hann hefði horft á þáttaröðina með Allemand og myndi vel eftir henni. Stern sagði að hann væri nokkuð viss um að álagið sem fylgdi því að vera raunveruleikastjarna væri oft gríðarlega mikið, en hvort það hafi átt sinn þátt í því að hún ákvað að enda líf sitt sagði hann vera óvíst.

Stern sagði jafnframt að fólk hefði tilhneigingu til þess að halda að líf annarra væri dans á rósum, sérstaklega fólks sem er mikið í sviðsljósinu. Því fer fjarri að hans sögn.

Kærasti Allemand, körfuboltakappinn Ryan Anderson, kom með yfirlýsingu þess efnis að Allemand hefði alltaf verið ljúf og brosandi. Sjálfsmorðið kom honum því í opna skjöldu og er hann alveg miður sín.



**Í SORG** Howard Stern er sorgmæddur yfir dauða Allemand.


**midi.is** Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | 2, 5, 8, 10.15(P) | 14 |
| THE WAY WAY BACK | 8, 10.10 | 12 |
| STRUMPARNIR 2 | 2, 5 2D | L |
| R.I.P.D. | 10.10 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 2, 5 2D | L |
| THE HEAT | 8 | 12 |

SAMBÍÓIN

KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 1-3:20-5:40-6:30-8-9-10:30-11:20 | 12 |
| WE'RE THE MILLERS VIP | KL. 1-3:20-5:40-8-10:30 | VIP |
| HUMMINGBIRD | KL. 8-10:20 | 16 |
| RED 2 | KL. 5:40-8-10:30 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 1-3:20 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 1-1:40-3:20-4-5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENS TAL 2D | KL. 10:30 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 5:40-8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1:40-3:40 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 1-3:20-5:40-8-10:30 | 12 |
| HUMMINGBIRD | KL. 10:30 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 1-3:20-5:40 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30-8-9-10:30 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 5:30-8-10:30 | 14 |
| RED 2 | KL. 8-10:30 | 12 |
| STRUMPARNIR 2 ÍSL TAL 3D | KL. 3 | L |
| STRUMPARNIR 2 ÍSL TAL 2D | KL. 1-3:30-5:40 | L |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 6 | 12 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 1-3:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 1-3:20-5:40-8-10-10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 3D | KL. 1-3:20-5:40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 1-3:20-5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:30-8-10:20 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 8-10:30 | 14 |
| STUMPARNIR 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1-3:20-5:40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ÍSL TAL 2D | KL. 1-3:20 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE TO DO LIST | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 5 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 8 -10.20 | L |
| THE HEAT | KL. 1 (TILBOÐ) - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 3 (TILBOÐ) - 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| WAY WAY BACK | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| GROWN UPS | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 | L |
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10.25 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði










BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

# Innblástur úr vísum

## Plötusnúðurinn Bjarki Sigurðarson spilar í kvöld.

Plötusnúðurinn Bjarki Sigurðarson, kemur í fyrsta sinn fram undir eigin nafni í hliðarsal Harlem í kvöld. Bjarki er nýkominn heim frá Amsterdam í Hollandi þar sem hann hefur verið búsettur í fjögur ár og spilað víðs vegar í Evrópu undir nafninu Kid Mistik. „Mikið af því sem ég hef verið að semja sem Kid Mistik er tengt í neðanjarðarsenuna í Amsterdam og í Berlín en sem Bjarki er allur innblástur tekinn úr draugalegum Íslendingasögum, vísum, fjöllum og náttúru,“ segir Bjarki. - fb



**BJARKI SIGURÐARSON** Plötusnúðurinn spilar í hliðarsal Harlem í kvöld.

# Dansari í Spider-Man slasaðist

## Dansari í Spider-Man-söngleik fluttur umsvifalaust á sjúkrahús í New York.

Dansari í rokksöngleiknum Spider-Man: Turn Off the Dark slasaðist illa á sviði síðastliðinn fimmtudag á Broadway. Fótur Daniels Curry festist þegar verið var að flytja sviðsmyndina til. Curry var fluttur umsvifalaust á sjúkrahús og var sýningunni aflýst.

„Gólfið lokaðist á fótlegg hans. Það þurfti sög til að saga gat á sviðið til að losa hann,“ sagði einn af sýningargestunum við New York Times.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slys verður í tengslum við söngleikinn, því árið 2010 komst dansarinn Christopher Tierney naumlega lífs af eftir að hann féll niður á sviðið úr mikilli hæð. Meðal annars höfuðkúpubrotnaði hann og braut í sér rifbein.

Bono og The Edge úr írsku hljómsveitinni U2 sömdu tónlistina við söngleikinn. - fb



**BONO OG THE EDGE** Rokkararnir úr U2 sömdu tónlistina við söngleikinn Spider-Man: Turn Off the Dark.



**DAVE CHAPPELLE** hefur undanfarna mánuði verið að mjaka sér aftur í sviðsljósið eftir nokkurra ára hlé. MYND/AP

# Hættur við að hætta í gríni

Dave Chappelle, sem er best þekktur úr þáttum sínum The Chappelle Show, var einn vinsælasti uppistandari í heimi fyrir nokkrum árum.

Chappelle tók svo þá ákvörðun að hætta í uppistandi og flutti til Afríku og lítið sem ekkert heyrðist af uppistandaranum vinsæla í nokkur ár. Nú er hann hins vegar að mjaka sér aftur í sviðsljósið og kemur meðal annars til með að vera eitt aðalnúmerið á uppistandshátíðinni The Oddball Comedy and Curiosity Festival. Chappelle ferðast um fimmtán borgir í Bandaríkjunum á hátíðinni sem byrjaði í gær, í Austin í Texas. - ósk



**MADONNA** Söngkonan hvatti aðdáendur sína til að styrkja gott málefni.

# Aðdáendur styrki Malaví

Madonna hvatti aðdáendur sína til að láta fé af hendi rakna til góðgerðarmála í tilefni af 55 ára afmæli hennar síðastliðinn föstudag. Söngkonan vonaðist til að aðdáendur hennar myndu styrkja samtökin Raising Malawi. Vinur hennar, læknirinn Eric Borgstein, hefur unnið gott starf við að lækna veik börn í Malaví.

Madonna setti mynd af vini sínum á Instagram og þakkaði fyrir afmæliskveðjurnar sem hún fékk. „Hjálpið mér að halda upp á afmælið með því að styrkja Raising Malawi fyrir eina af mínum hetjum, dr. Eric Borgstein,“ skrifaði hún.



## Einn af úrslitaleikjunum í Kópavoginum á morgun

Breiðablik tekur á móti KR í toppslag Pepsi-deildar karla á morgun en þetta er einn af fjórum leikjum 16. umferðarinnar sem eru spilaðir á sunnudaginn.
Blikar þurfa á sigri að halda ætli þeir að vera með í baráttunni um titilinn. KR með eins stig og eins leiks forskot á FH og sex stiga forskot á Stjörnunnar. Blikar eru sjö stigum á eftir KR en eiga reyndar leik inni á Vesturbæinga.
Hinir leikir dagsins hefjast bæði klukkan 17.00 (ÍA-FH og ÍBV-Víkingur Ó.) og klukkan 19.15 (Keflavík-Valur) eins og leikur Breiðabliks og KR.



## Vill færa sig yfir í karlaboltann

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands tilkynnti í gær að Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefði ákveðið að hætta sem þjálfari A-landsliðs kvenna.

Sigurður er eini þjálfarinn í sögu Íslands sem hefur farið með A-landslið á stórmót og það afrekaði hann í tvígang, árið 2009 og 2013.

„Ég er búinn að vera með liðið í sjö ár og það er kominn tími til að ég takist á við nýjar áskoranir,“ segir Sigurður Ragnar.

„Það var einnig vel við hæfi að hætta með liðið eftir þennan frábæra árangur sem við náðum á Evrópumótinu.“

Ísland komst í átta liða úrslit Evrópumótsins í Svíþjóð í sumar.

„Undanfarin ár hef ég fengið tilboð frá karlaliðum um að taka við. Einnig hef ég fengið tilboð frá kvennaliðum erlendis sem er einnig álitlegur kostur.“

Sigurður tók við íslenska landsliðinu í árslok 2006 og var því tæplega sjö ár þjálfari liðsins.

„Núna ætla ég að gefa mér smá tíma til að skoða þá möguleika sem ég hef fyrir framan mig, en ég hallast meira að því að færa mig alfarið yfir í karlaboltann.“

- sáp



**FÆRIR SIG UM SET** Sigurður er ekki hættur þjálfun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**STERKUR** Jón Arnór var seigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Enduðu á góðum sigri

**KÖRFUBOLTI** Ísland sigraði Rúmeníu 77-71 í hreinum úrslitaleik um annað sæti A-riðils í undankeppni Evrópumeistaramótsins í körfubolta 2015.

